

skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Gólfefni




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
29. september 2010
228. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

# Geir einn ákærður

**Geir H. Haarde er eini ráðherrann sem verður ákærður og dreginn fyrir landsdóm. Geir sakar Samfylkinguna um pólitísk hrossakaup. Formaður Samfylkingarinnar neitar því. Formaður VG vill ekki blanda sér í umræðuna um hvað réði ákvörðun einstakra þingmanna.**



EINN Á SAKAMANNABEKK Úrslit atkvæðagreiðslnanna á Alþingi runnu yfir skjáinn í fréttum Stöðvar 2 á meðan Geir H. Haarde ræddi við blaðamann Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**STJÓRNMÁL** Alþingi samþykkti í gær að Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, verði ákærður og dreginn fyrir landsdóm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, verða ekki ákærð.

Samfylkingin klofnaði í málinu. Átta samfylkingarmenn af tuttugu greiddu atkvæði með því að ákæra Geir. Ólína Þorvarðardóttir og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir vildu ákæra alla nema Ingibjörgu Sólrúnu en Helgi Hjörvar og Skúli Helgason greiddu einungis atkvæði með því að ákæra Geir. Þeim þótti ekki ástæða til að ákæra Árna, Björgvin og Ingibjörgu Sólrúnu.

Geir segir niðurstöðuna mikil vonbrigði.

„Öll þessi ákæra, og allt þetta mál af hálfu meirihlutans í þessari þingmannanefnd, er á sandi byggt," segir Geir. „Ef niðurstaða landsdómsins verður síðan sú að sýkna mig þá tel ég að allir þeir sem samþykktu þessa ákæru þurfi mjög verulega að athuga sinn gang og hugsa sína stöðu upp á nýtt."

Hann segir málið augljóslega pólitískt.

„Samfylkingin passar greinilega upp á sitt fólk, eins og kom fram í þinginu, og menn skáskjóta sér á milli manna við atkvæðagreiðslur til þess að koma tilteknum aðilum í skjól. Ég tel að það hvernig þetta mál endaði í þinginu afhjúpi algjörlega hið pólitíska eðli þessarar ákæru og tel að lítill sómi sé að því fyrir þá sem að þessu hafa staðið."

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, aftekur með öllu að pólitískar línur hafi verið dregnar. Spurð hvort Samfylkingin hafi gert pólitíska aðför að Geir H. Haarde segir hún að sumir telji að svo sé. „Ég hef alla tíð gagnrýnt landsdóm fyrir að hann gæti boðið upp á slíkt," segir Jóhanna. „En í okkar þingflokki var það þannig að hver og einn tók ákvörðun fyrir sig. Niðurstaðan var ekki í samræmi við það sem ég lagði til."

> „Ég tel að það hvernig þetta mál endaði í þinginu afhjúpi algjörlega hið pólitíska eðli þessarar ákæru og tel að lítill sómi sé að því fyrir þá sem að þessu hafa staðið.
>
> GEIR H HAARDE
> FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir Vinstri græn hafa verið samkvæm sjálfum sér í atkvæðagreiðslunni. Hann vilji ekki blanda sér umræður um hvað liggi að baki ákvörðunum einstakra þingmanna. „Ég ætla bara að vona að þingmönnum, sem flestum, líði vel með það hvernig þeir greiddu atkvæði. Það er ekki gaman að sjá jafn mætan mann og Geir standa í þessum sporum."

Skúli rökstyður ákvörðun sína með þeim hætti að Geir hafi haft upplýsingar, aðstöðu og völd til þess að bregðast við því válega ástandi sem hér myndaðist. Ekki eigi það einungis við um hans eigin ríkisstjórn heldur einnig sem fjármálaráðherra frá 1998.

Ólína undrast gagnrýni Geirs. „Geir talar um mig sem pólitískan loddara en særður maður segir ýmislegt og ég ætla ekkert að skattyrðast við hann um þetta mál. Einhvern tímann orðaði hann það þannig að það væri ekki rétt að persónugera vandann og ég vona að hann falli ekki sjálfur í þá gryfju núna."

- shá, sh, th / sjá síður 8 til 13

Fréttablaðið er með 201% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

## Fórnar öllu

*Líney Inga Arnórsdóttir fékk draumastarfið í Bandaríkjunum.*

**fólk** 34






## 21 árs liðið gengur fyrir

*Ólafur Jóhannesson, A-landsliðsþjálfari, er ósáttur með ákvörðun stjórnar KSÍ.*

**sport** 30

## Gagnrýnið samfélag

*Ungmenni fá kynningu um réttindi sín í samfélaginu frá laganemum.*

**tímamót** 18



Tilfinningarík!
Ný bók eftir Önnu B. Ragde






## SPURNING DAGSINS



*Hrönn, var þessi fundur algjört bíó?*

„Já, þetta var svona súrrealískt bíó.“

Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri kvikmyndahátíðarinnar RIFF, var kölluð á fund í kínverska sendiráðinu þar sem hún var beðin um að taka heimildarmynd um Tíbet úr sýningu á hátíðinni. Hrönn varð ekki við þeirri bón Kínverja.

Strætóbílstjóri kastaðist yfir þveran vagn eftir árekstur við bíl smyglara sem flúði undan tollvörðum:

# Á flótta með sterkt áfengi og tóbak

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á miðjum aldri reyndi að flýja starfsmenn tollgæslunnar á bíl hlöðnum af smyglgóssi í gærmorgun. Hann staðnæmdist ekki fyrr en hann ók í veg fyrir strætisvagn og við leit í bílnum fundu tollverðir talsvert magn af sterku áfengi og töluvert af tóbaki.

Það var á sjöunda tímanum í gærmorgun sem tollgæslan veitti jeppabifreið eftirför frá Sundahöfn í Reykjavík. Maðurinn, sem er skipverji á vöruflutningaskipinu Goðafossi í eigu Eimskips, var að koma út af athafnasvæði skipafélagsins þegar eftirförin hófst. Skipið hafði komið frá Evrópuhöfn um hálf ellefu í fyrrakvöld og er talið að maðurinn hafi verið að sækja smyglgóssið um borð í skipið þegar eftirförin hófst.



**GOÐAFOSS** Maðurinn sem tollgæslan veitti eftirför hefur unnið sem skipverji á Goðafossi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tollverðir á einum bíl reyndu ítrekað að fá manninn til þess að stöðva bifreiðina með merkjagjöf en án árangurs. Flóttatilraunin endaði með því að hann missti stjórn á bifreiðinni á gatnamótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar með þeim afleiðingum að hann ók yfir umferðareyju og í veg fyrir strætisvagn. Ökumaður strætisvagnsins kastaðist yfir þveran vagninn og þar ofan í gólf. Flytja þurfti hann og hinn meinta smyglara með sjúkrabíl á bráðamóttöku slysadeildar í Fossvogi til aðhlynningar. Meiðsl þeirra munu ekki hafa verið alvarleg.

Tollstjóri hafði haft samband við Eimskip og var tjáð að tekið yrði á málinu í samvinnu við tollgæsluna. Ekki var hægt að fá upplýsingar um magn smyglsins í gær, þar sem rannsókn var nýhafin, en nemi sektin fyrir það meira en 300 þúsund krónum verður málið sent lögreglu til rannsóknar. Ella afgreiðir tollgæslan það. -jss



**KEYPT Í MATINN** Styrking krónu og minni eftirspurn veldur því að hratt hefur dregið úr verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Engin breyting milli mánaða:

## Verðbólga ekki lægri í þrjú ár

**EFNAHAGSMÁL** Vísitala neysluverðs er óbreytt frá í síðasta mánuði og lækkaði verðbólga við það úr 4,5 prósentum í 3,7 prósent. Þetta er meiri verðbólgulækkun en búist var við. Hún hefur ekki verið lægri í rúm þrjú ár.

Greining Arion banka segir ekki um tilviljun að ræða. Styrking krónunnar og takmörkuð eftirspurn hafi verið að skila sér inn í verðlagið.

Deildin spáir því að enn muni draga úr verðbólgu á næstu mánuðum og hún verði undir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiðum Seðlabankans, jafnvel þótt gjaldskrárhækkun Orkuveitunnar í nóvember muni setja strik í reikninginn. -jab

Eftirspurn eftir góðmálmum:

## Verð á gulli aldrei hærra

**VIÐSKIPTI Heimsmarkaðsverð á gulli fór í fyrsta skiptið yfir 1.300 dollara á únsuna í byrjun vikunnar. Verð á silfri fylgir í kjölfarið en það hefur hækkað um 30 prósent á árinu.**

**Sérfræðingar reikna með að gullverðið haldi áfram að hækka og fari í 1.315 til 1.325 dollara á únsuna í náinni framtíð. Þá spá sumir því að gullverðið fari yfir 1.400 dollara á næsta ári.**

**Verð á silfri fór í 21,61 dollar á únsuna í fyrradag og hefur ekki verið hærra í 30 ár.**

# Fundu klifurlínu á afar torfarinni leið

**Kanna á hvort klifurlína sem fannst í vesturhlíð Hvannadalshnjúks kunni að vera frá Þjóðverjum sem týndust hér á landi í ágúst 2007. Aðstæður eru afar erfiðar og bíða lögregla og Landsbjörg færis að kanna málið nánar.**

**SLYSFARIR** Lögregla og Slysavarnafélagið Landsbjörg skipuleggja leit vegna nýrra vísbendinga sem kunna að tengjast hvarfi tveggja þýskra ferðamanna í ágúst 2007.

Um miðja síðustu viku klifu tveir félagar í Íslenska alpaklúbbnum afar fáfarna leið upp vesturhlíð Hvannadalshnjúks. Á leiðinni rákust þeir á klifurlínu skorðaða á milli kletta og eru uppi vangaveltur um að hún kunni að vera eftir þýsku ferðamennina. Leiðin er afar hættuleg og ófær nema á haustin.

Björgvin Hilmarsson, annar mannanna sem fór upp vesturhlíðina, segir ekki vitað um nema einn Íslending annan sem farið hafi svipaða leið upp. Línan sé ekki frá honum. Þá hafi hún ekki verið mikið veðruð og því ljóst að hún sé ekki margra ára gömul.



**BJÖRGVIN HILMARSSON**

Aukinheldur segir Björgvin vel haldið utan um það hverjir séu á ferð á nýjum klifurleiðum. „Þetta klifursamfélag er mjög lítið og það kannast enginn við að hafa verið þarna áður,“ segir hann og bætir við að auk þess að vera hættuleg, þá sé ekki hlaupið að því að komast á klifurstaðinn. „Við lögðum upp klukkan sex á miðvikudagsmorguninn og gengum í sjö tíma til að komast á staðinn.“

Björgvin segir að þeir félagarnir hafi metið aðstæður svo að þeir gætu ekki kannað málið frekar, en yfir hangir gríðarstór íshengja sem iðulega hrynur úr. Þeir hafi farið upp núna af því hrun sumarsins sé að baki, en löngu farið að frysta við hnjúkinn og ekki mikið farið að snjóa.



**TJÖLDIN FUNDIN** Tjöld Þjóðverjanna tveggja sem leitað var í ágúst 2007 fundust á Svínafellsjökli á svipuðum slóðum og nú hefur fundist klifurlína í hlíðum Hvannadalshnjúks. MYND/SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

### Umfangsmikil leit

Formleg leit að Þjóðverjunum tveimur, sem hétu Thomas Gundt og Matthias Hinz, hófst 21. ágúst 2007. Þeir höfðu átt pantað flugfar heim þrem dögum fyrr. Þann 25. fannst tjald þeirra uppi á Svínafellsjökli, undir þeim stað þar sem klifurlínan fannst núna. Leitinni, sem er einhver sú umfangsmesta sem hér hefur verið ráðist í, var hætt daginn eftir að tjaldið fannst.

Einar Sigurjónsson, lögreglumaður á Höfn í Hornafirði, staðfestir að kanna eigi málið með liðsinni Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hann áréttar hins vegar að ekkert sé enn hægt að gefa sér um frá hverjum línan sé komin og alls óvíst að hún sé eftir Þjóðverjana tvo.

Einar segir að snjóað hafi stanslaust uppi á jökli síðan um helgi og engar aðstæður til að fara til leitar og raunar alls óvíst að hægt verði að fara fyrr en undir haust á næsta ári. „Þarna uppi er kominn grimmdarvetur og erfiðar aðstæður. Menn stökkva ekki þarna upp bara að gamni sínu,“ segir hann, en kveður málið skoðað í fullri alvöru.

olikr@frettabladid.is

Könnun um trúmál:

## Trúlausir vita mest um trúna

**BANDARÍKIN Samkvæmt nýrri rannsókn vita guðleysingjar og efahyggjumenn meira um trúmál en trúað fólk.**

**Það var bandarísk rannsóknarstofnun um trúmál, The Pew Forum on Religion and Public Life, sem gerði könnunina. Þrjátíu og tvær spurningar voru lagðar fyrir rúmlega 1.400 manns.**

**Að meðaltali svaraði fólk helmingi spurninganna rétt, en hinir trúlausu svöruðu 20,9 spurningum rétt. Næst komu gyðingar og mormónar, með 20,5 og 20,3 rétt svör, en þar á eftir komu kristnir menn, bæði kaþólskir og mótmælendur.** - gb

Icelandair-hótel á Akureyri:

## Hótel í gamla Iðnskólanum

**AKUREYRI** Hótel á vegum Icelandairhótela verður opnað í gamla Iðnskólanum við Þingvallastræti á Akureyri þann 1. júní á næsta ári. Félagið hefur leigt húsnæðið til tuttugu ára. 63 herbergi verða tekin í gagnið á næsta ári og 38 til viðbótar árið 2012.

Í tilkynningu segir Magnea Þórey Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri að félagið hafi lengi haft áhuga á að opna hótel á Akureyri. Áformað er að gera garð við hótelið sem stendur við tjaldstæðið í bænum.

Icelandairhótelið á Akureyri verður hið áttunda í keðjunni. - bþs

**STJÓRNMÁL**

### Ríkisráð fundar í dag

Reglulegur fundur ríkisráðs verður haldinn á Bessastöðum í dag. Á honum verða afgreiðslur sem fallist hefur verið á endurstaðfestar, eins og segir í tilkynningu frá ríkisráðsritara.




Hér stefnir í að verði til leigumarkaður íbúðarhúsnæðis að norrænni fyrirmynd:

# Peningarnir leita á fasteignamarkað

**EFNAHAGSMÁL** Gert er ráð fyrir að fasteignamarkaður standi í stað í nýrri hagspá greiningardeildar Arion banka. „Hann gæti þó tekið við sér fyrr en við gerðum ráð fyrir,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar. Þar segir hann gæta áhrifa þess hversu mikið magn peninga sé í umferð í bankakerfinu án þess að vænlegir fjárfestingarkostir séu í boði. „En framboðið er svo mikið að fasteignamarkaðurinn hækkar ekki mikið,“ segir hann.

Ásgeir telur hins vegar ljóst að hér stefni í að verði til leigumarkaður húsnæðis að norrænni fyrirmynd. „Það er enginn hlutabréfamarkaður þannig að næsti markaður verður öruggleg fasteignamarkaður,“ segir hann og kveður útleigu á fasteignum virðast orðinn þokkalegan kost. „En ég er ekki að segja að það verði nein bóla, því að framboðið er svo mikið. Við munum hins vegar sjá þróun í þá átt að venjulegt fólk stýri fram hjá mikilli skuldsetningu með íbúðakaupum og velji fremur að leigja,“ segir hann og telur um margt hollara fyrir hagkerfið að ungt fólk byggi upp eiginfjárgrunn í leiguhúsnæði, til fasteignakaupa síðar, fremur en að taka mikil lán. - óká



**VIÐ TJÖRNINA** Háir vextir hafa komið niður á eignamyndun í íbúðarhúsnæði, segir Ásgeir Jónsson hagfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Fjölskyldur þrífast í þorpum og bæjum
með þjóðlegum torgum og nýmóðins græjum.
Í tignum faðmi fjalla liggja.
Firði, dali, strandir byggja.
**– Okkar hlutverk er að tryggja.**
Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

## GENGIÐ 28.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,19 | 114,73 |
| Sterlingspund | 181,16 | 182,04 |
| Evra | 153,73 | 154,59 |
| Dönsk króna | 20,628 | 20,748 |
| Norsk króna | 19,277 | 19,391 |
| Sænsk króna | 16,636 | 16,734 |
| Japanskt jen | 1,3563 | 1,3643 |
| SDR | 176,45 | 177,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,8471

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rússlandsforseti fékk nóg af Júrí Luzhkov, borgarstjóra Moskvu, og sagði honum upp eftir átján ár í embætti:

# Segir trúnaðarbrest skýra brottrekstur

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti hefur rekið Júrí Luzhkov, borgarstjóra Moskvu. Medvedev sagði trúnaðarbrest vera skýringuna á brottrekstrinum.

Brottreksturinn er sagður hafa legið lengi í loftinu, en Luzhkov þáði ekki boð um að segja af sér sjálfur.

Luzhkov, sem er 74 ára, hefur verið borgarstjóri Moskvu í 18 ár. Það var þáverandi forseti, Boris Jeltsín, sem fékk hann fyrst í embættið. Þeim kom vel saman, en stirðara var á milli hans og



JÚRÍ LUZHKOV

Vladimírs Pútíns, sem var forseti Rússlands 2000 til 2008.

Pútín umbar engu að síður Luzhkov, enda var borgarstjórinn duglegur og kraftmikill, sem virtist henta vel umdeildum stjórnstíl Pútíns.

Dugnaður Luzhkovs birtist meðal annars í því að hann gerði borgina nútímalegri, lét endurnýja og fegra götur og hús og naut fyrir vikið mikilla vinsælda meðal almennings.

Þessar vinsældir öfluðu einnig stjórnarflokknum, Sameinuðu Rússlandi, verulegs fylgis í þingkosningum, enda var Luzhkov einn af stofnendum flokksins. Af þessum sökum hafa stjórnvöld landsins ekki viljað hrófla við honum fyrr en nú.

Á hinn bóginn hefur hann verið sakaður um að misnota embættið til að auðgast persónulega, og eiginkona hans reyndar sögð enn gröfari í þeim efnum. Hann aflaði sér einnig mikilla óvinsælda í sumar, þegar eldarnir miklu geisuðu í næsta nágrenni Moskvu og kæfðu borgarbúa í reyk, því Luzhkov var á ferðalagi í Austurríki og sá ekki ástæðu til að flýta för sinni heim.

Luzhkov hafði einnig slæmt orð á sér vegna þeirrar hörku sem hann hefur jafnan sýnt samkynhneigðum. Hann hefur ítrekað bannað þeim að halda gleðigöngur á götum Moskvu og farið ófögrum orðum um samkynhneigð. **- gb**



**FYRRUM BANKASTJÓRI** Marner Jacobsen, bankastjóri Eik banka, hætti í vikunni þegar gat sást í bókhaldi bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eik banki í fjárhagsvanda:

## Þarf að útvega milljarð króna

**VIÐSKIPTI** Danska fjármálaeftirlitið telur áhættustýringu hjá Eik banka í Færeyjum mjög ábótavant og hefur krafist þess að eiginfjárhlutfall bankans verði hækkað í 35,4 prósent þar sem útlit sé fyrir gríðarlegar afskriftir á dönskum fasteignalánum.

Eik banki þarf jafnframt að útvega sér samtals 2,6 milljarða danskra króna, jafnvirði fimmtíu milljarða króna, fyrir mánaðamótin ætli hann að halda sér á floti þegar ríkisábyrgð danskra yfirvalda rennur út. **- jab**

Gengið til góðs á laugardag:

## Óska eftir 3.000 sjálfboðaliðum

**SÖFNUN Rauði kross Íslands óskar eftir 3.000 sjálfboðaliðum um allt land laugardaginn 2. október til að Ganga til góðs. Markmiðið með göngunni er að virkja tæpt eitt prósent af íslensku þjóðinni til að sameinast um eitt málefni og leggja sitt af mörkum til að byggja betri heim.**

**Söfnunin í ár er fyrir börn og ungmenni í Malaví sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis og Síerra Leóne þar sem um er að ræða verkefni fyrir stríðshrjáð börn og endurhæfingu barnahermanna. - sv**

# Krefjast ferðafrelsis í Vatnajökulsþjóðgarði

**Ferðaþjónustufólk, hestamenn, skotveiðimenn og jeppafólk mótmæla í Vonarskarði um helgina áformum um lokun á aðra en göngumenn um Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði. Umhverfisráðherra íhugar hvort gera eigi breytingar.**

**UMHVERFISMÁL** Fjölmargir aðilar í ferðaþjónustu og útivist eru afar ósáttir við verndaráætlun sem stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur lagt fyrir umhverfisráðherra til staðfestingar.

Meðal þess sem stendur fyrir dyrum er að loka ýmsum leiðum fyrir ökutækjum og reiðhestum, meðal annars um Vonarskarð milli norðvestanverðs Vatnajökuls og Tungnafellsjökuls. Þetta angrar ýmsa ferðaþjónustuaðila, hestamenn, veiðimenn, jeppamenn og aðra útivistarmenn. Næsta laugardag vonast þessir hópar eftir þúsundum manna til að taka þátt í mótmælum við Vonarskarð undir yfirskriftinni „Jarðarför á ferðafrelsi Íslendinga“.

Unnar Garðarsson, sem rekur ferðaþjónustuna Óbyggðaferðir og er meðal annars með ferðir um Vonarskarð, býður mótmælendum fría gistingu í Hólaskógi um helgina. „Það á að loka fyrir akandi umferð og reiðmönnum gömlum og viðurkendum slóðum og vegum sem ferðamenn á Íslandi hafa notað í tugi ára,“ segir Unnar. Hann telur orðið verndaráætlun vera rangnefni. Mótmælin snúist um að bjarga þjóðgarðinum.

„Þetta snýst ekki um verndarsjónarmið heldur lítur út fyrir að þetta séu nokkrir menn sem vilja geta komist þarna með gönguhópa og gengið um heilu víðátturnar í algjörri kyrrð og þögn,“ segir Unnar.

Landssamband hestamanna er meðal hundraða aðila sem sendu inn athugasemdir við upphaflega

### Vatnajökulsþjóðgarður




Að því er segir á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs er eitt helsta hlutverk þjóðgarðsins að gera almenningi kleift að njóta hans í gegnum upplifun og fræðslu.

áætlun stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Einar Bollason, eigandi Íshesta, segir stjórnina nánast ekkert tillit taka til athugasemdanna. „Og þeir leyfa sér að svara þeim öllum með einhverju stöðluðu bréfi. Önnur eins ókurteisi af stjórnskipunarvaldi hefur bara aldrei sést hér – og kalla menn þó ekki allt ömmu sína í þeim efnum,“ segir Einar.

Að sögn Einars er hann sérlega vonsvikinn því hann hafi verið meðal þeirra sem hvatti til stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Þá hafi verið rætt um breytt hugarfar og að koma þyrfti til móts við þarfir heimamanna og ferðaþjónustunnar. „Öll þessi fögru orð og fyrirheit eru einskis virði í dag,“ segir Einar sem vill að stjórnvöld svari þeirri grundvallarspurningu hvort þjóðgarðar eigi eingöngu að vera fyrir gangandi fólk. „Ef svo er þá geta þeir troðið þessum þjóðgarði upp í afturendann á sér.“

Hvorki Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, né Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra svöruðu skilaboðum Fréttablaðsins. Samkvæmt upplýsingum úr umhverfisráðuneytinu hafa margir gert athugasemdir við ráðherrann vegna tillögunnar og íhugar Svandís nú hvort gera þurfi á henni breytingar áður en hún staðfestir áætlunina.

**gar@frettabladid.is**

Réðist á fyrrverandi kærustu:

## Flúði lögreglu undir áhrifum

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn á mánudag fyrir að ryðjast vopnaður inn á heimili fyrrverandi kærustu sinnar í Hveragerði. Maðurinn flúði en var stöðvaður af lögreglunni í Reykjavík við Rauðavatn.**

**Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær. Talið er að hann hafi ruðst vopnaður inn á heimili konunnar og unnið henni mein. Þá á maðurinn að hafa valdið einhverjum skemmdum innandyra. Að auki er hann grunaður um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.**



**GRANDI Á VOPNAFIRÐI** Búið að frysta tólf þúsund tonn af síldar- og makrílafurðum í sumar. MYND/HBGRANDI

Vertíð styttist í síld og makríl:

## HB Grandi að ljúka veiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Vertíðarlok á norsk-íslenskri síld og makríl eru skammt undan. Um svipað leyti í fyrra var síldveiðin að fjara út innan íslenskrar lögsögu en veiðar voru þá stundaðar áfram um skeið í síldarsmugunni og síðan innan norskrar lögsögu.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, hjá HB Granda, vonast til þess að hægt verði að stunda veiðar í þrjár til fjórar vikur til viðbótar. Eftirstöðvar kvóta HB Granda eru um 7.500 tonn af síld og rúmlega þúsund tonn af makríl. **- shá**

kostur
Spörum og njótum lífsins
Opið alla daga 10-20
Hana Nú
Ferskur kjúklingur á tilboði á miðvikudögum
Kostur
Ferskur kjúklingur
489 kr/kg
Aðeins 3 stk. á körfu.
Gildir meðan birgðir endast
*Kjúklingurinn er nýslátraður í neytendaumbúðum
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook



## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LEIÐINDAVEÐUR**
Það verður leiðinlegt veður sunnan og vestan til í dag. Sunnanlands má búast við talsverðri rigningu fram á kvöld en suðvestan- og vestanlands verður víða allhvasst eða hvassviðri en það er varað við snörpum vindhviðum.



**Á MORGUN**
5-10 m/s.

**FÖSTUDAGUR**
Stíf norðaustanátt SA til annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 25° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 13° |
| París | 19° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

1970 - 2010 TOYOTA Á ÍSLANDI

TOYOTA

# Nýr Auris
## Hybrid Synergy Drive®




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 51508 09/10

## Finndu orkuna – aftur

Við kynnum nýjan Auris HSD, hugvitsamlegan bíl með tvo orkugjafa, bensínvél og rafmótor. Hann endurnýtir orkuna í akstri svo að afköstin verða meiri og hann eyðir ótrúlega litlu. Fáðu að vita meira á toyota.is/auris

HYBRID SYNERGY DRIVE

ENDURNÝTIR ORKU

136 DIN HÖ VINNUR VEL

89g $CO_2$/km MENGAR MINNA

3.8L /100km SPARAR BENSÍN

www.toyota.is

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Today Tomorrow Toyota

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú borðað þína eigin bráð?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,3% |
| NEI | 40,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við þá ákvörðun Alþingis að ákæra skuli Geir H. Haarde fyrir Landsdómi?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Kim Jong Il endurkjörinn leiðtogi en sonur hans gerður að herforingja:

# Völdin innan fjölskyldunnar

**NORÐUR-KÓREA, AP** Ljóst þykir að Kim Jong Un taki við af föður sínum, Kim Jong Il, sem leiðtogi Norður-Kóreu þegar fram líða stundir. Varla gerist það þó fyrr en faðirinn fellur frá, en heilsu hans hefur hrakað á allra síðustu árum.

Kim Jong Il, sem er yngstur þriggja sona leiðtogans, var gerður að herforingja á mánudag, daginn áður en landsþing Kommúnistaflokks landsins var haldið.

Slíkt þing var síðast kallað saman árið 1980, þegar Kim Il Sung, stofnandi ríkisins og þáverandi leiðtogi, kynnti son sinn til sögunnar. Kim Jong Il tók þó ekki við völdum fyrr en fjórtán árum síðar þegar faðir hans lést.



**FJÖLSKYLDUBÖND** Kim Il Song, stofnandi Norður-Kóreu, Kim Jong Il, sonur hans og arftaki, og loks Kim Jong Un, sem að öllum líkindum fær að taka við valdataumunum. NORDICPHOTOS/AFP

Höfuðborgin Pjongjang var í hátíðarbúningi í gær. Kim Jong Il var endurkjörinn í embætti framkvæmdastjóra flokksins og þar með æðsta leiðtoga landsins.

Ríkisfjölmiðlarnir í Norður-Kóreu gáfu ekki frekar upp hvað fram fór á landsfundinum. Stjórnmálaskýrendur segja frama sonarins stærstu tíðindin sem borist hafa frá landinu síðan Kim Il Sung lést. **- gb**

Aurskriða kaffærir þorp:

# Hundruð talin hafa látið lífið

**MEXÍKÓ, AP** Óttast er að 500 til þúsund manns hafi farist þegar aurskriður féllu úr fjallshlíð í Mexíkó í fyrrinótt.

Skriðan kaffærði nokkur hundruð hús í litlu sveitaþorpi sem heitir Santa Maria de Tlahuitoltepec.

„Það hefur rignt mikið, fljót hafa flætt yfir bakka sína og það hefur verið erfitt að komast á svæðið vegna þess að skriðurnar eru á vegunum," segir Ulises Ruiz, ríkisstjóri í Oaxaca-héraði. **- gb**

Húsleit í Breiðholti:

# Maður játaði sölu fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefni fundust við húsleit í fjölbýlishúsi í Breiðholti síðastliðinn föstudag. Um var að ræða nokkur hundruð grömm af marijúana. Á sama stað var einnig lagt hald á stera og töluvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu.

Húsráðandi, karlmaður á þrítugsaldri, var handtekinn. Hann hefur játað að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu og telst málið upplýst. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.

Lögregla minnir á fíkniefnasímann 800-5005. **- jss**

Áratugir í friðarsamninga:

# Þarf að skipta landsvæðum

**ÍSRAEL, AP Avigdor Lieberman, varaforsætisráðherra og utanríkisráðherra Ísraels, segir áratugi geta liðið áður en friðarsamningar takast við Palestínumenn.**



**AVIGDOR LIEBERMAN**

**Áður en endanleg lausn finnist þurfi að gera bráðabirgðasamkomulag, sem fæli í sér skipti á landsvæðum milli Ísraela og Palestínumanna, sagði hann í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York.**

**Í ísraelskum fjölmiðlum er haft eftir Marwan Barghouti, háttsettum Palestínumanni sem situr í fangelsi í Ísrael, að Ísraelum sé varla alvara með þátttöku sinni í samningaviðræðum.**

**Palestínumenn segjast ekki eiga annars úrkosta en að hætta friðarviðræðum ef byggingaframkvæmdum ísraelskra landtökumanna verður ekki hætt. - gb**



**KÍLÓVERÐ** Aðeins verður gefið upp kílóverð á kjötvörum, ostum og fleiri vörutegundum í Bónus eftir 1. mars næstkomandi að sögn framkvæmdastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Viðskiptavinir reikni út kjötverðið sjálfir

**Nákvæmar verðmerkingar á kjötvörum munu hætta á næsta ári, samkvæmt framkvæmdarstjóra Bónuss. Neytendur þurfi sjálfir að reikna út verð út frá kílóverði og þyngd. Óheimilt samkvæmt lögum, segir forstjóri Neytendastofu.**

**NEYTENDUR** „Verslunin á að sjá til þess að verðmerkja viðkomandi vöru með hillumiða með uppgefnu kílóverði. Þá þarf neytandinn að margfalda í huganum hvað varan kostar frammi á kassa," segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss. „Varðandi afslætti við kassa, þá munu þeir einnig hætta."

Á mánudag féllust Hagar á að greiða 270 milljónir í sekt fyrir brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að verslanir Bónuss, í eigu Haga, hafi átt í samráði við átta kjötframleiðendur um verðlagningu á kjötvörum, með því að verðmerkja vörurnar áður en þær koma í verslanir.

Frá 1. desember næstkomandi verður Bónus óheimilt að taka við forverðmerktum kjötvörum sem seldar eru í stykkjatali. Eftir 1. mars 2011 verður óheimilt að taka við öllum forverðmerktum vörum.



**TRYGGVI AXELSSON**



**GUÐMUNDUR MARTEINSSON**

Þá er um að ræða allar kjötvörur og einnig osta í stykkjatali, segir Guðmundur.

Hann segir þetta leiða af sér að Bónus muni einungis gefa upp kílóverð og þyngd viðkomandi vöru, en ekki útreiknað verð. Bónus hafi verið sektað fyrir fyrirkomulag sem hafi verið við líði á markaðnum löngu fyrir opnanir verslananna árið 1989. Hann telur Samkeppniseftirlitið vera að leggja til atlögu gegn fyrirtækinu.

„Þetta mál er með ólíkindum og öll umræða á þann veg að reynt er að gera Bónus tortryggilegt í augum neytenda," segir Guðmundur.

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, segir þessar áætlanir Bónuss um verðmerkingar stangast á við lög. Hann segir að verslunum beri samkvæmt lögum að birta þyngd, kílóverð og endanlegt verð hverrar vöru fyrir sig. Tryggvi fagnar aðgerðum Samkeppniseftirlitsins og segir Neytendastofu hafa beðið eftir ákvörðuninni.

„Það hefur að okkar mati verið ótækt ástand að endanlegt verð til neytenda hefur ekki verið á vörunum eins og lög og reglur mæla fyrir um," segir Tryggvi. „Neytendur hafa þurft að beita stöðugum hugarreikningi til að finna út hið endanlega verð vörunnar þegar þeir eru að gera sitt upplýsta val." **sunna@frettabladid.is**

Neyðarlegt mál fyrir dómi:

# Sýning fyrir luktum dyrum

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt að þinghald skuli lokað meðan fram fer í dómsal sýning á myndbandsupptökum af konu, sem sýna hana nakta og í verulegu uppnámi. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður úrskurðað að allt þinghaldið skyldi fara fram fyrir luktum dyrum.**

**Í úrskurði héraðsdóms segir að krafa um lokað þinghald sé rökstudd með því að málið sé neyðarlegt fyrir konuna. Myndbandið eigi ekkert erindi til almennings. Konan sé meðal annars ákærð fyrir að hafa ráðist gegn valdstjórninni með brjóstahaldara sínum. - jss**



**Á AÐ KÍKJA INN?** Gestum Tívolísins í Kaupmannahöfn fækkaði um tvö hundruð þúsund á milli ára í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Færri gestir í danska Tívolíið:

# Færri fóru út í leiðindaveður

**VIÐSKIPTI** 2,6 milljónir gesta heimsóttu Tívolíið í Kaupmannahöfn í Danmörku í sumar. Þetta eru tvö hundruð þúsund færri gestir en komu þangað í fyrrasumar.

Í tilkynningu frá eigendum Tívolísins til dönsku kauphallarinnar kemur fram að veðrið hafi átt mestan þátt í samdrættinum enda hafi vorið verið í kaldara lagi og sumarið vætusamara en í fyrra.

Þar er jafnframt haft eftir Claus Dyhr, fjármálastjóra Tívolísins, að þrátt fyrir samdráttinn hafi hver gestur eytt meiru fé í afþreyingu í garðinum en fyrri ár og vegi það upp fækkun gesta. **- jab**




Svarar bankinn þinn þér á **fimm sekúndum?**

Tími viðskiptavina okkar er dýrmætur. Samkvæmt mælingum í ágúst svaraði þjónustuver MP banka 58% símtala á innan við 5 sekúndum.

**Hafðu samband í síma 540 3200 og skiptu yfir í betri bankaþjónustu.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

– eins og banki á að vera


HALLGERÐUR „LANGBRÓK“
HÖSKULDSDÓTTIR
Einn mesti kvenskörungur sem sögur fara af á Íslandi. Hún þótti kvenna fegurst en að sama skapi stórlynd og óstýrilát.
Þegar lífið er óútreiknanlegt þá er gott að vera ánægður með tryggingafélagið sitt.
ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIR TRYGGINGAFÉLAGA ERU HJÁ VERÐI
Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í fyrirtækjatryggingar.
EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF
vörður

LANDSDÓMUR

# Skýrslan samþykkt



ATLI GÍSLASON

Alþingi samþykkti í gær með 63 atkvæðum skýrslu þingmannanefndarinnar, undir formennsku Atla Gíslasonar.

Skýrslan er viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá í apríl. Hún inniber þingsályktunartillögu þar sem meðal annars er lagt til að lífeyrissjóðirnir og sparisjóðirnir verði rannsakaðir og að stjórnsýsluúttekt verði gerð á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum. Þá er lagt til að fjöldi laga, auk stjórnarskrárinnar, verði tekinn til endurskoðunar.

Ályktað er um ýmis atriði. Meðal annars á þann veg að skýrsla rannsóknarnefndarinnar sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu. Einnig að stjórnendur og eigendur fjármálafyrirtækja beri mesta ábyrgð á bankahruninu. - bþs



SALUR HÆSTARÉTTAR Líklegast er að landsdómur komi saman í húsakynnum Hæstaréttar við Arnarhól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Óljóst hvenær landsdómur hefur störf

**Dómþing landsdóms á að halda í heyranda hljóði. Það fer væntanlega fram í húsi Hæstaréttar. Vitni verða leidd fyrir dóminn. Alþingi kýs saksóknara og fimm manna þingnefnd til að fylgjast með og vera saksóknara til aðstoðar.**

Saksóknari í málsókn Alþingis gegn Geir H. Haarde verður kosinn í fyrsta lagi á þriðjudag. Um leið verður kosin sérstök fimm manna þingnefnd sem á að fylgjast með málinu og vera saksóknaranum til aðstoðar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er líklegt að þingmannanefndinni, undir formennsku Atla Gíslasonar, verði falið að bera upp tillögu um saksóknara.

Þingnefndin verður að líkindum kosin hlutfallskosningu í samræmi við þingstyrk flokkanna. Í því felst að Samfylkingin fær tvö nefndarsæti og VG, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eitt sæti hver.

Í landsdómi sitja fimmtán dómendur: Fimm Hæstaréttardómarar, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, prófessor í stjórnskipunarrétti við HÍ og átta menn kjörnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er forseti landsdóms. Málsaðilar geta báðir krafist þess að dómari víki sæti vegna vanhæfis.

Sókn málsins er, samkvæmt lögum um landsdóm, bundin við kæruatriðin sem tiltekin eru í þingsályktunartillögunni sem þingið samþykkti í gær. Saksóknara ber skylda til að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum. Um störf sín hefur hann samráð við saksóknarnefnd Alþingis.

Dómþing landsdóms á að vera opið en dómurinn getur ákveðið að þinga fyrir luktum dyrum telji hann til þess sérstakar ástæður, svo sem vegna hagsmuna ríkisins.

Búist er við að landsdómur þingi í húsakynnum Hæstaréttar.

Óvíst er hvenær dómurinn hefur störf. Ræðst það af framvindunni næstu daga og vikur. Engin eru fordæmin.

Í málsmeðferð síðustu daga hefur verið vísað í mál Eriks Ninn-Hansen ráðherra í Danmörku sem sakfelldur var í danska ríkisréttinum í svokölluðu Tamila-máli. Í því tilviki liðu tvö ár frá því að þingið samþykkti málssókn þar til dómur féll. Ber þess að gæta að málsmeðferðin tafðist nokkuð vegna veikinda Ninn-Hansen.

Viðbúið er að réttarhöldin beri svipbragð þess sem tíðkast í héraðsdómi, fremur en í Hæstarétti. Vitni verða kölluð fyrir dóminn, sem jafnan gerist ekki fyrir Hæstarétti. Sækjandi og sakborningur kalla báðir vitni fyrir dóminn.

bjorn@frettabladid.is









Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe




LANDSDÓMUR

# Kvíðir ekki dómnum

**Geir H. Haarde er vonsvikinn með ákvörðun Alþingis en kveðst ánægður með að vera þó sá eini sem draga á fyrir dóm. Hann segir ákæruna pólitíska og furðar sig á því að Jóhanna og Össur hafi fengið að vera stikkfrí í umræðunni.**



**TEKUR TIL VARNA** Geir segist ekki kvíða því að verja gjörðir sínar í hruninu fyrir landsdómi. Ákæruatriðin standist ekki og það geti hann sýnt fram á. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta eru auðvitað heilmikil vonbrigði. Ég hafði gert mér vonir um að þingið mundi ekki falla í þá gryfju að gefa út ákæru í þessu máli,“ segir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í samtali við Fréttablaðið um þá ákvörðun Alþingis að ákæra hann fyrir landsdómi.

„Ég verð hins vegar að segja að ég er ánægður með að félagar mínir þrír úr ríkisstjórninni skuli ekki vera ákærðir,“ segir Geir. „Mér finnst betra að vera einn og svara til saka fyrir landsdómi en að aðrir ráðherrar séu dregnir þar fyrir að ástæðulausu.“

Geir segir það hins vegar áleitna spurningu hvers vegna þingsályktunartillögur þingmannanefndar Atla Gíslasonar sneru einungis að fjórum fyrrverandi ráðherrum, en ekki sex. „Það voru tveir áhrifamiklir ráðherrar í ríkisstjórninni minni sem sitja núna á æðstu valdastólum í núverandi ríkisstjórn,“ segir hann og vísar til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra. „Það fólk hafði mikil áhrif og ítök í þeirri ríkisstjórn. Ég tel ekki að það hefði átt að ákæra þau en ég nefni þetta sem dæmi um fáránleika málsins – hvað það er pólitískt – að þeim skuli hafa verið sleppt í þessum tillögum.“

Geir segist munu taka til varna af alefli fyrir landsdómi og hefur fengið hæstaréttarlögmanninn Andra Árnason til að verja hagsmuni sína. „Ég hef hreinan skjöld og óttast ekki að leggja mál mín fyrir óháðan og óvilhallan dómstól eins og ég efast ekki um að landsdómurinn verði. Ég kvíði því ekki. En auðvitað getur enginn maður fagnað því að fá á sig ákæru, ekki síst eins og þetta mál er í pottinn búið.“

Geir segir málið augljóslega pólitískt. „Samfylkingin passar greinilega upp á sitt fólk, eins og kom fram í þinginu, og menn skáskjóta sér á milli manna við atkvæðagreiðslur til þess að koma tilteknum aðilum í skjól. Ég tel að það hvernig þetta mál endaði í þinginu afhjúpi algjörlega hið pólitíska eðli þessarar ákæru og tel að lítill sómi sé að því fyrir þá sem að þessu hafa staðið.“

Geir segir þingmannanefndina hafa verið á miklum villigötum við meðferð málsins. „Það var ótrúlegt að þurfa að sitja fyrir framan sjónvarpið og horfa á formann nefndarinnar fara með staðlausa stafi um fundi sem ég sat en ekki hann fyrir tveimur árum og eiga ekki kost á því að bera fram nein sjónarmið eða rök í málinu,“ segir hann. Það sé hins vegar landsdóms að skera úr um hvort ákvæði um réttláta málsmeðferð hafi verið brotin.

Geir getur kallað vitni fyrir landsdóm. Hann segist ekki vera byrjaður að skoða hvaða einstaklingar það yrðu. Spurður hvort til greina kæmi að kalla til erlenda ráðamenn, til dæmis Gordon Brown, segist Geir ekki hafa velt því fyrir sér.

stigur@frettabladid.is

## Verður að boða til kosninga



ÞÓR SAARI

„Þetta er ömurleg niðurstaða. Það eina sem var ákveðið hér í dag er að hrunið verður ekki gert upp pólitískt. Það er hér pólitísk yfirstétt sem sló skjaldborg um sjálfa sig. Skjaldborgin hélt í þremur tilfellum af fjórum,“ segir Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar. „Það gengur ekki að 23 þingmenn hrunstjórnarinnar greiði hér atkvæði gegn því að félagar þeirra yrðu dregnir fyrir landsdóm. Þetta er pólitísk spilling á versta stigi og myndi ekki líðast í neinu öðru siðmenntuðu ríki.“

„Hvað varðar Alþingi og lýðræðið á Íslandi þá verður almenningur að fá að segja álit sitt á stjórnvöldum, stjórnmálaflokkum og stjórnarfarinu í landinu. Það verður að boða til Alþingiskosninga sem fyrst. Ég spyr: Ætla menn að setja þing hér á föstudaginn eins og ekkert hafi í skorist? Það er fullkomin geggjun“, segir Þór. - shá

## Vegið taktískt að Geir H. Haarde



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

„Þessi niðurstaða er mjög óheppileg. Miðað við þau rök sem fram voru færð í málinu taldi ég eðlilegt að kæra alla eða engan. Mitt mat var að ekki væri rétt að ákæra vegna þess að málið myndi ekki nægja til sakfellingar fyrir landsdómi. Að mínu mati liggur það fyrir að hafi ríkisstjórn Geirs H. Haarde brotið af sér þá hafi sú sem nú situr ekki gert það neitt síður,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.

Hann segir verst að Geir sé einn ákærður eftir taktíska atkvæðagreiðslu Samfylkingarinnar. „Það má jafnvel orða það þannig að vegið sé taktískt að Geir, og þetta kemur í framhaldi af fjölmörgum uppákomum hjá ríkisstjórninni, sérstaklega Samfylkingunni, þar sem reynt er að beina athyglinni annað. Þarna er Geir fórnað því það hentar Samfylkingunni að athyglin hvíli á landsdómi næstu vikur og mánuði.“ - shá

## Niðurstaðan vond í alla staði



BJARNI BENEDIKTSSON

„Þetta er pólitísk niðurstaða. Það er að segja að það voru pólitísk undirmál sem réðu niðurstöðu þessa máls,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Mér finnst niðurstaðan vond í alla staði og hvernig er hægt að komast að annarri niðurstöðu en pólitísk aðför hafi verið gerð að einum manni þegar atkvæði voru greidd með þeim hætti sem varð.“

Bjarni bendir á að hugmyndum flutningsmanna tillagnanna var hafnað í þremur tilvikum af fjórum, sem hljóti að vera þungur skellur fyrir viðkomandi. „Það sýnir hversu umdeilt málið var og stóð tæpt fyrir þinginu. Það er einmitt í slíkum tilvikum, þar sem erfitt er að leggja mat á embættisfærslur fyrrverandi ráðherra, sem þingið á að halda sig sem lengst frá því að gera pólitísk uppgjör að sakamáli. En það var einmitt það sem gerðist hér.“ - shá

## Af og frá að pólitíkin hafi tekið völdin



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir af og frá að pólitíkin hafi tekið völdin í atkvæðagreiðslunum.

„Fyrir mitt leyti geri ég náttúrulega skýran greinarmun á hreinni pólitískri ábyrgð annars vegar og ráðherraábyrgð hins vegar. Auðvitað felst pólitísk ábyrgð í ráðherraábyrgð en hún er þá bundin við þá málaflokka sem ráðherrarnir sinna og þau ráðuneyti sem þeir taka að sér. Það er einmitt þess vegna sem ég felst á niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis að ákæra Geir Haarde, Árna M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson, flokksbróður minni.“

Spurð hvers vegna hún hafi hlíft Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í atkvæðagreiðslunni segir hún:

„Hún var utanríkisráðherra og hennar ábyrgð sem flokksformaður og oddviti Samfylkingarinnar er hvergi skilgreind í lögunum og þá ábyrgð verður hún að axla annars staðar og öðruvísi. Hún hefur náttúrulega gert það. Hún hefur beðið sína kjósendur og þá sem treystu henni til verka fyrirgefningar opinberlega eins og eftirminnilegt og frægt er orðið. Hún hætti við að bjóða sig fram fyrir síðustu kosningar og er ekki inni á þingi núna og er ekki í neinum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.“

Ólína segir umhugsunarefni hvort það sé réttlát niðurstaða að Geir skuli einn vera ákærður.

„Þetta er kannski ekki æskilegasta niðurstaðan en hún er í raun og veru ekkert órökrétt því miklu valdi fylgir mikil ábyrgð. Hann var æðsti ráðamaður þjóðarinnar á þessum tíma, eins og skipstjóri á skútu sem fer síðastur frá borði þegar skútan sekkur.“

Ólína segist ekki hafa orðið vör við neinn þrýsting frá Vinstri grænum.

„Þvert á móti fannst mér þau sýna okkur þá tillitsemi að ræða þetta ekki, allavega ekki við okkur almenna þingmenn. Ég skal ekkert segja um það hvað gerðist við ríkisstjórnarborðið.“ - th

# Táknræn jarðarför á ferðafrelsi íslendinga verður í Kistuöldu fyrir neðan Vonarskarð 2. október kl. 13:00

**FERÐAFRELSI Á ÍSLANDI**
**874 - 2010**

Allt áhugafólk um ferðafrelsi á Íslandi er velkomið til að kveðja Vonarskarðið, Vikrafellsleið og margar aðrar fallegar náttúruperlur í táknrænni athöfn

**Útivistarfélög á Íslandi**



## Takið þátt - reisum krossinn saman



Umhverfisráðherra tekur á næstunni ákvörðun um hvort loka eigi Vonarskarði, Vikrafellsleið, Þjórsárverum og mörgum öðrum fallegum ferðaleiðum um náttúru Íslands.

Mætum í Vonarskarð laugardaginn 2. október og reisum saman 5 metra háan mótmælakross gegn gerræðislegu vinnubrögðum stjórnvalda og komum í veg fyrir að okkur fólkinu í landinu verði bannað að ferðast um hálendið.

**Nokkrar áætlaðar vegalengdir í Vonarskarð**

| | | |
|---|---|---|
| ***Frá Reykjavík*** | *233 km* | *4,0 klukkutímar* |
| ***Frá Selfossi*** | *176 km* | *3,0 klukkutímar* |
| ***Frá Hvolsvelli*** | *127 km* | *2,0 klukkutímar* |
| ***Frá Akranesi*** | *281 km* | *4,5 klukkutímar* |
| ***Frá Höfn*** | *479 km* | *8,0 klukkutímar* |

**FM 107,3 Vonarskarð**
Þeir sem taka þátt í athöfninni geta á leiðinni stillt á FM 107,3 Vonarskarð, en þar verða fréttir og upplýsingar fyrir þá sem verða á ferðinni.

**Öryggismiðstöð - Sími 848-2317**
Sérstakir öryggisbílar frá Hjálparsveit Ferðaklúbbsins 4x4 verða á nokkrum stöðum með upplýsingar og leiðbeiningar. Ferðalangar eru hvattir til að fara að þeirra tilmælum.

*Reykjavík - Kistualda*



*Kistualda*




GARMIN
ÍS HESTAR
SS GÍSLASON VIÐGERÐIR EHF.
FJALLABÍLAR Stál og stansar hf.
HLAÐ
STORMUR POLARIS Á ÍSLANDI
BECO
EÐALBÍLAR
66° NORTH
SKOTREYN
SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
4x4
L.Í.V.
LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
Óbyggðaferðir ehf
ELDHESTAR

LANDSDÓMUR

## Geir hafði allar upplýsingar


SKÚLI HELGASON

„Ég lagði þetta mál alfarið upp eftir eigin forsendum og til að byrja með reyndi ég að skoða hvort það væri yfir höfuð tilefni til að ákæra. Niðurstaða mín var sú að það væri mjög mismunandi eftir því hvaða ráðherra átti í hlut. Í fyrsta lagi aðgangur þeirra að upplýsingum; höfðu þeir nægilegar upplýsingar um þær hættur sem steðjuðu að samfélaginu. Í öðru lagi hvort þau höfðu pólitíska stöðu til að grípa inn í. Síðast hvort þeir hefðu völd til að grípa til aðgerða,“ segir Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingarinnar, sem segir jafnframt að í öllum tilvikum hafi þetta átt við um Geir H. Haarde.

„Hann sat sömuleiðis í ríkisstjórn frá 1998 sem fjármálaráðherra. Hann átti því að hafa miklu betri innsýn í það sem var að gerast í fjármálakerfinu en þeir sem komu inn í ríkisstjórnina síðar. Til dæmis höfðu þau ekki upplýsingar um að fjármálakerfið var strax árið 2006 svo illa statt að það gat hrunið hvað úr hverju. Þetta þekkjum við sem höfum upplýsingar um skyndifund sem haldinn var á heimili Davíðs Oddssonar í lok mars 2006. Þar kom fram að bankastjórar viðskiptabankanna töldu að bankarnir gætu hrunið á einum degi.“

Skúli segir að málflutningur þeirra sem segja að pólitík búi að baki ákvörðun um að kæra Geir einan hrynji þegar það er skoðað hvernig atkvæðagreiðslan fór. „Það er með engu móti hægt að segja að kosið hafi verið eftir flokkslínum.“ - shá

# Samfylkingin sveiflaðist

**Afstaða átta þingmanna Samfylkingarinnar til landsdómsákæra breyttist eftir því hvaða fyrrverandi ráðherra átti í hlut. 55 þingmenn höguðu atkvæðum sínum með sama hætti í tilvikunum fjórum.**

Fyrst voru greidd atkvæði um ákæru gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Tillagan var samþykkt með 33 atkvæðum gegn 30. Allir þingmenn VG og Hreyfingar vildu ákæra, en engir sjálfstæðismenn. Níu af tuttugu samfylkingarmönnum og sex af níu framsóknarmönnum vildu ákæra.

Næst var komið að Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. 29 vildu ákæra hana en 34 ekki. Atkvæði féllu á sama veg og í tilviki Geirs, ef frá eru taldir fjórir þingmenn Samfylkingarinnar sem vildu ákæra Geir en ekki Ingibjörgu. Þeir voru Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Skúli Helgason. Helgi og Skúli vildu raunar einungis ákæra Geir, og Ólína og Sigríður alla nema Ingibjörgu.

Árni M. Mathiesen var næstur á dagskrá. 31 greiddi atkvæði með tillögu um ákæru á hendur honum og 32 á móti.

Að síðustu voru greidd atkvæði um ákæru á hendur Björgvini G. Sigurðssyni. Hún féll með mestum mun, 35 atkvæðum gegn 27. Afstaða fulltrúa Samfylkingarinnar í þingmannanefndinni, Magnúsar Orra Schram og Oddnýjar G. Harðardóttur, var þekkt; þau vildu ekki ákæra Björgvin og höfðu flutt tillögu á þinginu í samræmi við það. Það vildi Valgerður Bjarnadóttur ekki heldur og Mörður Árnason sat hjá þrátt fyrir að hafa lýst því yfir nokkrum mínútum fyrr að ákæra bæri alla fjóra. Hann sagðist telja ótækt að ákæra Björgvin úr því að Ingibjörgu og Árna yrði hlíft. Þrír þingmenn Samfylkingar vildu ákæra Björgvin, sem er í leyfi frá þingstörfum.

Aðrir þingmenn en þeir átta samfylkingarmenn sem hér hafa verið nefndir greiddu atkvæði á sama veg um ákærur á hendur öllum fyrrverandi ráðherrunum fjórum.

stigur@frettabladid.is

### Atkvæði féllu þannig

Greidd voru atkvæði um hvern fyrrum ráðherra fyrir sig, fyrst Geir og svo koll af kolli.

| | Já | Nei | Situr hjá |
|---|---|---|---|
| Geir | 33 | 30 | 0 |
| Ingibjörg | 29 | 34 | 0 |
| Árni | 31 | 32 | 0 |
| Björgvin | 27 | 35 | 1 |

### Hreyfingin


Birgitta Jónsdóttir
Geir: Já
Ingibjörg: Já
Árni: Já
Björgvin: Já


Margrét Tryggvadóttir
Geir: Já
Ingibjörg: Já
Árni: Já
Björgvin: Já


Þór Saari
Geir: Já
Ingibjörg: Já
Árni: Já
Björgvin: Já

### Sjálfstæðisflokkurinn


Árni Johnsen
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Einar K. Guðfinnsson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Pétur H. Blöndal
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Tryggvi Þór Herbertsson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Ásbjörn Óttarsson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Guðlaugur Þór Þórðarson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Ragnheiður Elín Árnadóttir
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Unnur Brá Konráðsdóttir
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Birgir Ármannsson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Kristján Þór Júlíusson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Víðir Smári Petersen
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Bjarni Benediktsson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Ólöf Nordal
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Sigurður Kári Kristjánsson
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Geir: Nei
Ingibjörg: Nei
Árni: Nei
Björgvin: Nei

ENNEMM / SÍA / NM43018



## Samfylkingin

| | Geir | Ingibjörg | Árni | Björgvin |
|---|---|---|---|---|
| Árni Páll Árnason | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Ásta R. Jóhannesdóttir | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Anna Margrét Guðjónsdóttir | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Guðbjartur Hannesson | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Helgi Hjörvar | Já | Nei | Nei | Nei |
| Jóhanna Sigurðardóttir | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Jónína Rós Guðmundsdóttir | Já | Já | Já | Já |
| Katrín Júlíusdóttir | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Kristján L. Möller | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Magnús Orri Schram | Já | Já | Já | Nei |
| Mörður Árnason | Já | Já | Já | Sat hjá |
| Oddný G. Harðardóttir | Já | Já | Já | Nei |
| Ólína Þorvarðardóttir | Já | Nei | Já | Já |
| Róbert Marshall | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Sigmundur Ernir Rúnarsson | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Sigríður Ingibjörg Ingadóttir | Já | Nei | Já | Já |
| Skúli Helgason | Já | Nei | Nei | Nei |
| Valgerður Bjarnadóttir | Já | Já | Já | Nei |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Össur Skarphéðinsson | Nei | Nei | Nei | Nei |

## Vinstri græn

| | Geir | Ingibjörg | Árni | Björgvin |
|---|---|---|---|---|
| Atli Gíslason | Já | Já | Já | Já |
| Álfheiður Ingadóttir | Já | Já | Já | Já |
| Árni Þór Sigurðsson | Já | Já | Já | Já |
| Ásmundur Einar Daðason | Já | Já | Já | Já |
| Björn Valur Gíslason | Já | Já | Já | Já |
| Margrét Pétursdóttir | Já | Já | Já | Já |
| Jón Bjarnason | Já | Já | Já | Já |
| Katrín Jakobsdóttir | Já | Já | Já | Já |
| Lilja Rafney Magnúsdóttir | Já | Já | Já | |
| Lilja Mósesdóttir | Já | Já | Já | Já |
| Steingrímur J. Sigfússon | Já | Já | Já | Já |
| Svandís Svavarsdóttir | Já | Já | Já | Já |
| Þráinn Bertelsson | Já | Já | Já | Já |
| Þuríður Backman | Já | Já | Já | Já |
| Ögmundur Jónasson | Já | Já | Já | Já |

## Framsóknarflokkurinn

| | Geir | Ingibjörg | Árni | Björgvin |
|---|---|---|---|---|
| Birkir Jón Jónsson | Já | Já | Já | Já |
| Eygló Harðardóttir | Já | Já | Já | Já |
| Guðmundur Steingrímsson | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Gunnar Bragi Sveinsson | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Huld Aðalbjarnardóttir | Já | Já | Já | Já |
| Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | Nei | Nei | Nei | Nei |
| Sigurður Ingi Jóhannsson | Já | Já | Já | Já |
| Siv Friðleifsdóttir | Já | Já | Já | Já |
| Vigdís Hauksdóttir | Já | Já | Já | Já |


Miklu hraðara Internet

Nú býður Síminn viðskiptavinum sínum upp á enn meiri hraða en áður á Internetinu.
Hraðinn í Grunnáskrift, Leið 1 og Leið 2 fer upp í allt að 12 Mb/s.
Núverandi viðskiptavinir fá sjálfvirka uppfærslu á næstu mánuðum.

Fáðu þér Internet Símans í síma 800 7000 eða á siminn.is.

Það er Síminn

Fólk hvatt til að fjarlægja allt sem ekki er naglfast



Þetta gerðist allt svo hratt



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþingi missir enn og aftur niður um sig:

# Ódrengilegt og pólitískt vitlaust

Enn og aftur missir Alþingi Íslendinga niður um sig í beinni útsendingu, og í þetta sinn einmitt á meðan þingmenn áttu að vera að skrifa Íslandssöguna.

Fæstir höfðu ímyndunarafl til að gera ráð fyrir að niðurstaða þingsins yrði sú sem hún varð; að Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra yrði einn ákærður fyrir landsdómi, fyrstur stjórnmálamanna í sögunni, en ekki aðrir ráðherrar úr ríkisstjórninni sem sat þegar bankakerfið hrundi.

Færð höfðu verið margvísleg rök fyrir því að ekki væri rétt að ákæra fyrrverandi ráðherra fyrir landsdómi. Þar á meðal í fyrsta lagi þau að litlar líkur væru á að þeir bæru refsiábyrgð og fengju sektardóm, í öðru lagi vegna þess að mannréttinda þeirra væri ekki gætt með lögunum um landsdóm og í þriðja lagi vegna þess að ekki væri hægt að draga eingöngu fjóra fyrrverandi ráðherra til ábyrgðar þegar ljóst væri að margir stjórnmála- og embættismenn áttu þátt í umdeildum ákvörðunum í aðdraganda hrunsins, þar á meðal ráðherrar í núverandi ríkisstjórn.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Hins vegar færði enginn þingmaður fram málefnaleg rök fyrir því í umræðum um málið að Geir H. Haarde væri sá eini, sem ætti að bera þessa ábyrgð og sá eini, sem líklegt væri að sakfelldur yrði fyrir landsdómi. Það gerðu að minnsta kosti ekki þeir fjórir þingmenn Samfylkingarinnar, sem réðu úrslitum um hvernig fór með því að kjósa að ákæra Geir en hlífa samflokksmönnum sínum.

Afstaða þessara fjögurra þingmanna ræður því að ákvörðun Alþingis er niðurstaða af pólitískum hráskinnaleik en ekki málefnalegu mati. Ákvörðun fjórmenninganna er ekki aðeins ódrengileg og augljóslega ómálefnaleg, heldur líka pólitískt alveg yfirgengilega heimskuleg.

Alþingi samþykkti með 63 samhljóða atkvæðum þingsályktunina, sem inniheldur fjöldann allan af brýnum og þörfum tillögum um umbætur í stjórnmálum, stjórnsýslu og lagaumhverfi. Hvernig á að ríkja pólitísk sátt um framgang þeirra mála þegar hluti þingflokks Samfylkingarinnar klekkir þannig með svo augljósum hætti á fyrrverandi leiðtoga annars stjórnmálaflokks en hlífir eigin fólki? Athyglin fer líka óhjákvæmilega af umbótaáætluninni og yfir á áframhaldandi rifrildi um landsdóm, fyrst svona fór. Niðurstaðan gerir það líklegra en ella að umbótaáætlunin renni út í sandinn.

Og hvernig ætla þingmennirnir fjórir, sem greiddu atkvæði eftir flokkslínum í ákafa sínum að skella skuldinni á einn mann, nú að fara að því að byggja brýr yfir til Sjálfstæðisflokksins til að koma fram brýnum hagsmunamálum lands og þjóðar, þar á meðal að ljúka Icesave-málinu og klára aðildarviðræður við Evrópusambandið? Innihélt eitthvert hinna fjögurra háttvirtu heilabúa heillega hugsun um það?

Svo er það auðvitað umhugsunarefni fyrir alla þingmennina, sem greiddu atkvæði með því að Geir H. Haarde yrði ákærður fyrir landsdómi, hvað þeir eiga að gera ef hann verður sýknaður fyrir dómi. Hvernig ætla þeir þá að axla sína ábyrgð?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Viðburðir á vegum Konfúsíusarstofnunar í vikunni ...

**Askja, stofa 132, fimmtudagur 30. september, kl. 17:30**

**Einn og Tveir [一一] (2000) e. Edward Yang [楊德昌]**

Yi Yi er fjölskyldudrama sem gerist í Taipei. Myndin hefst á brúðkaupi, endar á jarðarför og þess á milli er velt fyrir sér ýmsum hliðum mannlegs lífs frá sjónarhóli þriggja meðlima Jian fjölskyldunnar. Myndin hlaut verðlaun Besta Leikstjóra á Cannes árið 2000 og hefur síðan þá hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga. Leikstjórinn Edward Yang lést árið 2007.




**Sýningin er öllum opin og án endurgjalds.**

**Askja, laugardagur 2. október, kl. 13:00 - 16:00**

**Kínversk Hausthátíð 中秋節**

Laugardaginn 2. september heldur Konfúsíusarstofnunin Norðurljós í samvinnu við Kínversk Íslenska Menningarfélagið Hausthátíð að kínverskum sið. Þessa hátíð ber uppá 15. dag 8. mánaðar gamla tunglda-gatalsins. Sýndur verður kínverskur drekadans, bardagalistir og boðið upp á Tunglkökur og annað kínverskt góðgæti.



**Hátíðin er öllum opin og án endurgjalds.**

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS HÁSKÓLI ÍSLANDS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Með á nótunum

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, sagði í fréttum í gærkvöldi að ekki væri búið að ákveða hvað yrði gert í málum fyrrverandi seðlabankastjóra. Ég veit ekki betur en þau mál séu enn til meðferðar í réttarkerfinu sagði forsætisráðherrann.

### Löngu afgreitt mál

Þetta var undarleg staðhæfing. Ekkert hefur komið fram um mál fyrrverandi seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins síðan sérstaklega skipaður saksóknari tók sér viku til að skoða málið eftir að Rannsóknarskýrsla Alþingis var gefin út. Að lokinni sinni skoðun lýsti saksóknarinn því yfir að enginn grundvöllur væri fyrir málsókn. Fór þetta fram hjá Jóhönnu?



### Tímabær játning

Geir H. Haarde upplýsti í viðtali í gærkvöldi leyndarmál sem þeir Steingrímur J. Sigfússon hafa þagað saman yfir frá því vorið 2007. Í viðtali eftir atkvæðagreiðslu um landsdómsmál á Alþingi kvartaði Geir undan því hvað Steingrímur gengi harkalega fram gegn sér og sagði að formaður VG hefði verið öllu blíðari á manninn þegar hann reyndi hvað hann gat til þess að fá Geir með sér í sumarbústað tengdaforeldra Steingríms til þess að semja um ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins og VG eftir kosningarnar 2007. Geir þáði ekki þetta heimboð og í dag má segja að með því hafi hann forðað VG frá því að sitja í ríkisstjórn meðan bankakerfið var að liðast í sundur og krónan að fara af hjörunum. Hingað til hafa talsmenn VG þrætt af hörku fyrir fréttir um viðræður flokkanna tveggja vorið 2007.



peturg@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þrískipting valdsins

Stjórnarskrá



Guðmundur S. Johnsen

stjórnmálafræðingur og framkvæmdastjóri

Sú meginkrafa þingsins að forseti framselji vald sitt til að skipa ríkisstjórn, eins og margir vilja lesa út úr 13. grein stjórnarskrárinnar, verður að teljast fremur hæpin túlkun þegar betur er að gáð. Sú grein kom með stjórnarskránni 1874 og fól í sér framsal á valdi konungs til umboðsmanns hans hér á landi. Það umboð kom til af því að á 19. öld voru ferðir til landsins stopular og ótryggar. Þar sem konungur sat í Kaupmannahöfn varð hann að láta ráðgjafa sinn á Íslandi framkvæma vald sitt. Nú háttar öðru vísi til og þó að forseti láti ráðherra framkvæma vald sitt þá hefur hann ekki afsalað sér því. Ráðherra getur því ekki framkvæmt vald í andstöðu við vilja forsetans enda hefur hann umboðið sitt frá forseta en ekki meirihluta þingsins. Það er að fullu í samræmi við þá höfuðáherslu stjórnarskrárinnar að tryggja þrískiptingu valdsins.

Framkvæmd þessarar stefnu hefur breyst frá því Sveinn Björnsson stýrði för og Ásgeir Ásgeirsson á eftir honum en báðir gjörþekktu þeir inntak stjórnarskrárinnar. Sú staðreynd að aðrir forsetar lýðveldisins hafa haft mjög óljósa stefnu og haft sig lítið í frammi hefur orðið þess valdandi að ráðherrar hafa tekið sér meira og meira vald á kostnað annarra valdsviða og þannig grafið undan stjórnskipun landsins. Það hefur meðal annars gerst vegna þess að meirihluti þingsins hverju sinni hefur stutt við þessa þróun ráðherraræðis með hagsmuni stjórnmálaflokkanna í huga. Þannig hefur forseta smám saman verið ýtt út í horn og embættið aðeins látið sjá um að hafa milligöngu um ríkisstjórnamyndanir og samskipi við erlenda þjóðhöfðingja.

Sé litið til inntaks stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valdsins og þeirrar staðreyndar að Ísland er stjórnarskrárbundið lýðveldi er ljóst að forseti sækir vald sitt til þjóðarinnar, rétt eins og Alþingi fær umboð til að fara með löggjafarvald í almennum þingkosningum. Það skýtur því skökku við að meirihluti þingsins skuli gera kröfu til þess að forseti skipi eingöngu ríkisstjórnir sem njóti náðar meirihluta Alþingis. Með því að forseti er kosinn beinni kosningu af þjóðinni er augljóst að hann hefur heimild til að skipa utanþingsstjórn, kjósi hann það. Slík stjórn yrði síðan að sætta sig við að semja um þau lagafrumvörp sem hún vildi koma í gegnum þingið, líkt og minnihlutastjórnir í Danmörku, Noregi og fleiri löndum hafa gert um langan aldur með góðum árangri. Um alla þessa þætti er fjallað í núverandi stjórnarskrá, það vantar bara að virkja þá á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Árangur AGS-samstarfs

**Ísland og AGS**




Árni Páll Árnason
efnahags- og viðskiptaráðherra


Í kjölfar hruns bankakerfisins í október 2008 leituðu íslensk stjórnvöld til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um samstarf við efnahagslega endurreisn. Aðkoma AGS veitti efnahagsstefnu stjórnvalda alþjóðlegan trúverðugleika sem nauðsynlegur var til að bæta fyrir þann álitshnekki sem íslensk hagstjórn hafði orðið fyrir í hruninu. Lánafyrirgreiðsla sjóðsins hefur nú forðað ríkissjóði frá hættu á greiðslufalli vegna hárra útistandandi erlendra skulda sem eru á gjalddaga í lok árs 2011 og ársbyrjun 2012. Án þessa hefði kreppan orðið dýpri og þungbærari en raunin varð. Þá hefðum við þurft að hækka skatta meira og skerða velferðarþjónustu með slíkum hætti að það hefði ógnað samfélagssáttmála okkar um sanngjarnt velferðarríki.

Í raun má segja að fjórir meginþættir séu brýnastir í áætluninni. Í fyrsta lagi þarf bankakerfið að geta starfað sem skyldi, svo að heimili og fyrirtæki fái þjónustu og lánafyrirgreiðslu. Virkur fjármálamarkaður er forsenda hagvaxtar í þróuðu hagkerfi. Samhliða þarf að herða regluverk lánastofnana og veita Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu réttar heimildir til aðhalds og eftirlits. Í öðru lagi þarf að styrkja stöðu ríkissjóðs, sem kom verulega skuldsettur undan hruninu og er nú rekinn með halla þrátt fyrir töluvert aðhald. Fjárlög haustsins skipta þar miklu. Í þriðja lagi þarf að móta peningastefnu til framtíðar. Afnám gjaldeyrishafta hefur tafist, en þeim verður aflétt í áföngum þegar aðstæður skapast. Í fjórða lagi þarf að vinna að endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja. Í kjölfar þess að Hæstiréttur dæmdi gengisbindingu lána ólögmæta og veitti leiðsögn um hvernig reikna bæri vexti á slík lán hafa stjórnvöld kappkostað að tryggja sanngjarna niðurstöðu fyrir alla lántakendur og flýta endurskipulagningu skulda fyrirtækja. Á þessum fjórum höfuðstoðum hvílir efnahagsáætlunin.

Markmið efnahagsáætlunarinnar er að leggja grunn að sjálfbærum hagvexti og atvinnutækifærum til frambúðar. Við slíkt dugar ekki sú skammtímahugsun sem tíðkaðist áður. Við viljum ekki fölsk lífskjör, byggð á skuldsetningu heimila og fyrirtækja. Við vitum af reynslunni að það kemur að skuldadögum. Til að skapa fjölbreytt, kröftugt atvinnulíf þarf traustan gjaldmiðil, lága verðbólgu og þar með svigrúm til samkeppnishæfra vaxta. Til að skapa réttlátt samfélag þarf að standa vörð um velferðina. Ef atvinnulífið aflar ekki verðmæta og skapar ekki ný störf mun okkur fljótt verða ofviða að viðhalda þeirri velferðarþjónustu sem við búum við í dag.

> Stjórn AGS tekur í dag til umfjöllunar þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands.

Stjórn AGS tekur í dag til umfjöllunar þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands. Verði hún samþykkt fá stjórnvöld aðgang að erlendum lánum sem tengd eru framkvæmd áætlunarinnar. Sá árangur sem hingað til hefur náðst væri óhugsandi án samstarfs við AGS. Stýrivextir hafa ekki verið lægri í sex ár, verðbólga helst undir 5% á ársgrundvelli og hagvöxtur tekur við sér á ný á síðari hluta ársins. Með trúverðugri og raunsærri efnahagsáætlun höfum við komið í veg fyrir að þær hrakspár rættust sem flestir voru sammála um í árslok 2008. Á sama tíma höfum við lagt grunn að hagkerfi sem verður sterkara en það sem hrundi haustið 2008. Það er árangur sem máli skiptir.

# Lífeyrissjóðirnir kaupi Blönduvirkjun

**orkumál**




Þorbergur Steinn Leifsson
verkfræðingur


Landsvirkjun virðist ganga treglega að semja við erlenda banka um að fjármagna byggingu Búðarhálsvirkjunar. Það bendir til að erlendu bankarnir reyni að knýja fram óeðlilega háa vexti vegna meintrar slæmrar fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og þá líklega vegna vanda eigandans. Hins vegar er til miklu betri leið fyrir Íslendinga.

Lífeyrissjóðirnir eiga nú að sögn um 450 milljarða í erlendum gjaldeyri sem mun líklega ekki ávaxtast vel næstu misserin, a.m.k. ekki í íslenskum krónum. Gengi erlendra gjaldmiðla mun líklega lækka næstu misserin og veruleg óvissa er á erlendum mörkuðum. Ekki er þó fýsilegt fyrir lífeyrissjóði að flytja þetta fé til landsins þar sem fjárfestingarmöguleikar hér eru mjög takmarkaðir og óvissir.

Ég legg því til að lífeyrissjóðirnir kaupi Blönduvirkjun af Landsvirkjun og borgi fyrir í erlendum gjaldeyri. Landsvirkjun noti söluverðið til að fjármagna Búðarhálsvirkjun. Lífeyrissjóðirnir fengju afsal fyrir virkjuninni en gerðu samning til t.d. 15 ára við Landsvirkjun um að reka virkjunina og kaupa af henni orku á umsömdu verði sem tryggði viðunandi ávöxtun. Að 15 árum liðnum hefði Landsvirkjun forkaupsrétt á markaðsvirði en þá mun orkuverð væntanlega hafa hækkað umtalsvert, jafnvel margfaldast og þar með söluverð virkjunarinnar einnig. Þetta tryggði góða og örugga langtímaávöxtun lífeyrissjóðanna, og hjálpaði Landsvirkjun við að byggja Búðarhálsvirkjun og endurfjármagna sig næstu misserin þar sem söluverð Blönduvirkjunar yrði sennilega talsvert hærra en byggingakostnaður Búðarhálsvirkjunar. Söluverð Blönduvirkjunar tæki mið af endurstofnverði sem væri hagstætt fyrir lífeyrissjóðina miðað við að greiða í erlendum gjaldmiðli þar sem tæpur helmingur byggingakostnaðar er í íslenskum krónum. Þó að allt hryndi hér aftur og aftur mun orkuver sem framleiðir síendurnýjaða græna orku alltaf vera gulls ígildi og ein arðsamasta fjárfesting sem völ er á a.m.k. næstu áratugina. Sá eini sem gæti tapað á viðskiptunum er Landsvirkjun sem kynni að tapa af óvissum ávinningi af verðmætaaukningu Blönduvirkjunar næstu 15 árin. Það ætti þó ekki að skipta öllu máli þar sem allar aðrar virkjanir Landsvirkjunar hafa þá einnig hækkað í verði. Eigendur Landsvirkjunar eru hinir sömu og lífeyrissjóðanna, þ.e.a.s. þjóðin, svo að litlu skiptir hvar hagnaðurinn liggur. Jafnframt má benda á sem rök með þessu að vextir af lánunum sitja eftir hérlendis.

Ég vona að stjórnendur lífeyrissjóðanna og Landsvirkjun taki nú til hendi og lögum verði breytt, ef með þarf, þannig að þetta gangi fljótt fram. Það yrði mun betri fjárfesting fyrir lífeyrissjóðina en að bjarga bönkunum með því að kaupa byggingavöruverslanir sem hafa haldið uppi háu verði og hindrað erlenda samkeppni frá aðilum sem hafa miklu betri forsendur til að selja byggingavörur ódýrt.







# Lausnir fyrir Iðnskólann

Iðnskólinn í Hafnarfirði

Margrét Ingólfsdóttir og Sigríður Júlía Bjarnadóttir
kennarar við Iðnskólann í Hafnarfirði




Við höfum gagnrýnt aðgerðaleysi skólanefndar og störf skólameistara Iðnskólans í Hafnarfirði og höfum margsagt að það var hægt að leiða launadeiluna farsællega til lykta árið 2003 þegar kennarar við IH fóru að skoða hvers vegna þeir væru lægri í launum en í sambærilegum skólum.

Skólayfirvöld í IH völdu þá leið að halda kennurum óupplýstum um hvernig útreikningi launa var háttað. „Þið fáið greitt fyrir ykkar vinnu“ voru svörin. Björn Ingi Sveinson skólanefndarformaður staðfestir í skrifum sínum þann 17. september sl. að laun voru skert frá 2001. Það staðfestir það sem við höfum haldið fram um hvenær skerðingin hófst.

Kennarasambandið vann að málinu fyrir kennarafélag IH en komst hvorki lönd né strönd frekar en við að afla upplýsinga um launaútreikning skólans upplýsingarnar lágu í skúffu skólameistara. Skólanefndarmenn voru mataðir á þeim upplýsingum sem formanninum fannst tilhlýðilegt. Enginn nefndarmanna gerði sér það ómak á fimm árum að kanna hvers vegna fólk var óánægt. Þó vitum við öll að það þarf að skoða hlutina frá báðum hliðum svo hægt sé að leiðrétta rangfærslur.

Við höldum því fram að skólameistari, sem sá til þess með hjálp skólanefndar að undirmenn hans fengu um það bil 25.000 krónum of lítið í launaumslagið á hverjum mánuði frá 2001-2007, hafi átt að láta af störfum vegna þessa þegar dómur féll í málinu. Að reikna vitlaust eða gera skekkjur, það fyrirgefst. En þegar menn með einbeittan brotavilja árum saman neita að horfast í augu við það að þeir eru ríkisstarfsmenn og bera ríka ábyrgð.

Björn Ingi Sveinson opinberar afstöðu sína til starfsmanna Iðnskólans þegar hann telur að við eigum að vera þakklát fyrir að fá skert launauppgjör. Mál hefðu aldrei farið í þennan farveg með flokkadrætti og gróusögum ef

> Skólayfirvöld í IH völdu þá leið að halda kennurum óupplýstum um hvernig útreikningi launa var háttað.

Þeim er trúað fyrir því að reka skóla bæði faglega og rekstrarlega en þeir hafa ekkert með kjarasamninga að gera. Vilji skólameistari breyta vinnutíma kennara má hann það, en vilji hann breyta launaliðnum hefði þurft að gera þríhliða skriflegan samning milli Iðnskólans, Kennarasambandsins og kennara skólans, þá hefði ráðist hvort kennarar hefðu samþykkt nýja vinnutilhögun á skertum launum.

ágreiningsmál væru leyst jöfnum höndum innan þessarar stofnunar. Í skólanum hefur undanfarin ár farið fram talsverð vinna við að koma öllum formlegum nefndum og ráðum á fót, allt er það til í orði en ekki í virkni.

Í skólanum ríkir nú eineltisástand af verstu gerð sem stjórnendur eru algjörlega ófærir að ráða fram úr enda bullandi meðvirkir. Starfsmenn skiptast í stórum dráttum í þrjá hópa, þeir sem hugsa gott á þær, þeir sem loka augum, eyrum og munni, síðan eru þeir sem blöskrar.

Þeir heiðursmenn skólameistari og formaðurinn gætu kannski vísað í fundargerðir skólanefndar og upplýst hvenær umfjöllun um launamálið og álit lögmanns voru reifuð eða á hvern hátt skólanefndarmenn öfluðu sér upplýsinga um það sem fram fór í skólanum. Það voru jú mjög alvarlegar ásakanir á skólameistara sem komu fram frá kennurum árið 2003 um að hann hlunnfæri starfsmenn í launum. Þá hefði verið tími til að funda og kalla til KÍ og segja sannleikann en þá hefði komist upp um vangreiðslur frá 2001.

Frekar en að agnúast út í opinbera starfsmenn í skólanum væri réttast að Björn Ingi Sveinson, formaður skólanefndarinnar, hyrfi til annarra starfa þegar skólameistarinn hættir. Vonandi er enn þá einhver eftirspurn eftir hæfileikum víkinga á borð við hann í viðskiptalífinu.

Iðnfyrirtækið
Límtré Vírnet til sölu

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í iðnfyrirtækinu Límtré Vírnet ehf.

Límtré Vírnet ehf. er öflugt fyrirtæki í framleiðslu og þjónustu fyrir byggingariðnaðinn. Aðalstöðvar Límtrés Vírnets ehf. eru í Borgarnesi og þar eru framleiddar klæðningar, áfellur og saumur, auk þess sem þar er blikksmiðja, járnsmiðja og rafmagnsverkstæði. Á Flúðum er límtrésverksmiðja félagsins, í Reykholti er yleiningaframleiðsla en söluskrifstofa og lager eru í Kópavogi.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 250 milljónir króna og viðeigandi þekkingu og reynslu af fjárfestingum og rekstri.

Unnt er að nálgast frekari upplýsingar um söluferlið og tengd gögn, þ.e. kynningarefni, trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað fyrir fjárfesta á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is

**Frestur til að skila óskuldbindandi tilboði rennur út kl. 12.00 miðvikudaginn 20. október 2010.**

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM43773

LANDSBANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

# Rök Bjarna Benediktssonar

Stjórnmál

Halldór Guðjónsson
dósent við HÍ



Í Fréttablaðinu 25. september eru þau ummæli höfð úr grein Bjarna Benediktssonar í Morgunblaðinu frá deginum áður að verði ráðherrar fyrri stjórnar sóttir til sakar fyrir landsdómi á grunni mats, mætti allt eins sækja núverandi ráðherra til sakar á sams konar grunni. Vafalítið hefur Bjarni þarna rétt að mæla þótt það séu ef til vill ekki lög sem hann mælir. Líklegt að hann hafi þarna fundið kjarna þess sem nú er um að tefla fyrir þingi. Þessi kjarni er það að skoða hvort við búum við stjórn og stjórnarfar sem dygðu til að gæta öryggis lands og þjóðar og efla hag landsmanna og samfélagsins alls. Skýrslan mikla og góða sýnir að svo var ekki hin síðari ár. Bjarni virðist sjálfur telja að svo sé ekki nú.

Samfellan í þjóðmálum frá því fyrir hrun og kreppu er augljós. Fátt eitt hefur breyst í athafnalífi eða áformum nema helst til hins verra. Menn hugsa enn einkum um fjármál í gervi peningamála einvörðungu. Völd yfir peningamálunum eru enn í höndum þeirra sem með þau fóru fyrir hrun og í hruninu. Áformum um stórvægilegar framkvæmdir eru enn hin sömu og nokkuð lengi fyrir hrun. Nú herðir á áformunum á þeim rökum að greiða verði fyrir mistökin sem ollu hruninu og sköpuðu kreppuna. Fólk þetta ber fyrir sig að það hafi ekki vitað það sem það vissi eða mátti vita og átti að vita. Einnig bera menn fyrir sig skort valdheimilda til skynsamlegra athafna. Vitneskjuskorturinn og valdþurrðin vara enn.

En ef samfellan er svona – og hún er það svo sem sjá má og heyra í fréttum á hverjum degi – þá er það sem sjá má sem ágalla stjórnar og stjórnarfars nú sönnun sektar í þeim efnum sem þingið kærir líklega fyrir landsdómi. Mótbárur Bjarna eru því sönnun í því máli sem hann vill kæfa.

Kjarni máls þess er réttlát stjórn samfélagsins nú og til frambúðar. Meginmál eru þar öryggi lands og þjóðar og velferð landsmanna og samfélagsins alls. Viturlegur dómur um það sem var fyrir hrun, orsakaði hrunið og stendur enn getur verið og ætti að vera undirstaða sanngjarnrar og réttlátrar skipanar þeirra meginstofnana sem fara með mál okkar í heild. Dómur almennings sem ekki er flokksbundinn eða hagsmunabundinn er þegar genginn og eindreginn: stjórnvöld brugðust og bregðast enn. Refsingar sem almenningi þættu hæfilegar eru ekki miðaðar við svokallaða pólitíska ábyrgð, né heldur við ákvæði í lögum um ábyrgð valda-aðila ýmissa heldur miklu hörkulegri en lög gætu kveðið á um.

En refsing skiptir hér ekki máli heldur miklu fremur sakfellingin ein. Hún sýndi svo ekki yrði um villst að svona átti þetta ekki að vera, svona má það ekki vera, svona viljum við ekki hafa það. Þetta beinist ekki aðeins að þeim sem kunna að verða sakfelldir heldur fremur að þeim sem nú fara með völd eða sækjast eftir þeim.

Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódýrt hjá PITSTOP
Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódýrt hjá PITSTOP



-15%

pitstop

Við erum með frábær verð á heilsárs/vetrardekkjum og út September veitum við –15% afslátt af heilsársdekkjum og umfelgunum að auki.

Settu vetrardekkin tímanlega undir í ár og farðu strax á eina af þjónustustöðvum PITSTOP og fáðu heilsársdekk og umfelgun á frábærum verðum og -15% afslátt að auki .

Það er ódýrara að vera öruggur í umferðinni í vetur.




Rauðhella 11, Hfj.


Dugguvogur 10, Rvík


Hjallahraun 4, Hfj

Pitstop býður auðvitað miklu fleiri gerðir og týpur af dekkjum í öllum verðflokkum.

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj - Dugguvogi 10, Rvík - Hjallahrauni 4, Hfj. - Þjónustubíll
Sími : 568 2035 Sími : 568 2020 Sími : 565 2121 Sími : 568 2035 & 842 5715

www.pitstop.is

# VERTU TILBÚINN!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að klæða sig vel. Þess vegna höfum við valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin.



**MCKINLEY RASK OVERALL**
Kuldagalli með 5.000 mm vatnsheldni og öndun. Styrkingar á hnjám og rassi. Litir: Bleikur, blár og svartur. Stærðir: 80-120.

**13.990**



**2.490**

**MCKINLEY MINIOR WINTER HAT**
Barnahúfa. Litir: Bleik, svört. Stærðir: 1-6 ára.



**1.990**

**MCKINLEY MINIOR WINTER MITTEN**
Vatnsheldir barnahanskar með flísfóðri. Litir: Svartir, bláir, bleikir. Stærðir: 1-6 ára.



**MCKINLEY BLISS V JR** **6.990**
Kuldaskór með vantsheldri AQUAMAX öndunarfilmu og varmainnleggjum. Litir: Svartur með bláu, svartur með fjólubláu. Stærðir: 27-35.



**9.990**

**FIREFLY FILLE JR JKT**
Vetrarúlpa. Litur: Svört. Barnastærðir.



**9.990**

**FIREFLY LARA JR JACKET**
Vetrarúlpa. Litir: Bleik, svört. Barnastærðir.



**3.990**

**MCKINLEY BASIC FLEECE**
Rennd flíspeysa. Litir: Svört, blá, bleik. Barnastærðir.



**MCKINLEY ROCK V JR** **6.990**
Kuldaskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu og varmainnleggjum. Litir: Svartur með bláu, svartur með fjólubláu. Stærðir: 22-33.

**INTERSPORT**

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO • www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**75** **JERRY LEE LEWIS,** bandaríski tónlistarmaðurinn, er 75 ára í dag.

*„Ef ég fer til helvítis fer ég þangað til að spila á píanó.“*



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra*

**Ívars Arnar Guðmundssonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks sambýlisins að Marbakkabraut fyrir alla hjálpina, vináttuna og elskulega nærveru gegnum árin. Innilegar þakkir til starfsfólks lungnadeildar og gjörgæsludeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir nærgætni og stuðning. Þúsund þakkir fyrir allar fallegu kveðjurnar.

**Guðmundur Gíslason**
**Nína Björnsdóttir**
**Gunnar Freyr Guðmundsson Helma Rut Einarsdóttir**
**Björn Óli Guðmundsson Ingibjörg Ösp Sigurjónsdóttir**
**Hildur Inga Rós Raffnsøe Jakob Rós Raffnsøe**
**María Nína Gunnarsdóttir**
**Aron Atli Gunnarsson**
**Sigurjón Elmar Björnsson**
**Jörundur Elí Björnsson**



*Elskuleg eiginkona mín,*

**Eygló Eyjólfsdóttir**
fyrrverandi skólameistari,

Prestastíg 9, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 28. september á Landspítala við Hringbraut. Útförin verður auglýst síðar.

**Steinarr Höskuldsson.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Magnúsdóttir**
Hlaðbrekku, Kópavogi,

andaðist þriðjudaginn 28. september á Landspítalanum í Fossvogi. Útför auglýst síðar.

**Óskar Sigurðsson**
**börn og barnabörn.**



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jens Sævar Guðbergsson**
Garðbraut 83, Garði,

verður jarðsunginn frá Útskálakirkju föstudaginn 1. október klukkan 14.00. Einnig verður sent út frá athöfninni í sal Gerðaskóla, Miðgarði.

**Ólöf Hallsdóttir**
**Sveinn Magni Jensson Dagmar María Hrólfsdóttir**
**Jens Óli Jensson Harpa Mjöll Magnúsdóttir**
**Sveinborg Petrína Jensdóttir Ólafur Ómarsson**
**Særún Thelma Jensdóttir Bjarni Páll Tryggvason**
**Hallur Þór Jensson**
**Sævar Gunnóli Sveinsson**
**Agnes Gunnþóra Sveinsdóttir**
**Elvar Unndór Sveinsson**
**Júlía Mjöll Jensdóttir**
**Ísak Helgi Jensson**
**Ólöf Sólveig Ólafsdóttir**
**Bergrún Dögg Bjarnadóttir**
**Sæþór Elí Bjarnason**
**Svandís Huld Bjarnadóttir**
**Brynhildur Þöll Bjarnadóttir**

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

**ÞETTA GERÐIST** 29 SEPTEMBER ÁRIÐ 1922

## *Norræna félagið stofnað*



Þennan dag árið 1922 var Norræna félagið stofnað í Reykjavík með það að markmiði að efla norræna samvinnu. Norræna félagið er félag sem vinnur að því að efla tengsl fólks innan Norðurlandanna. Félagið var fyrst stofnað í Svíþjóð árið 1917 en á fundi í Kaupmannahöfn árið eftir var ákveðið að stofna félag með félagsdeildir á öllum Norðurlöndunum. Árið 1919 voru svo stofnaðar deildir í Noregi og Danmörku.

Árið 1922 var stofnuð deild á Íslandi og árið 1924 í Finnlandi. Síðan þá hafa bæst við félagsdeildir í Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi.

Norræna félagið sinnir margs konar starfsemi. Það veitir meðal annars styrki til lýðháskólanáms á Norðurlöndunum og fjármagnar verkefnið Nordjobb ásamt Norrænu ráðherranefndinni. Þá rekur félagið Íslandsskrifstofu Halló Norðurlanda, sem er upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir fólk sem hyggst flytja búferlum milli Norðurlanda.



**FRÆÐA FRAMHALDSSKÓLANEMA** Í framkvæmdaráði lögfræðiþjónustunnar Lögréttu eru fjórir fulltrúar. Frá vinstri eru Ljósbrá Logadóttir, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Ásrún Eva Harðardóttir og Anna Kristín Kristjánsdóttir en þær eru allar meistaranemar í lögfræði við HR.

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU: BÝÐUR UPP Á RÉTTINDAFRÆÐSLU

# Byggja upp gagnrýnna samfélag

Lögfræðiþjónusta Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, hefur gert samkomulag við nokkra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu um laga- og réttindafræðslu fyrir framhaldsskólanema. Fræðslan hefst í Verslunarskóla Íslands í dag.

„Við ætlum að fræða framhaldsskólanema um réttindi þeirra í samfélaginu og leggjum upp með fræðslu sem við hefðum sjálf viljað fá á þeirra aldri,“ segir Fura Sóley Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðiþjónustu Lögréttu. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna þau réttarsvið sem snerta ungt fólk eins og skattarétt, vinnumarkaðsrétt og fjármál. Fura segir markmið fræðslunnar að vekja ungmenni til umhugsunar um réttindi þeirra og fjalla um hluti sem er lítið rætt um í íslensku skólakerfi. „Við vonumst til að fræðslan verði liður í að byggja upp gagnrýnna samfélag og að ungt fólk verði meðvitaðra um réttindi sín.“

Lögfræðiþjónusta Lögréttu hefur verið starfrækt frá árinu 2007 í samstarfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hún er öllum opin einu sinni í viku en þar veita laganemar í sjálfboðavinnu endurgjaldslausa lögfræðiráðgjöf. Kosið er í nýtt framkvæmdaráð á hverju ári og var ákveðið að auka við þjónustuna í ár.

„Við höfum boðið nýbúum á Íslandi endurgjaldslausa aðstoð í samstarfi við Alþjóðahús um þriggja ára skeið en vildum nú takast á við nýjar áskoranir. Fljótlega rann upp fyrir okkur að þörfin væri brýnust á meðal ungs fólks sem er að byrja að standa á eigin fótum. Það hefur verið stórlega vanrækt þegar kemur að fræðslu um fjármál og lagaleg réttindi sem er miður, ekki síst ef okkur á að takast að byggja upp nýtt, upplýstara og betra samfélag eftir íslenska efnahagshrunið,“ segir Fura.

Réttindafræðslan hefst sem fyrr segir í Verslunarskólanum í dag og er hluti af kennsluskrá skólans. „Síðar í vetur munum við svo heimsækja Menntaskólann við Hamrahlíð og Kvennaskólann og vonir standa til að skólarnir verði fleiri.“

Þar með eru nýjungar lögfræðiþjónustunnar Lögréttu ekki upp taldar en nýlega var opnað fyrir símaþjónustu auk þess sem nýrri heimasíðu hefur verið hleypt af stokkunum. „Við erum með aðstöðu í Sólinni í HR og erum með opið fyrir almenning alla miðvikudaga frá 17-20. Fólk getur bæði komið á staðinn, hringt eða sent okkur tölvupóst og hingað til hefur verið mest um það.“ Fura segir margvíslegar fyrirspurnir berast. „Oft er fólk að leita ráða vegna forsjár og umgengni barna, vegna húsfélaga og fjármála svo dæmi séu nefnd.“ Spurð um heimasíðuna segir Fura þar að finna upplýsingar um réttindi fólks auk þess sem þar sé að finna ýmsan lögfræðilegan fróðleik á mannamáli. Slóðin er logfrodur.hr.is

vera@frettabladid.is



*Innilegar þakkir og kveðjur til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Sigurðardóttur,**
frá Görðum við Ægisíðu.

Sérstakar þakkir fyrir einstaka alúð og umhyggju til starfsfólksins á deild 2 H á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Guðrún Guðmundsdóttir Þorvaldur Thoroddsen**
**Kristmundur Guðmundsson Margrét Kristjánsdóttir**
**Bryndís Guðmundsdóttir Ottó Tynes**
**Hrefna Guðmundsdóttir Helgi Agnarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Elskulegur bróðir okkar,*

**Gunnólfur Sigurjónsson**
húsvörður Þjóðmenningarhúsinu,
Hátúni 8, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 1. október 2010 kl. 15. Blóm og kransar afbeðnir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands eða önnur líknarfélög.

**Sigrún Sigurjónsdóttir, Sverrir Sigurjónsson og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**Nagladekk** eru öruggust samkvæmt nýrri rannsókn sænsku umferðaröryggisstofnunarinnar Trafikverket en 42 prósent minni líkur eru á dauðaslysum á negldum vetrardekkjum. Sams konar rannsókn stofnunarinnar fyrir ári leiddi í ljós að ónegld vetrardekk væru nokkurn veginn jafn örugg í vetrarfæri og negld vetrardekk en nú hefur annað komið í ljós.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447


**Rafstilling ehf**

Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**Ný sending**

Kvarterma kjólar
Verð 8.900 kr.
Str. 36 - 58
6 litir

Hálsmen.
Verð 1.990 kr.



Kíkið á heimsíðuna okkar www.rita.is

Ríta
www.rita.is

Bæjarlind 6 • Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
Opnum kl. 10:00 alla daga nema sunnudaga





**Þórunn Gréta Sigurðardóttir hefur mikinn áhuga á alls konar framandi mat.**

# Ætti mjög vel heima í stórri ítalskri fjölskyldu

Þórunn Gréta Sigurðardóttir, tónsmíðanemi og píanókennari, segir að þegar hún ferðist komi hún yfirleitt heim með einhverjar bækur annars vegar og einhvern framandi mat hins vegar. „Ég hef alveg rosalegan áhuga á mat. Ég held stundum að ég og margir úr móðurfjölskyldunni minni ættu vel heima í svona stórri ítalskri fjölskyldu sem borðar allan daginn. Ég fór einmitt til Ítalíu í sumar og á nokkrar krukkur af skrýtnum mat sem ég kom með þaðan," segir hún.

;Á FERÐINNI | 2


**Jeppadekk & heilsársdekk fyrir fólksbíla**

Á RUGL-VERÐI AÐEINS Í NOKKRA DAGA!!!

Komdu núna og fáðu
**fría vetrarskoðun** í leiðinni!



- DEKK
- RAFGEYMAR
- BREMSUKLOSSAR
- SMURÞJÓNUSTA
- PERUR
- RÚÐUÞURKUR
- ALÞRIF & TEFLONBÓN
- SÆKJUM OG SKILUM

Allt á einum stað!

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

**Afríka ævintýraferðir** býður upp á fjallgöngu og safaríferð til Úganda í febrúar á næsta ári. Ferðin hefst á átta daga fjallgöngu þar sem farið verður inn í regnskóg Rwenzorifjallanna. Að því loknu verða helstu þjóðgarðar Úganda heimsóttir auk þess sem farið verður í siglingu upp Kazinga-sundið þar sem bufflar, fílar og flóðhestar eru á ferð. Nánar á www.afrika.is.




TVEIR SPLÚNKUNÝJIR



teg. 98880 - mjög flottur í BC skálum á kr. 4.350,-
buxur í stíl á kr. 1.990,-



teg. 86120 - glæsilegur í BC skálum á kr. 4.350,-
buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lau. 10-14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur




Það er kúnst að pakka. Byrjið á þyngstu hlutunum eins og skóm og fyllið þá með sokkapörum til að þeir haldi lögun sinni. Buxur koma næst og er best að brjóta þær sem minnst saman svo ekki komi för. Næst fara bolir og kjólar. Hlýrabolum og náttfötum má rúlla upp og setja í hliðarnar. Föt úr viðkvæmum efnum fara efst og er stundum gott að pakka þeim á röngunni.


StelpurKonur mótun
Staðurinn - Ræktin
NÝTT!
Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur
Innritun í síma 581 3730
Ný námskeið hefjast 11. október
6 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp.
Verð kr: 19.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
• Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisn
• Upphitun í tækjasal 20 mín • MÓTUN, æfingakerfi 40 mín
• Hentar öllum aldursflokkum
Mánudaga og miðvikudaga • kl 16:40
Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 10:30
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Ólafur Stefánsson veiðimaður er sannkallaður harðjaxl eins og sannaðist þegar hann lét sig ekki muna um að vera myndaður í úrhelli í Öskjuhlíðinni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fullkominn í skotveiðina

**Ólafur Stefánsson gullsmiður er forfallinn áhugamaður um veiði. Nýlega varð hann sér úti um fararskjóta sem hæfir áhugamálinu, Cherokee jeppa sem hefur vegna sérstaks útlits vakið athygli víða.**

„Ég var lengi búinn að leita mér að hentugum bíl í veiðina þegar ég datt niður á þennan fyrir einskæra heppni,“ segir Ólafur Stefánsson, eigandi Cherokee jeppa af árgerð 1994, sem er hækkaður um sjö sentimetra, beinskiptur, með 2,5 lítra vél og á 31 tommu dekkjum og óvenjulegur fyrir þær sakir að vera allur í felulitum.

Óhætt er að segja að tilviljun á tilviljun ofan hafi ráðið því að Ólafur festi kaup á bílnum. „Við félagarnir fórum að kaupa riffil og seljandinn átti þennan bíl. Mér fannst hann mjög flottur en hugsaði ekki um það meir fyrr en ég sá hann svo aftur til sölu á netinu. Að kvöldi sama dags rakst ég á eigandann í sjoppu og hugsaði að þetta hlytu að vera teikn um að ég ætti að kaupa bifreiðina, þannig að við handsöluðum samninginn á staðnum.“ Ólafur hefur nú tvisvar farið á jeppanum í veiði.

„Hann er þægilegur og skemmtilegur útlits,“ segir hann og viðurkennir að bíllinn veki athygli. „Fólki finnst jeppinn flottur og fyndinn og því ber saman um að þetta sé listilega vel gert, en þar var fyrrum eigandi að verki.“

Veiðin er helsta áhugamál Ólafs sem segist skipuleggja allt árið í kringum hana. „Á vorin veiðir maður sjóbirting, á sumrin tekur svo við lax og silungur og skotveiðin á haustin og veturna. Sjófugl og önd er hægt að veiða fram í mars og þá er farið að styttast í stangveiðina.“

En hvað heillar helst við veiðina? „Það er margt; ferðalagið, félagsskapurinn, útiveran og sportið sjálft,“ svarar Ólafur og bætir við að eins sé gaman að matreiða úr bráðinni góða rétti. „Enda býður villibráð upp á marga möguleika í matseld.“

Tækin og tólin finnst Ólafi eins heillandi. „Ég er tækjakarl en viðurkenni að hægt er að komast af með góðan fatnað, GPS-tæki og áttavita. Svo virkar líka vel að vera á fínum bíl,“ segir hann og strýkur brosandi eftir húddinu á jeppanum.

*roald@frettabladid.is*

Framhald af forsíðu

Þórunn Gréta var í Calabriu sem er héraðið syðst á Ítalíu. „Þetta er alveg á stóru tánni á stígvélinu. Eitt af því sem er einkennandi fyrir þetta hérað er ákveðin tegund af rauðum lauk. Ég kom því heim með krukku af niðursoðnum svoleiðis lauk og krukku af sultu úr svoleiðis lauk og svo bara krukku af appelsínumarmelaði. Niðursoðna laukinn má setja ofan á ristað brauð eða nota í svona smárétti og síðan má líka bara skella honum á pönnu með pasta og hafa hann bara þannig sem aðalrétt. Sultan, það var nú meira svona af forvitni sem ég keypti hana, og hana notar maður nú sennilega sem chutney eða meðlæti.“

Bókin sem Þórunn Gréta kom með heim að þessu sinni var uppskriftabók frá Calabriu. „Ég sæki mér alltaf hugmyndir í uppskriftabækur, ég á mjög erfitt með að fara alveg eftir þeim. Það eru reyndar rosa margar uppskriftir með sverðfiski í þessari bók en hann er mikið veiddur þarna og túnfiskur. Það er náttúrulega ekkert auðvelt að fá túnfisk hér öðruvísi en bara í dós og ég hef aldrei séð sverðfisk á Íslandi. En við smökkuðum sverðfisk þarna úti og hann er svona grófur hvítur fiskur þannig að ég stefni á að prófa í vetur að nota bara alíslenskan hvítan fisk í þessar uppskriftir, jafnvel bara þorsk eða lúðu.“

*emilia@frettabladid.is*




Eitt af því sem er einkennandi fyrir Calabriu héraðið á Ítalíu er ákveðin tegund af rauðum lauk.



Þórunn Gréta kemur yfirleitt heim með bækur og framandi mat úr ferðalögum. Síðast var hún á Ítalíu.


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...








# Gólfefni

Sérblað • miðvikudagur 29. september

























Ármúla 23 | 108 Reykjavík | Sími 595 0595
www.formogrymi.is | verslun@formogrymi.is

FORM&RÝMI




„Ég og mínir menn vitum hvað við syngjum," segir Birgir Þórarinsson, sem hefur ásamt starfsfélögum sínum hjá Form og Rými ehf. áralanga reynslu af sölu á gólfefnum. Hér er Birgir til vinstri ásamt Hallgeiri Pálmasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Byggir á gömlum grunni

**Form og Rými ehf. er nýleg verslun við Ármúla 23 sem selur meðal annars parket og flísar. Hjá fyrirtækinu starfa fagmenn með áralanga reynslu af sölu gólfefna.**

„Við leggjum áherslu á þekkt og vönduð vörumerki og erum ætíð boðnir og búnir til að aðstoða viðskiptavinina við val á gólfefni," segir Birgir Þórarinsson, einn eigenda fyrirtækisins Form og Rými ehf. við Ármúla 23, sem selur parket, flísar, hurðir og loftaþiljur.

Birgir hefur áralanga reynslu af sölu á gólfefnum og segir parket frá sænska framleiðandanum Kährs einstaklega vandað, ásamt því að henta vel við íslenskar aðstæður. „Vegna gæða hefur það verið eitt mest selda parketið á Íslandi og í Skandinavíu allri í fjölda ára," segir hann og getur þess að á öllu parketi frá Kährs sé viðarlæsing, Woodlock, sem krækir parketborðin saman. „Borðin raðast sjálfkrafa án þess að lím komi við sögu, en við það verða samskeytin nánast ósýnileg auk þess sem lítið mál er að taka gólfefnið af."

Að sögn Birgis hefur plankaparket frá hollenska fyrirtækinu Solidfloor einnig verið eftirsótt á Íslandi síðustu ár. „Þetta er skemmtileg tilbreyting frá hefðbundnu parketi, náttúrulegt í útliti og fæst hjá okkur í breiðri og vandaðri línu." Hann tekur fram að farið sé eftir ströngustu gæðastöðlum við framleiðslu á parketinu frá Solidfloor. „Menn eru því að fá hágæðavöru í hendurnar."

Birgir bendir á að í Form og Rými ehf. fáist jafnframt gott harðparket frá sænska framleiðandanum Pergo, sem áður var selt í Ofnasmiðjunni. „Einnig bjóðum við upp á breitt úrval af flísum á gólf og veggi frá hinum þekkta og virta þýska framleiðanda Agrob Buchtal, sem eru slitsterkar og auðveldar í þrifum." Hann getur þess að í búðinni fáist líka öll fylgiefni fyrir parket og flísar; lím, hreinsiefni og fleira.

„Þá er rétt að geta þess að við erum með á lager innihurðir frá þýska framleiðandanum Ringo. Þær fást í mörgum viðartegundum, svo sem eik og hvíteik og líka hvítmálaðar," segir Birgir og bætir við að hurðirnar hafi um árabil notið vinsælda meðal verktaka og almennings.

# Rétt rakastig skiptir máli

Þegar velja á parket er mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga. Birgir Þórarinsson hjá Form og Rými er öllum hnútum kunnugur.

- Í fyrsta lagi er mikilvægt að velja parket frá virtum framleiðanda og parket sem hefur reynst vel við íslenskar aðstæður.
- Leitið ráða hjá fagmönnum.
- Athugið hvaða ábyrgð er boðin frá framleiðanda og söluaðila. Til dæmis er parket frá sænska framleiðandum Kährs með 25 ára ábyrgð. Rakainnihald í parketi er sérstaklega mikilvægt. Fyrir íslenskar aðstæður má rakinn í viðnum ekki vera meiri en 7- 8% en sá raki samsvarar 30-40 % loftraka. Ef rakinn í parketinu er meiri er hætt við að parketið rýrni og glufur myndist.
- Oft er nauðsynlegt að hafa rakatæki í íbúðum þar sem parket er lagt.
- Áður en byrjað er að parketleggja er mikilvægt að athuga rakann í gólfinu.



**Birgir Þórarinsson segir áríðandi að velja rétt parket, meðal annars til að fyrirbyggja að skemmdir komi upp.**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 I **Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411

# Náttúruna heim í stofu

**Harðparket er það heitasta í gólfefnum Parka nú, enda hagkvæm og falleg lausn.**

„Tíska í gólfefnum nú er svipuð og undanfarin misseri og mest leitað eftir plankaparketi. Það eigum við í úrvali stærða á lager, og getum enn fremur útvegað borð upp í sex metra á lengd og 35 sentimetra á breidd,“ segir Egill Birgisson, sölu- og markaðsstjóri hjá Parka á Dalvegi 10 í Kópavogi, en þar er að finna ríkulegasta úrval parketgólfa á landinu.

„Með plankaparketi kemst fólk í mesta tengingu við náttúruna, því þá er það komið með trjádrumb því sem næst beint heim í stofu. Flestir kjósa náttúrulegustu gólflausnirnar sem jafnframt eru hlýlegar og sameina góða slitendingu og að standast tímans tönn hvað útlit og tískustrauma varðar,“ segir Egill og upplýsir að eik sé sem fyrr langvinsælasta viðartegund parketgólfa.

„Sú nýbreytni hefur þó átt sér stað að þeir sem vilja halda sígildum eikartóni viðarins eru farnir að nota sérstakt lakk til að sporna við að viðurinn gulni. Því erum við ávallt með ómeðhöndlaða planka á lager svo fólk geti sjálft ráðið útkomunni, en einnig nýtur vaxandi vinsælda að hvítta gólf, gera þau grá eða jafnvel alveg svört,“ segir Egill.

Þessa dagana er von á algjörri nýjung hjá Parka, en það er svokallað harðparket.

„Með harðparketi erum við komin með 95 prósent tré á móti fimm prósent plastefni sem gera plankana enn harðari. Plankarnir eru 12 millimetra þykkir, 2 metrar á lengd og 18,9 sentimetra breiðir, en sú stærð á harðparketi hefur hingað til verið ófáanleg. Nýja harðparketið tekur öðru plankaparketi fram hvað varðar endingu og styrkleika, það fæst í öllum litum og er miklum mun ódýrara en hefðbundið plankaparket,“ segir Egill og útskýrir betur mun á plastparketi og harðparketi.

„Mörgum þykir plastparket fráhrindandi orð, en plastparket er í raun ekki úr plasti. Með nýjustu tækni er óvinnandi vegur að sjá hvort um hefðbundið tré eða framleitt viðarmynstur er að ræða því enginn planki er nákvæmlega eins, á meðan harkan er orðin mun meiri. Harðparket er því bæði níðsterkt og rosalega flott, og okkur hreinn heiður að geta útvegað það í þessum nýju stærðum á verði sem er verulega sexí. Harðparket er því hagkvæm lausn í samanburði við plankaparket sem kostar um 10 þúsund krónur fermetrinn á meðan harðparket fæst í kringum 5.000 krónur fermetrinn.“

Heimasíða Parka er www.parki.is



Egill Birgisson er sölu- og markaðsstjóri hjá Parka á Dalvegi 10. Hér er hann innan um sýnishorn af vinsælu plankaparketi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Trégólfin lituð með lút

Nú er hæstmóðins að klæðskerasauma gólfefni að innbúi húseigenda, en þar eru heitustu litirnir hvítt, grátt og svart.

„Við bjóðum afbragðs lút í mörgum litabrigðum sem eru sérstaklega góð til litunar eikargólfs. Þeim fer fækkandi sem kjósa náttúrulegan ljóma eikarinnar en lita hana í stað þess með lút. Þá er gólfið pússað upp fyrst og svo borinn á lútur sem gjörbreytir ásýnd viðarins,“ segir Egill Birgisson, sölu- og markaðsstjóri hjá Parka. „Náttúrulegir litatónar eru ríkjandi, því jafnvel þótt tré sé litað hvítt, grátt eða svart sést viðaráferð þess áfram um leið og útkoman samræmist betur húsbúnaði fólks.“

Að sögn Egils er hnota með eftirsóttustu viðartegundum nú en sökum hækkandi timburverðs á heimsvísu þykir mörgum hún óheyrilega dýr.

„Því kaupir fólk sér eikarplanka í staðinn og litar í sama lit og hnotuna. Útkoman er raunsæ og afar falleg, þótt aldrei nákvæmlega eins og alvöru hnota þar sem æðastrúktúr viðartegundanna er ólíkur. Þá er auðvelt að lakka yfir plankann eftir litun og búa til sterkara slitlag, en ending lútunar án lakks er líka góð,“ segir Egill.

Í Parka á Dalvegi 10 má skoða sýnishorn af mismunandi útkomu lútunar á plankaparket, hvernig að lútuninni er staðið og ráðleggingar um hvernig best er að haga henni.






Framleiðandi: Solidfloor
Tegund: Black & White, Pearl White
Stærð: 15mm á þykkt, 183 cm á lengd og 18,9cm á breidd



Framleiðandi: Solidfloor
Tegund: Black & White, Charcoal
Stærð: 15mm á þykkt, 183 cm á lengd og 18,9 cm á breidd



Framleiðandi: Solidfloor
Tegund: Lifestyle Anchorage
Stærð: 15mm á þykkt, 183 cm á lengd og 18,9cm á breidd



Framleiðandi: Solidfloor
Tegund: Lifestyle Cleveland
Stærð: 15 mm á þykkt, 183 cm á lengd og 18,9 cm á breidd

Dalvegi 10–14 | 201 Kópavogi | Sími 564 3500 | www.parki.is

Parki INTERIORS













HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is




**„Margir hafa náttúrulega ekki efni á að kaupa dýr gólfefni en kjósa engu að síður gæði. Þar komum við til sögunnar,“ segir Eggert.**

# Gæðavara á góðu verði

**Harðviðarval að Krókhálsi 4 er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem selur allar gerðir af gólfparketi.**


**Harðviðarval leggur mesta áherslu á gólfefni, flísar og allar gerðir parkets, það er plast-, harð- og viðarparket.**

„Við höfum frá upphafi gætt þess að láta gæði og verð haldast í hendur í versluninni og það hefur haldið lífi í okkur í gegnum tíðina,“ segir Eggert Gottskálksson, framkvæmdastjóri fjölskyldufyrirtækisins Harðviðarvals að Krókhálsi, sem hefur verið rekið í hartnær fjörutíu ár.

Harðviðarval leggur mesta áherslu á gólfefni, flísar og allar gerðir parkets, það er plast-, harð- og viðarparket að sögn Eggerts. „Við höfum alltaf lagt áherslu á að höfða til fjöldans með fjölbreyttu úrvali parkets og flísa. Seljum allt frá ódýrasta plastparketinu og upp í dýrt viðarparket, til að einangra okkur ekki á markaði með því að selja eingöngu dýrt viðarparket,“ útskýrir hann og bætir við að gæðin séu auk þess í hávegum höfð.

„Við höfum í ein tuttugu ár átt í farsælu samstarfi við tvo stærstu framleiðendurna Haro og Quick-step sem eru hvor um sig þekktir fyrir vandaða framleiðslu. Haro er þýskt fyrirtæki sem framleiðir allar gerðir parkets í vönduðum útfærslum, en Quick-step er belgískur framleiðandi, einkum þekktur fyrir hágæða plastparket sem mikið er horft til í tengslum við útlit, gæði og endingu.“

Eggert bætir við að gæðanna vegna hafi Harðviðarval haldið tryggð við þessa framleiðendur auk þess sem verðið sé samboðið Íslendingum. „Margir hafa náttúrlega ekki efni á að kaupa dýr gólfefni en kjósa engu að síður gæði og þar komum við til sögunnar.“

Þá getur Eggert þess að Harðviðarval státi af stórum vörulager auk þess sem tekið sé við sérpöntunum. „Í sjálfu sér erum við ekki beint sérpöntunarbúð en tökum þó við pöntunum og getum yfirleitt afhent vöruna innan tveggja til þriggja vikna,“ segir hann og bætir við að í búðinni fáist að auki flísar í góðu úrvali, innihurðir og gólfefni á borð við lím, spörsl og hreinsiefni. „Hér á enginn að þurfa að koma að tómum kofunum og við reynum ávallt að liðsinna viðskiptavinum okkar eftir bestu getu.“

# Umhirða HARO parketgólfa

Parketgólf þarfnast fagmannlegrar hreinsunar og umhirðu til þess að viðhalda yfirborðsverndinni og fallegri áferð – hvort sem um er að ræða yfirborðsmeðhöndlun með lakki eða með olíu.

Með umhirðu er yfirborðið enn fremur verndað fyrir mekanískum og kemískum áhrifum. Haro hefur breiða línu af hreinsi- og viðhaldsefnum hvort sem um ræðir lökkuð eða olíuborin gólf.




**LAKKYFIRBORÐSMEÐHÖNDLUÐ PARKETGÓLF**

Lakkyfirborðsmeðhöndlun verndar yfirborð parketsins. Hún er nú á dögum yfirleitt gerð með umhverfisvænum efnum (til dæmis vatnslakki). Hún hindrar að óhreinindi smjúgi inn í parketið og auðveldar þannig verulega hreinsun og umhirðu.

**GRÓF ÓHREININDI ERU FJARLÆGÐ MEÐ SÓP EÐA RYKSUGU.**

Með lakkyfirborðsmeðhöndlun næst ekki „blautvernd“ heldur „rakavernd“. Þess vegna má ekki bleyta parketið þegar það er þvegið heldur skal vinda klútinn þannig að hann sé aðeins „eilítið rakur“.

**OLÍUBORIÐ PARKETGÓLF**

Nýtísku olíumeðferðir eru yfirleitt úr náttúrulegum hráefnum og áferðin verður hefðbundin. Viðurinn lifnar þægilega við. Olíumeðferðin gefur vörn sem „andar“ svo að viðurinn getur unnið á frjálsan hátt. Kerfin eru þurftarlítil og viðgerðarvæn í notkun.

Gallinn við olíuborin gólf er að vörnin fyrir óhreinindum og raka er minni og þurfa þau því meiri umhirðu.

Umhirðu olíuborinna parketgólfa má annast með svonefndum umhirðuolíum. Auðvelt er að laga olíuborin yfirborð og þau eru örugg að ganga á.

# Lipur og þægileg þjónusta

**Hjá Harðviðarvali er áhersla lögð á persónulega og góða þjónustu þar sem mikið tillit er tekið til þarfa viðskiptavinanna.**




**„Til allrar hamingju hefur starfsmannaveltan verið lítil þannig að starfsfólkið okkar er alveg heill hafsjór af fróðleik,“ segir Björn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við kappkostum við að veita góða og persónulega þjónustu, enda skynjum við að fólk sækist í síauknum mæli eftir slíku og þá sérstaklega eftir að kreppan skall á. Það vill fá fína þjónustu og hreinlega fullvissa sig um að það sé að kaupa gæðavöru en ekki köttinn í sekknum,“ segir Björn Matthíasson, sölu- og markaðsstjóri hjá Harðviðarvali að Krókhálsi 4.

Björn bendir á að Harðviðarval hafi í sínum röðum starfsfólk sem er sumt með áralanga reynslu og þekkingu á gólfefnum, parketi og tengdum vörum. „Til allrar hamingju hefur starfsmannaveltan verið lítil þannig að starfsfólkið okkar er alveg heill hafsjór af fróðleik og því um að gera að leita til þess með hvers kyns fyrirspurnir.“

Hann segir að Harðviðarval hafi svo fyrir skemmstu tekið upp nýtt þjónustustig til að koma frekar til móts við þarfir viðskiptavinanna. „Fólk getur nú haft samband og pantað tíma utan hefðbundins afgreiðslutíma. Þetta er tilvalið fyrir þá sem af einhverjum sökum eiga erfitt með að koma til okkar á venjulegum tíma. Þarna gefst þeim færi á að koma og skoða úrvalið í ró og friði.“

Þá segir Björn sífellt meiri áherslu lagða á að þjónusta viðskiptavini Harðviðarvals í gegnum heimasíðu fyrirtækisins, www.parket.is. „Á vefnum erum við að þjónusta landsbyggðina enn betur og þá sem heimsækja okkur ekki svo auðveldlega, með vöruskrá og myndum. Hvoru tveggja er tilvalið að skoða til dæmis áður en kíkt er í heimsókn eða menn fá prufur sendar,“ útskýrir hann og segir sífellt fleiri nýta sér þennan valkost.

„Svo er rétt að taka fram að við bjóðum fólki að klára allan pakkann, ef keypt er parket eða hurðir ásamt parketlögn eða uppsetningu þá getum við hjálpað því að koma efninu á leiðarenda, að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Björn og bætir við að fyrirtækið geti einnig endursent efni sem verður afgangs og endurgreiði fyrir.



**Viðskiptavinir geta nú skoðað úrvalið í versluninni utan hefðbundins opnunartíma einfaldlega með því að bóka sér tíma.**

# Quick step-harðparket

- Quick step-harðparket eru 10 sinnum rispuþolnari en önnur sambærileg efni, þökk sé „Scratch guard“-tækninni. Ávinningurinn er augljós! Hægt er að njóta fallegs parketgólfs mun lengur.
- Fallegt gólf er aðeins fallegt ef það er lagt á réttan hátt! Quick step veitir lífstíðarábyrgð á smellukerfinu.
- Quick step-gólf eru sértaklega hentug á gólfhita. Mikilvægt er að velja rétt undirlag, leggja gólfið fljótandi og njóta þess, áhyggjulaus!
- Hönnun er jafn mikilvæg og gæðin. Quick Step notast aðeins við úrvals hönnun og er sérstaklega stolt af þeirri tilfinningu sem áferð gólfsins gefur. Þegar höndunum er strokið yfir rustic-gólf frá Quick Step þá kemur munurinn í ljós.
- Quick Step-gólf heldur lit þrátt fyrir mikið sólarljós. Það er ekki hægt að segja um mörg önnur gólf.
- Öll Quick Step-gólf eru afrafmagnandi (antistatc). Þannig er hægt að losna við óþægindi sem fylgja rafmögnuðum gólfum.



**Parketið er slitsterkt og heldur að auki lit þrátt fyrir mikið sólarljós.**

- Óhreinindi geta ekki auðveldlega safnast upp á Quick Step-harðparketinu vegna þess að harðparketið hafa lokað yfirborð. Svo er mjög auðvelt að þrífa.

Hægt er að kynna sér harðparketgólfin á heimasíðunni www.parket.is.










**Harðparket**
Rustic Eik Natural
Extra langir og breiðir plankar með fösun, enginn planki eins
Framleiðsluland : Belgía
**Verð : 6.990.-pr m²**

QUICK STEP




HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is



**Velas Blanco**
33,3x66,6 flísar frá Venis á Spáni.
Verð kr. 8609,- fermeterinn



**Gólf í boxi – sjálflímandi vinyl dúkur frá Tarkett.**
Einstaklega auðvelt í ásetningu og ekki spillir verðið, aðeins kr. 2390,- fermeterinn.



**Tarkett plastparket**
Woodstock 8 mm eikarplanki fasaður kr. 2890,- fermeterinn

**Tarkett viðarparket**
Eik Rumba robust 3 stafa kr. 4990,- fermeterinn



ÁLFABORG

Skútuvogi 6 | 104 Reykjavík | Sími 568 6755 | www.alfaborg.is



Kolbeinn Smári Össurarson, markaðsstjóri hjá Álfaborg, segir nú vera tækifæri til framkvæmda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dugleg að leita nýjunga

**Álfaborg í Skútuvogi 6 býður úrval gólfefna undir einkunnarorðunum „allt á gólfið á einum stað“.**

„Það er þægilegt fyrir viðskiptavini að velja til dæmis saman flísar og parket í sömu versluninni en við bjóðum úrval af flísum, parketi, teppum og dúkum,“ segir Kolbeinn Smári Össurarson, markaðsstjóri hjá Álfaborg, en fyrirtækið sameinaðist Teppalandi ehf. árið 2007.

Kolbeinn segir viðskiptin ganga vel. Átak stjórnvalda, „Allir vinna“, gefi fólki tækifæri á framkvæmdum og frá septemberbyrjun hefur einnig staðið yfir sérstakt átak hjá Álfaborg þar sem viðskiptavinum býðst teppi á stigagang og vinna á tilboði.

„Það hefur aldrei verið hagstæðara fyrir fólk að framkvæma en nú þegar það fær bæði virðisaukann endurgreiddan og einnig skattaafslátt. Við bjóðum teppin ákomin á stigagang með vinnu á 6.130 krónur fermetrann. Við sendum mann á staðinn til að mæla allt upp og reikna út kostnaðinn og erum í samstarfi við fyrirtækið Dúkarinn Óli Már. Sérstök álagsteppi eru notuð á stigagangana og fást í mörgum litum. Við hjálpum einnig fólki í fjölbýlishúsunum að útfylla virðisaukaskýrsluna.“



Gólfefni ganga í gegnum tískusveiflur eins og annað. Kolbeinn segir parket og flísar þó enn algengasta gólfefnið.

Kolbeinn segir svo víðtæka þjónustu ekki hafa staðið fólki til boða áður og viðtökurnar séu góðar. „Fólk áttar sig oft ekki á því að þótt margir séu um sameignina er hægt að deila skattaafsláttinum á íbúana í stigaganginum. Þetta er eins einfalt og hægt er.“

Gólfefni ganga gegnum tískusveiflur eins og annað. Kolbeinn segir parket og flísar þó enn þá algengasta gólfefnið en teppin séu í sókn. „Þá eru sísalteppi vinsæl á stiga milli hæða á heimilum í fleiri litum en áður, til dæmis gráu, svörtu og koparlituðu. Filtteppi eru að koma inn aftur á nýbyggingar þegar fólk leitar ódýrari lausna. Við höfum verið dugleg að leita nýjunga sem fólk getur nýtt sér fyrir lítið verð og bjóðum meðal annars upp á sjálflímandi gólfdúk sem við köllum Gólf í boxi. Í flísum erum við að fá nýjungar í hverjum mánuði, bæði ódýrari línur og nýjungar frá Porcelanosa sem er einn fremsti flísaframleiðandi í Evrópu í dag. Hér er úr nógu að velja.“

# Gólf í boxi sniðug lausn

Gólf í boxi eru tveir fermetrar af sjálflímandi dúk í boxi sem fólk getur lagt sjálft á gólfið. Kolbeinn Smári Össurarson markaðsstjóri hjá Álfaborg segir þetta einn lið í hagstæðum lausnum sem fyrirtækið bjóði upp á.

„Við leitum allra leiða við að finna eitthvað sem fólk getur gert sjálft núna þegar margir þurfa að spara. Dúkurinn kemur í mörgum litum og munstrum á rúllu og ekkert að gera annað en fletta filmu ofan af límhliðinni og leggja hann. Þarna fær fólk allt tilbúið á 2.390 fermetrann en boxinu fylgja leiðbeiningar um lögnina.“

Dúkurinn hentar á minni fleti og á flest herbergi hússins. Þó ekki blautrými eins og baðherbergi. Flöturinn sem dúkurinn er lagður á þarf að vera sléttur og hreinn. Límið segir Kolbeinn vera sterkt og dúkurinn eigi að geta enst árum saman.




Gólf í boxi fást í fjölmörgum litum.

„Dúkurinn kemur frá Tarket, einum stærsta gólfefnaframleiðanda í Evrópu, og reynslan af þessu erlendis er mjög góð.“



Sýningarsalurinn í Gallery Gólf er rúmgóður og þar er auðvelt að átta sig á hlutunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sýnum stórar prufur til að gefa rétta mynd af vörunni

**Gallery Gólf er ný sérverslun á annarri hæð í Heimahúsinu að Síðumúla 30. Þar ræður Sigurður Vilhelmsson ríkjum en hann hefur 37 ára reynslu í sölu gólfefna og veit því um hvað málið snýst.**

„Höfuðþátturinn hjá okkur er að vera með gott úrval gólfefna á góðu verði. Einnig kappkostum við við í þessari verslun að hafa andrúmsloftið þægilegt og afslappað og sýna vöruna með stórum prufum sem gefa rétta mynd af gólfunum. Þannig ætti að vera hægt að tryggja að viðskiptavinurinn fái akkúrat það sem hann leitar að,“ segir Sigurður sem er fagmaður fram í fingurgóma.

Parketið í Gallery Gólf er flutt inn frá Indónesíu, frá fyrirtækinu Lite Wood International. Um er að ræða þriggja stafa parket eins og flestir þekkja, „standard“ planka og breiða planka. „Þetta er fyrst og fremst eikarparket sem við erum með. Yfirborðið er bara misjafnlega unnið og hægt að sýna hundrað mismunandi útfærslur á því,“ segir Sigurður og útskýrir nánar: „Það er hægt að bæsa eikina dökka, hvítta hana, bursta, lakka með mismunandi gljástigi eða olíubera hana.“



Sigurður Vilhelmsson, verslunarstjóri Gallery Gólf, sýnir nýja læsingarkerfið fyrir parketið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður nefnir vörumerkið Timber Top í parketi en lykilinn að góðri endingu þess segir hann vera notkun gúmmítrés í millilaginu og furu í neðsta laginu. „Þessi samsetning tryggir parketinu aukinn stöðugleika og þol,“ segir hann og tekur fram að allt parket hjá honum sé með 5G viðarlæsingu sem sé alveg það allra nýjasta á markaðnum.

Næst snúum við okkur að flísunum en þær flytur Gallery Gólf inn frá tveimur ítölskum framleiðendum. „Þetta er allt gegnheilt efni sem notast á gólf og veggi, úti og inni,“ lýsir Sigurður, en merkir hann einhverjar nýjar áherslur í efnisvali og litum hjá viðskiptavinum sínum?

„Já,“ svarar hann. „Það er aðeins að draga úr vinsældum þessa svarta og dökkgráa. Nú eru að koma meiri jarðlitir, eins og grábeis, brúnbeis og fleiri hlýlegri litir.“ Sigurður segir flísar allar afréttar til að fúgan geti orðið minni. „Fólk vill litlar fúgur og ég er með mikið litaúrval í fúgusementinu þannig að hægt er að fá það samlitt flísunum.“

Spurður að lokum hvort verslun með gólfefni sé blómleg um þessar mundir svarar Sigurður: „Það er auðvitað ekki stór fjöldaframleiðsla í nýbyggingum eins og var en ýmsir eru þó að ljúka við sínar íbúðir. Við Íslendingar höfum líka, sem betur fer, sans fyrir því að halda eignum við, enda felast í því ákveðin verðmæti.“

# Antikplanki með kvistum

„Þetta gólfefni ber vöruheitið Eik Andes og er antikplanki með kvistum. Hann er í borðastærðinni 190x1820 mm og er með viðarlæsingu en það er aðallinn okkar að vera með nýtt læsingarkerfi á öllu okkar parketi,“ segir Sigurður Vilhelmsson eigandi verslunarinnar Gallery Gólf. Læsingarkerfið segir hann ganga undir nafninu 5G „sem þýðir bara fimmta kynslóðin í svona læsingarkerfum,“ útskýrir hann.

Fermeterinn af Eik Andes segir hann vera á 10.785, krónur miðað við staðgreiðslu en tekur fram að einnig sé fáanleg þriggja stafa eik rustik með viðarlæsingu og möttu lakki á 4.995 krónur.



Eik Andes er glæsilegt gólfefni eins og sjá má.




Gegnheil flís 30x60cm
Tegund **GENESIS SHELL**
**Kr. 6.585,- pr. m² stgr.**
CERCOM



CERCOM
Gegnheil flís 30x60cm
Tegund **GENESIS LOFT ATLANTIC**
**Kr. 6.585,- pr. m² stgr.**



Gegnheil flís 30x60cm.
Tegund **DIAMANTE MATT**
**Kr. 4.485,- pr. m² stgr.**
atlas concorde



TIMBER TOP
**PYRENEES**
Eik Pyrenees. Antik planki með kvistum. Burstað, hvíttað og matt lakkað.
Borðstærð: 190x1820 mm. með viðarlæsingu.
**Kr. 10.388,- pr. m² stgr.**

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
Síðumúla 30 2. hæð, 108 Reykjavík, sími 562 4242, verslun@gallerygolf.is, www.gallerygolf.is

GÓLFLAUSNIR MALLAND

Auk hefðbundinna gólfefna fyrir heimilin, iðnað og stofnanir bjóða Gólflausnir Malland upp á öryggisyfirborð á leikvelli og gripahús, ræstikerfi fyrir stofnanir og bakkteríufrí gólf- og veggefni fyrir matvælaiðnaðinn og sjúkrahús.

BioCote www.biocote.com

**Bakteríufrí gólfefni.**



Öll gólf- og veggefni Gólflausna Mallands er hægt að fá með bakteríuvörn sem lágmarkar dreifingu baktería. Vörnin heitir BioCote og byggir á svonefndri „silver ion antimicrobial technology“ sem myndar þannig innbyggða vörn gegn bakteríu-, sveppa- og mygluvexti. Efnið markar byltingu fyrir þá sem starfa í matvælaiðnaði, íþróttahúsum, sundlaugum, heilbrigðisstofnunum og öðrum geirum þar sem hreinlæti skiptir sköpum. Efnið drepur allar bakteríur og veldur engum skaða því efnið blæðir ekki úr gólfefninu. Þetta skilar sér ótvírætt í lægri þrifakostnaði og svo bættu öryggi fyrir vinnustaði sem eru viðkvæmir fyrir bakteríusmiti.

Playtop SAFER SURFACING www.playtop.com

**Öryggisyfirborð.**



Gólflausnir Malland hefur sérhæft sig á undanförnum árum í lagningu sérstaks öryggisyfirborðs. Gólflausnir Malland er í samstarfi við fyrirtækið Playtop í Bretlandi, sem er einn stærsti framleiðandi öryggisyfirborðsefna í heiminum. Efnið sem um ræðir er höggdeyfandi yfirborð sem hugsað er fyrir leikvelli og er hannað í þeim tilgangi að draga úr meiðslum barna sem kunna að verða fyrir óhöppum við leik. Einnig hefur ein útfærsla efnisinsverið notað sem fallvörn í kringum sundlaugar og í vaðlaugum. Gólflausnir Malland vinnur alla lagningu öryggisyfirborðsins samkvæmt stöðlum sem settir eru af Evrópusambandinu þeim sömu og leiksvæði barna eru hönnuð eftir. Ný tegund öryggisyfirborðs er svo kölluð „gúmmí steypa“ sem notuð er aðallega í hesthúsum, dýrunum til mikilla þæginda og til betri heilsu.

PLS www.pls.nu

**Þarf aldrei að bóna gólfin aftur.**



I-Vax viðhaldskerfið samanstendur af tveimur hreinsiefnum sem notuð eru í daglegum þrifum og koma alfarið í stað sápu og bóns. Með I-Vax viðhaldskerfinu má ná fram umtalsverðum sparnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir. Með því að útrýma bóni og bónleysingum er hægt að koma í veg fyrir það rask sem óhjákvæmilega hlýst af þeirri aðgerð. Það er til dæmis alls ekki óþekkt að loka þurfi fyrirtækjum eða einstökum deildum þeirra um einhvern tíma á meðan bónleyst og bónað er. Með því að skipta yfir í I-Vax viðhaldskerfið er hægt að koma í veg fyrir það og þar fyrir utan er það tíu sinnum ódýrara og laust við allar eiturgufur. I-Vax vörurnar eru Svansmerktar. I-Vax má nota á hvaða undirlag sem er, hvort sem það eru flísar, dúkar eða parket. Til merkis um ágæti I-Vax viðhaldskerfisins má nefna að Háskólinn í Reykjavík notast eingöngu við það í byggingu sinni í Nauthólsvík sem var opnuð fyrir skemmstu. Menningarhúsið Hof á Akureyri, Landsspítalinn og Fasteignir Hafnarfjarðar hafa einnig notast við I-Vax kerfið ásamt mörgum öðrum.



ULTRA ÚTI frábær lausn utandyra, fallegt og stammt.



ULTRA 4000 gólfefnið á bílskúrinn alltaf vinsælt.

**www.malland.is**



„Viðhaldsfríu gólfefnin sem við bjóðum innihalda viðhaldskerfi sem koma alfarið í stað sápu og bóns og því þarf aldrei að bóna þau,“ segir Kristinn F. Sigurharðarson, framkvæmdastjóri Gólflausna Malland. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Njóta sérstöðu á markaði

**Gólflausnir Malland nýtur talsverðar sérstöðu á gólfefnamarkaðinum. Auk hefðbundinna epoxy gólfefna fyrir heimilin, iðnað og stofnanir býður fyrirtækið upp á ýmsar nýjungar svo sem bakteríufrí gólf- og veggefni, öryggisyfirborð, hálkufrí og svo viðhaldskerfi fyrir gólfefni.**

Gólflausnir Malland rekur tvær starfsstöðvar. Annars vegar í Lágmúla 7 í Reykjavík og svo í Njarðarnesi 10 á Akureyri. Mikil þekking er innan Mallands en starfsfólk fyrirtækisins hefur margt hvert starfað við gólflagnir í yfir 30 ár. Kristinn F. Sigurharðarson er framkvæmdastjóri Malland, búsettur á Akureyri en starfar bæði í Reykjavík og fyrir norðan.

„Við hjá Mallandi höfum auk gólfefna til heimila aðallega verið að selja og þjónusta gólfefni til fyrirtækja og stofnana. Undanfarið höfum við mikið unnið fyrir fyrirtæki tengd fiskiðnaði og höfum sérhæft okkur í allt öðruvísi gólfefnum en þessum hefðbundnu,“ segir Kristinn. „Af þessum sértæku gólfefnum má nefna öryggisyfirborð í kringum leikvelli og sundlaugar, hálkufrí gólfefni í kringum verslanir og slíkt, viðhaldskerfi fyrir gólfefni og svo bakteríufrí gólfefni. Bakteríufríu gólfefnin eru í raun bylting í gólfefnagerðinni en öll gólf- og veggefnin okkar er hægt að fá með bakteríuvörn sem lágmarkar dreifingu bakteria en efnin mynda innbyggða vörn gegn bakteríu-, sveppa- og mygluvexti.“ Kristinn bætir við að slíkt efni henti vel fyrir matvælaiðnaðinn, íþróttahús, sundlaugar, heilbrigðisstofnanir og aðra staði þar sem hreinlæti er sérstaklega mikilvægt en efnið sem sett er í gólfefnið drepur bakteríur.

„Viðhaldskerfið sem við bjóðum upp á inniheldur mjúkvax sem kemur alfarið í stað sápu og bóns og því þarf aldrei að bóna þau. Bón og bónleysar, með öllum sínum eiturefnum og kostnaði, eru þar með úr sögunni,“ segir Kristinn en þess má geta að Háskólinn í Reykjavík notast eingöngu við I-VAX viðhaldskerfið í byggingu sinni í Nauthólsvík og gólfefnið nýtur sívaxandi vinsælda svo sem í skólum og leikskólum. .

„Gólfefnin sem við seljum í heimahús hafa mest verið tekin á þessa „grófu“ vinnustaði innanhúss svo sem bílskúrsgólf og vaskahús. Við leggjum mikla áherslu á að öll efnin okkar séu vottuð af viðurkenndum stofnunum,“ segir Kristinn.

# Barnvænt yfirborð



Gólflausnir Malland eru í samstarfi við fyrirtækið Playtop í Bretlandi sem er leiðandi framleiðandi öryggisyfirborðsefna í heiminum. Efnið Playtop hefur höggdeyfandi yfirborð og hentar því sérstaklega vel fyrir leikvelli og er í raun hannað til að draga úr meiðslum barna sem eru að leik. Einnig hefur efnið verið vinsælt í kringum sundlaugar og í vaðlaugum sem yngsta kynslóðin nýtir sér mikið. Gólflausnir Malland vinna einnig að lagningu öryggisyfirborðsins og gerir það eftir stöðlum sem settir eru af Evrópusambandinu. Ný tegund af öryggisyfirborðinu hefur svo litið dagsins ljós og er notuð aðallega í hesthúsum, dýrunum til aukinna þæginda.

## Námskeið



Smáskipanámskeið 18.10 - 27.11. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Dýrahald

### Labradorhvolpar

Einstakir hreinræktaðir labradorhvolpar. Tík Frygg/ Leiru harró mjóafjarðardröfn. Rakki v.h. kubbur. Ættb. HRFÍ, örm., heilsufsk. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 695 9597 / 482 4010.

## Ýmislegt


20% AFSLÁTTUR

Gegn framvísun þessa miða færð þú 20% afslátt af föndur- og hannyrðavörum hjá A4 Skrifstofu og skóla

Gildir til 30. 09.2010

A4 Skrifstofa og skóli

Smáratorgi 1 + Kópavogi + a4.is


## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




### TILBOÐSDAGAR

Taumar frá kr. 1950
Töskur frá kr. 2000
Gjarðir frá kr. 2700
Hestar og menn, Ögurhvarf1, 203 Kópavogur s. 567 3300.

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.

**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Herb. miðb. Rvk, húsg. fylgja. Verð 30 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

R-109. Snyrtileg 2ja.herb kj.íbúð í einbýli í fallegu rólegu hverfi. Reykleysi og reglusemi áskilin. V. 78þús. Uppl á snemma@visir.is

### Til leigu

2 herbergja íbúð í hverfi 108 Rvk. Uppl. í s. 892 2137.

### Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu í Reykjanesbæ íbúðir einbýli, 1-4 herb. Allur búnaður er innifalinn. S. 698 7626

### Stúdíóíbúð

Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 59 þ. S. 824 6692.

Rúmgóð 4 herb. íbúð í Kórahverfi til leigu tímabundið, er laus. Uppl. í s. 866 2416 & 555 3318

## Húsnæði óskast

Enskumælandi kona leitar að tveggja herbergja íðúð í Reykjavík, helst í 101/105/107/108 S. 618 9574.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð í Austurb.fyrir reglusama konu með 1 barn. Gr.geta 100-120 þús. Öruggar greiðslur. S. 897 1995.

Sérbýli óskast. Þarf að vera frekar nýlegt, verð 150þ. Rósa: S. 697 9557.

4ra + herbergja íbúð með bílskúr óskast til leigu í Hafnarfirði fyrir 1.desember. Uppl. í síma 698 6877

## Atvinnuhúsnæði

Lítill/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

Til leigu 60 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf S: 868 1451. / 5550128

## Geymsluhúsnæði

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### Geymslupláss!

Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

### Ferðavagnageymsla

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 899 7012 email: solbakki.311@gmail.com

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

### www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

### Húsvagnageymslan Þorlákshöfn

Síðustu stæðin fyrir veturinn Tjaldv. kr 18.000 Fellih kr 25.000. Uppl.893-3347/866-6610

### Síðustu plássin

Húsvagnageymsla-upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564 6501.

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

### GISTING Í KAUPMANNAHÖFN

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Ridingguide/trainer Help with our 120 Icelandic horses. Riding, training, shoeing, feeding, maintenance. Possible job for partner & accommodation. English a must, Danish a gift. Therese Thøgersen, www.kommandoergaarden.dk, contact tt@kommandoergaarden.dk or +4523458649

Shock kvenfata tískvöruverslun Fákafeni 9 auglýsir eftir Verslunarstjóra. 20 ára eða eldri viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga tísku og byggja upp öfluga búð með góðum aðilum. Reynsla, þekking og skilningur á bransanum er skilyrði. áhugasamir sendið upplýs. með mynd á shock@simnet.is

### !! AVON !!

Við hjá AVON óskum eftir sölufulltrúum um allt land við sölu á snyrtivörum í heimakynningum. nánari upplýsingar í síma 577-2150 Avon@avon.is

Frábært atvinnutækifæri! Ófeiminn og opinn einstaklingur óskast til samstarfs. Uppl. kvkvinna@gmail.com

Eldhrímnir restaurant is looking for an experienced chef now. Please contact 821 7909 & 821 6163.

Starfsmaður óskast í heildverslun með tísku tengdar vörur. Æskilegt er að reynsla af slíkum störfum sé til staðar. Uppl. í s. 863 4252.

Starfsmaður óskast kvenntískuvöruverslun. Þarf að vera stundvís og meðmæli æskileg. Uppl. í s. 863 4252.

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í s. 856 5555.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið þegar þér hentar.**

### SÍMAÞJÓNUSTUR



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)

**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)

**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Atvinna

### Viltu auðga líf mitt?

Ég er 40 ára gömul kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegri aðstoðarmanneskju til starfa, helst sem fyrst.
Í boði eru kvöldvaktir. Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað, akstur í skóla og vinnu, tölvuvinnu og ýmis önnur verk.
Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgæði mín.
Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða. Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi.
Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: astasolehf@simnet.is

Með fyrirfram þökk, Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

## Fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### TIL LEIGU - Sundaborg - Reykjavík.




Til leigu skrifstofuhúsnæði sjávarmegin í Sundaborginni í Reykjavík. Skrifstofan er um 150 fm. en auðvelt er að fá leigt 75 fm. af skrifstofunni. Aðgangur að kaffistofu, snyrtingu og fundaraðstöðu. Næg bílastæði. Glæsilegt sjávarútsýni. Hagstætt leiguverð.

**Nánari upplýsingar veitir Óskar í síma 822-8750.**

## Fasteignir

### SUPERSUB - SUPERPIZZA

200 Kópavogur
SKYNDIBITASTAÐUR TIL SÖLU

Stærð: 240 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 0
Brunabótamat: .

RE/MAX Senter




GLÆSILEGUR SKYNDIBITASTAÐUR

Verð: TILBOÐ ÓSKAS





RE/MAX SENTER KYNNIR TIL SÖLU VINSÆLAN SKYNDIBITASTAÐ.
Um er að ræða rekstur veitingastaðarins SUPERSUB á Nýbýlavegi í Kópavogi ásamt öllum tækjabúnaði. SuperSub byggir aðalstarfsemi sýna á vinsælum brauðbátum sem eru yfirleitt bornir fram grillaðir, en er einnig hægt að fá kalda. Allir bátar eru matreiddir eftir tilbúnum matseðli eða eftir séróskum viðskiptavinarins, einnig eru ýmsir aðrir réttir á matseðli s.s. veislubakkar, salöt, pizzur ofl. Viðskiptavinum býðst að snæða í notalegu umhverfi eða getur tekið bitann með sér. Þetta er sérstaklega fjölskylduvænn staður með sæti og borð fyrir allt að 70manns, góð leikaðstaða fyrir börn, leikjaland með rennibraut, boltagryfju ofl.
VINSÆLL STAÐUR FYRIR BARNAFJÖLSKYLDUR OG SKÓLAFÓLK. MIKLIR VAXTAMÖGULEIKAR FYRIR RÉTTA AÐILA. ÞETTA GETA ALLIR GERT!!
Allar frekari upplýsingar gefur Óskar Jónsson sölufulltrúi s. 773 6720, oskar@remax.is og Hilmar Páll Marinósson s: 896 8300, hilmar@remax.is

Hilmar Páll
Sölufulltrúi
896 8300
hilmar@remax.is



Óskar Jónsson
Sölufulltrúi
773 6720
oskar@remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
0
kol@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Tilkynningar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011.

Með tilkynningu þessari vill ráðuneytið gefa sveitarstjórnum kost á að sækja um byggðakvóta, fyrir fiskveiðiárið 2010/2011, á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum. Sveitar-/bæjarstjórnir eru umsóknaraðilar fyrir byggðarlögin innan sveitarstjórnarumdæmanna og annast þær öll samskipti við ráðuneytið, sem nauðsynleg eru vegna úthlutunarinnar.

Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til **15. október 2010.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

**Til greina við úthlutun byggðakvóta koma:**

1. Minni byggðarlög (viðmiðun er 1.500 íbúar þann 1. desember 2009), sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og sem háð eru veiðum og vinnslu á botnfiski. Skal sveitarstjórn gera ráðuneytinu ítarlega grein fyrir vanda byggðarlagsins sem talið er að rekja megi til samdráttar í sjávarútvegi á síðustu árum og fyrir þýðingu veiða og vinnslu botnfisks fyrir það byggðarlag.
2. Byggðarlög sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað afla í viðkomandi byggðarlögum og sem veruleg áhrif hefur haft á atvinnuástand í þeim. Sveitarstjórnir skulu leggja fram gögn, sem sýna fram á að í tilteknu byggðarlagi hafi óvænt skerðing heildaraflaheimilda fiskiskipa sem gerð eru þaðan út og landað hafa þar afla, hafi haft veruleg neikvæð áhrif á atvinnuástand í viðkomandi byggðarlagi.

Að fengnum umsóknum sveitarfélaga tekur ráðuneytið ákvörðun um hversu mikill byggðakvóti kemur í hlut einstakra byggðarlaga og tilkynnir bæjar-/sveitarstjórnum niðurstöðuna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Þórunn Jónsdóttir,**

Heiðarhvammi 3, Reykjanesbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi, föstudaginn 24. september. Útförin mun fara fram í Ytri-Njarðvíkurkirkju, mánudaginn 4. október kl. 13.00.

**Katrín Hafsteinsdóttir** **Þorsteinn Jónsson**
**Ómar Hafsteinsson** **Auður Ingimarsdóttir**
**Hörður Hafsteinsson** **Jónína V. Stefánsdóttir**
**Hafdís Hafsteinsdóttir** **Börkur Birgisson**
**Þorsteinn Hafsteinsson** **Ziad Raza**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Erlu Valdimarsdóttur**

Álfheimum 70, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Valdimar Svavarsson** **Dorothe Gunnarsdóttir**
**Hjördís Svavarsdóttir** **Skúli Sigurðsson**
**Sigurður Svavarsson** **Erla Eyjólfsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Útför elsku eiginkonu minnar, móður og dóttur,*

**Jónu Guðrúnar Skúladóttur**

Gyðufelli 12, Reykjavík,

verður frá Grensáskirkju, kirkju heyrnalausra, föstudaginn 1. október klukkan 15.00.

**Tómas Tómasson**
**Halldór Óskar Arnoldsson**
**Halldóra Sigríður Jónsdóttir**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Matthildur Ingólfsdóttir (Didda)**

Völvufelli 44,

lést á Landspítalanum þann 16. september 2010. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Vilhjálmur Björnsson**
**Linda María Vilhjálmsdóttir** **Leif David Halvorson**
**Ragnar Örn Vilhjálmsson**
**Sólrún Hlín og Bjarki Tómas**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Hansdóttir**

frá Flatey á Breiðafirði,
Arnarhrauni 19, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, miðvikudaginn 29. september, kl. 13.00.

**Oddný Lárusdóttir**
**Hanna Björk Lárusdóttir** **Lúðvík Geirsson**
**Lárus, Brynjar og Guðlaugur Lúðvíkssynir.**

# Álfar og vættir á bók

Vættir, álfar, goð fornaldar… sagnir eða veruleiki? Þetta er yfirskrift fyrirlestrar sem náttúrulæknirinn Christof Leuze frá Sviss heldur á Radisson Blu Hótel Sögu annað kvöld.

Fyrirlesturinn byggist á samnefndri bók Leuze sem kom út á þessu ári. Bókin hefur verið þýdd á íslensku af Ágústu Lyons Flosadóttur en í henni leitast Leuze við að svara spurningum sem fólk veltir fyrir sér um yfirskilvitlegar verur.

„Ég hafði heyrt að stór hluti íslensku þjóðarinnar trúði á vætti og álfa, en þekkti þá kannski ekki vel. Því fannst mér áhugavert að fá bókina þýdda á íslensku og halda hér fyrirlestur," segir Leuze en bók hans hefur þegar verið þýdd á ensku, frönsku og þýsku. Hann segir fyrirlesturinn ekki fjalla um ævintýri eða sögur.

„Markmiðið er að svara því hverjar þessar verur eru, hvernig þær haga sér og hvert hlutverk þeirra sé í heimsmyndinni en þær þekkjast um allan heim."

Fyrirlesturinn hefst klukkan 20 annað kvöld og fer fram á ensku. **- rat**



**NÁTTÚRULÆKNIR** Cristof Leuze fjallar um vætti og álfa á fyrirlestri annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Sigursteinsson**

Strikinu 8, Garðabæ,

lést að morgni mánudagsins 27. september á hjartadeild Landspítalans v. Hringbraut.

**Ólöf Elíasdóttir**
**Eyþór Árnason** **Sigurbjörg Einarsdóttir**
**Hafþór Árnason** **Jónína Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Anna Kristjana Þorláksdóttir, Stella,**

Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum mánudaginn 20. september. Jarðsungið verður frá Garðakirkju föstudaginn 1. október kl. 15.00.

**Þorlákur Ásmundsson** **Halla Sigurjónsdóttir**
**Sigurður Stefánsson**
**og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Ragnhildur Helgadóttir**

Birkivöllum 27, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 1. október kl. 13.30.

**Ormur Hreinsson**
**Guðrún Ormsdóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**Olga Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Einstök verk Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut er meðal verka Jóns.

# Einstakur listamaður

Dagskrá helguð Jóni Haraldssyni arkitekt verður slegið upp á Kjarvalsstöðum, Listasafni Reykjavíkur, um helgina í tilefni af alþjóðlegum byggingarlistardegi. Jón lést 1989 aðeins 59 ára en náði engu að síður að setja mark sitt á vettvangi íslenskrar byggingalistar.

Pétur H. Ármannsson arkitekt flytur fyrirlestur um verk Jóns á laugardag klukkan 15, en vinir hans og starfsmenn munu einnig halda stutt erindi. Haraldur Jónsson, myndlistarmaður og sonur arkitektsins, setur upp innsetningu í fyrirlestrarsal Kjarvalsstaða, þar sem verður meðal annars brugðið upp mynd af hönnun og list Jóns. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. **- jbá**

# Bók á afmæli

Félag heyrnarlausra á um þessar mundir 50 ára afmæli en í tilefni afmælisins gefur félagið út bók um sögu heyrnarlausra. Reynir Berg Þorvaldsson ritar bókina sem heitir einfaldlega Saga heyrnarlausra á Íslandi og spannar sögu heyrnarlausra frá miðöldum og fram til dagsins í dag.

Reynir Berg hefur unnið að bókinni síðan haustið 2008 en bókin er almenn saga heyrnarlausra, þróun skólamála hjá heyrnarlausum og svo er kafli tileinkaður réttindamálum heyrnarlausra síðustu fimmtíu árin. Bókin fæst á öllum pósthúsum sem og á skrifstofu Félags heyrnarlausra. **- jma**




**VEGLEGT RIT** Saga heyrnarlausra á Íslandi fjallar meðal annars um réttindabaráttu heyrnarlausra.



*Móðir okkar og amma,*

**Kristbjörg Oddný Ingunn Sigvaldadóttir,**

Neshaga 4, Reykjavík,

lést á öldrunarlækningadeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 25. september. Fyrir hönd vandamanna,

**Sigvaldi Ásgeirsson**
**Halldór Ásgeirsson**
**Margrét Ásgeirsdóttir**
**Sigurður Gunnar Ásgeirsson**
**Ingunn Rut Sigurðardóttir**
**Rakel Rut Sigurðardóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Lárusdóttir**

frá Skagaströnd,

til heimilis að Nestúni 2, Hvammstanga, sem lést á Sjúkrahúsinu Akranesi 20. september verður jarðsungin frá Hvammstangakirkju föstudaginn 1. október kl. 15.00.

**Guðmundur Haukur Sigurðsson** **Ögn Magna Magnúsdóttir**
**Sigurður Sigurðsson** **Seeka Butprom**
**Svanfríður Sigurðardóttir**
**Þórdís Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

















11. alþjóðlegi

# SkólaMjólkurdagurinn

29. september 2010



Mjólk er góð!

# Holl mjólk

## hraustir krakkar

ENNEMM / SÍA / NM43919



**Í dag er alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn haldinn hátíðlegur í ellefta sinn. Í tilefni dagsins býður Mjólkursamsalan öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólunum og má reikna með að þar verði drukknir 16.000 lítrar af mjólk. Með deginum vill íslenskur mjólkuriðnaður vekja athygli barna, foreldra og starfsfólks skólanna á mikilvægi mjólkur í fæði barnanna.**

Mjólk er mjög próteinrík og auk þess mikilvæg uppspretta 11 lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna í fæðunni. Sérstaða mjólkur felst þó fyrst og fremst í því hve góður kalkgjafi hún er en kalk er mjög mikilvægt fyrir byggingu beina. Vart er hægt að hugsa sér betri og næringarríkari drykk en mjólk til að gefa börnum og unglingum og full ástæða til að hvetja þau til að auka mjólkurneyslu sína.







www.ms.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** æsa, **6.** tónlistarmaður, **8.** lyftist, **9.** stormur, **11.** ekki, **12.** kappsamt, **14.** smápeningar, **16.** tveir eins, **17.** samræða, **18.** slagbrandur, **20.** skóli, **21.** bannhelgi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** listi, **3.** tveir eins, **4.** ríki í Suðaustur-Asíu, **5.** írafár, **7.** fífla, **10.** óvild, **13.** húðsepi milli táa, **15.** útungun eggja, **16.** hylli, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** kk, **8.** rís, **9.** rok, **11.** ei, **12.** ákaft, **14.** klink, **16.** áá, **17.** tal, **18.** slá, **20.** ma, **21.** tabú.
**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** rr, **4.** víetnam, **5.** asi, **7.** kokkála, **10.** kal, **13.** fit, **15.** klak, **16.** ást, **19.** áb.


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Hólmvað 54 - 70
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar að Hólmvaði 54-70. Í breytingunni felst að lóð er stækkuð um ca. 100 m² til suð-austur í átt að opnu svæði.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Starengi 50, 52, 80, 82, 106 og 108
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Engjahverfis vegna stækkunar á lóðum við Starengi 50, 52, 80, 82, 106 og 108. Í breytingunni felst að lóðir ofangreindra húsa stækka um tvo metra til austurs.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vesturgata 5B - flutningshús
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grjótaþorps vegna lóðarinnar númer 5B við Vesturgötu. Í breytingunni felst að „Gröndalshús“ sem áður stóð á Vesturgötu 16B er flutt á staðinn. Húsið er hæð og ris, en norðurhluti rishæðar er portbyggður. Byggður verður kjallari undir húsið. Húsinu verður afmörkuð lóð og gert er ráð fyrir svæði fyrir almenning kringum húsið. Stefnt er að því að húsið nýtist fyrir menningarstarfsemi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Slippa-Ellingsenreitur - flutningshús á reit R 16.
Tillaga að breytingu deiliskipulags Slippa-Ellingsenreits á reit R16. Gert verður ráð fyrir aðfluttu húsi, fiskþurrkunarhúsinu Sólfelli, sem áður stóð á Kirkjusandi, á núverandi bílastæði vestan við verbúðanna nr. 3 og 3A við Geirsgötu. Húsið er tvílyft, en við norðurhlið þess verður gert ráð fyrir einlyftri viðbyggingu. Húsið verður gert upp í samræmi við upprunalegt útlit þess. Engin bílastæði verða á reitnum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 29. september 2010 til og með 10. nóvember 2010.** Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 10. nóvember 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 29. september 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


# Hallærislegur útlendingur

BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

**EFTIR** að hafa búið um nokkra hríð á Spáni hættir mér til að gleyma því hversu hallærislegur ég er í augum margra heimamanna. Geng ég þó aldrei í sokkum og sandölum en slíkur útgangur er eitt aðalsmerki hallærislegra útlendinga.

**FYRIR** kurteisis sakir hafa Spánverjar aldrei orð á þessu hallæri mínu en upp koma af og til atvik sem sýna mér svart á hvítu hversu ankannalegur ég er í þeirra augum. Eitt slíkt bar við um þarsíðustu helgi.



**SAT** ég þá á troðfullri krá í bænum Priego de Córdoba og horfði á leik Atletico Madríd og Börsunga. Hef ég tamið mér þá háttsemi að ljúka ekki sundur munni þegar horft er á leik Börsunga en þetta uppáhaldslið mitt er afar óvinsælt hér í Andalúsíu. Hvert orð sem upp úr mér hrekkur gefur því tilefni til rifrildis við eldheita fylgismenn konungsliðsins sem því miður eru á hverju strái.

**ÞEGAR** langt er liðið á leikinn kemur stúlka á forskólaaldri inn á krána í fylgd með föður sínum. Sá ég þá að þar var komin mannvera sem hægt væri að eiga orðastað við. Var hún með marglitan skopparabolta og lék sér að honum í mannþrönginni. Fóru leikar vel fram uns boltinn skoppar út og undir bílaröð sem var á planinu fyrir utan. Grét stúlkan hástöfum og linnti ekki látum uns faðir hennar fór með hana í leitarleiðangur sem bar tilætlaðan árangur.

**GENGUR** þá stúlkan sigri hrósandi aftur inn á krána og heldur óhikað áfram að leika með boltann. Þegar boltaskoppið ber hana nálægt mér segi ég við hana: „Ég átti einu sinni svona bolta og lék mér þá með hann í þorpinu mínu sem er langt í burtu, rétt hjá Norðurheimskautinu.“ Hún horfði á mig líkt og krakkar horfa á trúð í skemmtigarði. Hélt ég því sögunni áfram.

**„SÍÐAN** skoppaði boltinn í burtu frá mér en ég fór hlaupandi á eftir honum. Fór hann býsna hratt svo ég hljóp og hljóp og hljóp, jafnvel þótt ég sæi boltann ekki lengur. Svo allt í einu fattaði ég að ég var kominn alla leið hingað til Priego de Córdoba.“

**BARNIÐ** varð skelfingu lostið, hljóp beint til föður síns og bað hann um að geyma þennan stórhættulega bolta.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MERKJA OUTLET

# RÝMINGARSALA

## VIÐ RÝMUM FYRIR NÝRRI, STÆRRI OG ENN BETRI VERSLUN Á KORPUTORGI!

## FRÁBÆR TILBOÐ!

30% AFSLÁTTUR AF:
NORTH ROCK FLÍSPEYSUM OG SOFTSHELL JÖKKUM
CHAMPION SPORTFATNAÐI
HETTUPEYSUM MEÐ MYND

HM-BÚNINGAR, BARNA KR. 500
ÝMIS FATNAÐUR FRÁ KR. 200
ALLAR DVD-MYNDIR KR. 250
ALLIR TÖLVULEIKIR KR. 1.000





LOKUM Á MÁNUDAGINN 4. OKTÓBER!

GERÐU ENN BETRI KAUP Á RÝMINGARDÖGUM!

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18
Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

**AUÐNIN TIL DANMERKUR** Danska bókaútgáfan Lindhardt og Ringhof hefur tryggt sér útgáfuréttinn á Auðninni eftir Yrsu Sigurðardóttur. Þetta er fjórða bók Yrsu sem forlagið tekur til útgáfu en áður hafa komið út hjá því Þriðja táknið, Sér grefur gröf og Aska.






**TEKIÐ VIÐ VERÐLAUNUNUM** Þórdís Gísladóttir tekur við verðlaununum úr hendi Jóns Gnarr borgarstjóra í Höfða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Af hversdagslífi annars fólks

**Þórdís Gísladóttir hlaut í gær Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir handrit að ljóðabókinni Leyndarmál annarra, þar sem gægst er á bakvið gluggatjöld nágrannans.**

„Ég er fyrst og fremst hrærð og þakklát," segir Þórdís Gísladóttir, eins og sönnum bókmenntaverðlaunahafa sæmir. Hún átti að mati dómnefndar besta ljóðahandritið í samkeppninni um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, sem afhent voru í Höfða í gær. Þórdís Gísladóttir er íslensku- og bókmenntafræðingur og hefur undanfarin ár starfað við verkefnastjórnun, kennslu, greinaskrif, þýðingar og dagskrárgerð, auk þess sem hún ritstýrir tímaritinu Börnum og menningu.

Bókin samanstendur af eldri og yngri textum, sem Þórdís hefur safnað í sarpinn í gegnum tíðina.

„Þeir elstu eru sjálfsagt um það bil sex ára gamlir en þeir yngstu eru glænýir. Ég tók handritið saman gagngert fyrir samkeppnina. Það minnti mig einhver á hana og mér fannst kjörið að prófa að senda inn þá texta sem ég hafði verið að dunda mér við undanfarin ár."

Þórdís segir titil bókarinnar, Leyndarmál annarra, vera lýsandi fyrir yrkisefnin, sem séu henni mjög hugleikin.

„Ég hef alltaf haft áhuga á hversdagslífi annars fólks. Það er sífellt verið að segja okkur hvernig við eigum að vera; lífsstílsráðin dynja á okkur úr öllum áttum, en það er enginn eins og hann á að vera samkvæmt öllum þessum góðu ráðleggingum."

Jón Gnarr borgarstjóri afhenti Þórdísi verðlaunin í gær en dómnefnd skipuðu Kolbrún Bergþórsdóttir, Jón Óttar Ragnarsson og Ingibjörg Haraldsdóttir. Verðlaunaféð nemur 600 þúsund krónum en Bjartur gefur ljóðabókina út.

Aðspurð hvort hún telji að verðlaunin verði til þess að hún skrifi fleiri bækur segir Þórdís það verða að ráðast síðar meir.

„Það er aldrei að vita, ég er alltaf að skrifa eitthvað og á sjálfsagt eftir að halda því áfram. Það á síðan eftir að koma í ljós hvort einhver kann að meta þetta."

bergsteinn@frettabladid.is

## ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR:

Það er hispursleysi og hressileiki í ljóðunum sem eru rík af skemmtilegri og skarpri hugsun. Ljóðin eru samin fyrir þá sem langar að hnýsast í leyndarmál annarra, gægjast á bak við gluggatjöld nágrannans, hlera það sem fram fer í skriftastólnum og þiggja um leið gagnleg lífstílsráð konu sem kann að bregðast við óvæntum uppákomum hvunndagsins."

## ÚR LEYNDARMÁLUM ANNARRA

**Rithöfundar**

*Rithöfundar eru aðdáunarverðir*
*en njóta oft ekki nægrar virðingar.*
*Þeir skrifa bækur sem fólk vill kaupa og lesa.*
*Þeir vinna hægt og yfirvegað og margir þeirra kunna að tala*
*um sjálfa sig og ljúga því eins og leikarar að þeir séu feimnir,*
*auðmjúkir og hvorki sjálfhverfir né fáfengilegir.*




ROKKTÓBER FEST 2010
Á SÓDÓMU
30.9 – 2.10
X 97.7
midi.is

# Til hamingju, Þorgrímur!



Þorgrímur Þráinsson rithöfundur hlaut Íslensku barnabóka-verðlaunin 2010 fyrir bókina *Ertu guð, afi?*

Emma Soffía á pabba sem er alltaf úti á sjó og mömmu sem reynir sig reglulega við Íslandsmetið í fýlu. Hún hefur aldrei séð afa sinn fyrr en hann birtist á tröpp-unum með hundinn Tarzan og eftir það verður ekkert eins og áður.

## Bráðskemmtileg og hugljúf saga fyrir stráka og stelpur




VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Þorgrímur barnabókahöfundanna bestur



**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON** Þorgrímur tók við Íslensku barnabókaverðlaununum í Laugalækjarskóla í gær að viðstöddum fjölskyldu og nemendum. Fréttablaðið/GVA

Þorgrímur Þráinsson rithöfundur er handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna í ár, en þau voru afhent í Laugalækjarskóla í gær.

Þorgrímur hlaut verðlaunin fyrir bókina Ertu guð, afi? sem fjallar um samskipti ellefu ára stelpu við 77 ára afa sinn, sem hefur búið lengi erlendis og hún er að hitta í fyrsta skipti.

Saga Þorgríms var hlutskörpust þeirra 25 handrita sem voru send í samkeppnina. Hann segir verðlaunin hafa komið sér þægilega á óvart.

„Þegar ég rakst á auglýsingu fyrir Íslensku barnabókaverðlaunin fletti ég í gömlum minnisbókum og fann gamla hugmynd sem ég átti eftir að vinna úr og skrifaði söguna gagngert fyrir þessa keppni.“

Þorgrímur segist í raun hafa verið að skrifa þessa bók alla ævi. „Þetta er bók sem fjallar um samskipti elstu kynslóðarinnar og þeirrar yngstu og hún endurspeglar þau lífsviðhorf sem ég hef tileinkað mér gegnum árin.“

Það skiptir Þorgrím miklu máli að hafa unnið til verðlaunanna í skjóli nafnleyndar, en höfundar sendu inn handrit undir dulnefni.

„Það þýðir að persóna höfundarins þvælist ekki fyrir dómnefndinni heldur er sagan dæmd út frá eigin verðleikum. Ég hef fimm sinnum sent inn handrit í samkeppni á sömu forsendum og fjórum sinnum borið sigur úr býtum. Það er auðvitað mikil hvatning sem ég er ákaflega þakklátur fyrir.“

Þorgrímur er þekktari fyrir unglingabækur en barnabækur og hefur alls ekki snúið baki við þeim markhópi. Í næsta mánuði kemur úr bókin Þokan. Vaka -Helgafell gefur út Ertu guð, afi? sem er komin í verslanir. - bs






**S.L.Á.T.U.R.** Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík halda sína aðra tónlistarhátíð á næstu dögum.

## Sláturtíð að hefjast

Dagana 29. september til 3. október halda Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík (S.L.Á.T.U.R.) hina árlegu tónlistarhátíð, Sláturtíð, í annað sinn. Um er að ræða hátíð fulla af ágengri, tilraunakenndri og uppátækjasamri tónlist sem margir bendla við framúrstefnu, hliðarstefnu eða jaðarstefnu. Á hátíðinni má heyra tónverk eftir ýmsa meðlimi samtakanna sem og sérvalin verk eftir erlend ágeng tónskáld. Á hátíðinni verða margir framúrskarandi flytjendur, þar á meðal finnski tónlistarhópurinn Defun Ensemble sem sérhæfir sig í að flytja tónlist sem blandar hefðbundnum hljóðfærum við tölvutónlist. Einnig koma fram Skmendanikka sem spilar á sérsmíðuð hljóðfæri og hópurinn Fengjastrútur sem er sveigjanlegur og fjölþreifinn tónlistarhópur sem sérhæfir sig í að víkka fyrirfram gefnar hugmyndir um tónlistarflutning. Nánari upplýsingar má finna á Slátur.is.



**IMOGEN HEAP** 250 manns eru skráðir á alþjóðlegu ráðstefnuna You Are In Control.

## 250 manns á Control-hátíð

**Um 250 manns eru nú skráðir á alþjóðlegu ráðstefnuna You Are In Control sem fer fram í Reykjavík í fjórða sinn á föstudag og laugardag. Tíu erlendir blaðamenn koma til landsins í tengslum við ráðstefnuna, þar á meðal frá Wired, Design Week, Minneapolis Star Tribune og Drowned In Sound.**

**Aðalfyrirlesarar YAIC eru þau Ian Livingstone, forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Eidos sem framleiðir meðal annars tölvuleikinn Lara Croft, og Grammy-verðlaunahafinn Imogen Heap. Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á heimasíðunni Youareincontrol.is.**

# Djúsí strengir

Tónleikar ★★★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands lék verk eftir Dvorák, Stravinsky og Ravel.**

**Einleikari:** Isabelle Faust

**Stjórnandi:** Pietari Inkinen.

Maður tengir Fást við myrkrahöfðingjann.

Fást, eða Faust, kom fram á sinfóníutónleikum í Háskólabíói á fimmtudagskvöldið. Ekki sögupersónan fræga, galdramaðurinn og alkemistinn, heldur fiðluleikari. Þetta var Isabelle Faust, sem spilaði einleik í fiðlukonsert í D-dúr eftir Stravinsky. Það var ekkert skuggalegt við þá spilamennsku.

Þótt tónlist Stravinskys teljist engan veginn til framúrstefnu (hvað svo sem það nú er), eru verk hans óaðgengilegri en flest á dagskrá Sinfóníunnar. Hljómsveitin hefur stundum verið gagnrýnd fyrir stöðnun og í því samhengi var fiðlukonsertinn eins og ferskur andblær. Hann kom stöðugt á óvart. Tónmálið hafði á sér klassískt yfirbragð, en allar klisjurnar í eldri tónlist voru ýmist víðs fjarri, eða skopskældar.

Kannski hefur einhverjum fundist þetta óaðgengilegt. En það var ekki upplifun mín. Faust spilaði eins og engill; túlkun hennar var fyllilega í anda verksins. Það var ekkert banalt við spilamennskuna. Tæknilega séð var leikurinn vandaður og nákvæmur. Framsetningin var stílhrein, túlkunin markviss og grípandi. Faust kom öllum skemmtilegu tilþrifunum í tónlistinni prýðilega til skila; manni leiddist aldrei. Útkoman var frumleg, þarna voru óvæntar uppákomur, spennandi framvinda, litríkur söguþráður – engin yfirborðsmennska eða ódýr trix.

Sem aukalag spilaði Faust Pastorale eftir Stravinsky, lítið stykki sem er til í nokkrum útgáfum. Fjórir tréblásarar fluttu það með henni. Hún gerði þetta svo fallega, af svo miklum þokka og innlifun að unaður var á að hlýða. Tréblásararnir léku líka sína rullu af notalegri mýkt og fágun.

Stjórnandinn, hinn finnski Pietari Inkinen, var með allt sitt á hreinu. Strax í byrjun fyrsta verksins á dagskránni, Le tombeau de Couperin eftir Ravel, var ljóst að hann er með músíkalskari mönnum. Hljómsveitin spilaði af tæknilegu öryggi, og litirnir í tónlistinni voru tærir og í réttum fókus. Hver tónahending sagði heila sögu. Maður dáðist sérstaklega að safaríkum strengjahljómnum, hann var óvanalega munúðarfullur og djúsí. Einmitt svona eiga strengir að hljóma.

Sömu sögu er að segja um sjöundu sinfóníu Dvoráks, sem var síðust á dagskránni. Strengjahljómurinn var flottur og aðrir hljóðfærahópar voru líka pottþéttir. Styrkleikajafnvægið á milli þessara hópa var eins og best verður á kosið. Túlkunin var óvanalega skáldleg, uppbygging verksins var sérlega sannfærandi og undiraldan ótrúlega mögnuð. Stemningin greip mann strax frá byrjun og þráðurinn slitnaði aldrei. Það verður varla betra en þetta.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Frábær fiðluleikur og frábær hljómsveitarstjórn. Með skemmtilegustu sinfóníutónleikum á árinu.



ISABELLE FAUST





ROKKTÓBER FEST 2010
Á SÓDÓMU
30.9 – 2.10
X 97·7
midi.is




göngum til góðs
Rauði kross Íslands

Skráðu þig á raudikrossinn.is

**Gakktu með í klukkustund laugardaginn 2. október**

Landssöfnun Rauða kross Íslands gerir félaginu kleift að byggja athvörf í Malaví fyrir börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis, gefa þeim eina heita máltíð á dag og veita þeim fræðslu. Í Síerra Leóne aðstoðar Rauði krossinn stríðshrjáð börn, endurhæfir barnahermenn og veitir þeim tækifæri til að losna úr viðjum borgarastyrjaldar. **Okkur vantar 3000 sjálfboðaliða til að ganga í klukkustund og ná þannig til allra heimila á landinu.**

**Skrefin til góðs eru einföld:**

1. **Mættu á söfnunarstöð í þínu hverfi á laugardaginn**
   Taktu einhvern með þér – það er miklu skemmtilegra!
2. **Þar færðu bauk og götu til að ganga í**
   Gerðu ráð fyrir u.þ.b. klukkutíma
3. **Þú skilar bauknum á söfnunarstöðina**
   – og líður miklu betur eftir góðverk dagsins!

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SOLOMON KANE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| THE GHOSTWRITER | kl. 8 | 12 |
| REMEMBER ME | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SOLOMON KANE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 | L |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á
HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10.40 | 16 |
| PIRANHA 3D LÚXUS | kl. 10.50 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 5 - 8 - 10.50 | L |
| WALL STREET 2 LÚXUS | kl. 5 - 8 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 3.30 - 6 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 10.10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 10.30 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 10.20 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 8 - 10.25 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WALL STREET 2 | 7 og 10 | L |
| PIRANHA 3D | 8 og 10 | 16 |
| SUMARLANDIÐ | 6, 8 og 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | Ekki Sýnd í dag Sýnd á morgun | L |


# Prófmál fyrir fræga fólkið

**Beckham-hjónin eru ógnarstórt fyrirtæki sem byggir á fjölskylduímynd. Frétt In Touch um framhjáhald eiginmannsins er því mætt af fullri hörku.**

**MEIÐYRÐAMÁL**

Verður mál Davids Beckham til þess að slúðurblöð hiki við að birta framhjáhaldssögur af fræga fólkinu?




NORDICPHOTOS/GETTY

**HARÐUR Í HORN AÐ TAKA** David Beckham hyggst ekkert gefa eftir í málsókn sinni og hyggst draga bæði vændiskonuna Irmu Nici og tímaritið In Touch fyrir dómstóla.

Lögfræðingar í þremur löndum eru með mál Davids Beckham á sinni könnu. Lögfræðingar í Bretlandi fylgjast grannt með gangi mála hjá breskum blöðum og umfjöllun þeirra um málið, lögfræðingar í Bandaríkjunum fengu það verkefni að undirbúa málsókn á hendur Irmu Nici, ritstjóra In Touch, og fleiri tengdum fréttinni. Og þá eiga þýskir lögfræðingar að sjá um málarekstur á hendur útgáfufélagi blaðsins, Bauer, sem er í Þýskalandi.

Beckham hyggst ekki semja um málið heldur fara með það fyrir dómstóla. Þetta kemur skýrt og greinilega fram í stefnu sem var birt vændiskonunni Irmu Nici en hún er andlit fréttar In Touch og hefur haldið því fram að Beckham hafi sængað hjá sér og vinkonu sinni gegn hárri greiðslu. Breska blaðið The Sun hefur fylgst grannt með gangi mála í New York þar sem Irma hefur falið sig en lögfræðingaher hafði loks upp á henni í svörtum jeppa þar sem hún var föst í umferðarteppu. Samkvæmt The Sun var hún elt þaðan á skrifstofu lögfræðinga sinna þar sem henni var birt stefnan.

The Sun greinir frá innihaldi stefnunnar sem er níu síður. Þar kemur meðal annars fram að ásakanir Irmu séu rangar og hafi valdið Beckham miklu hugarangri. Hann sé í fréttinni sakaður um glæpsamlegt athæfi og hann er sýndur sem ótrúr eiginmaður auk þess sem gefið er í skyn að hann hafi stofnað heilsu eiginkonu sinnar í hættu með því að stunda kynmök við tvær vændiskonur. Beckham fer fram á skaðabætur upp á sextán milljónir punda, eða tæpa þrjá milljarða íslenskra króna.

Í frétt The Sun er einnig vísað til bréfs sem lögfræðingur Beckham-hjónanna sendi ritstjórn In Touch en þar er varað við umfangsmiklum aðgerðum verði fréttin birt. Þar kemur einnig fram sú staðhæfing að frásögn Irmu sé alfarið hafnað sem lygi. The Sun hefur eftir heimildarmanni sínum að forstjóri útgáfufyrirtækis In Touch, Heins Bauer, sé algjörlega miður sín yfir málunum. „Það er eins og eitthvað hafi farið verulega úrskeiðis, þannig er andrúmsloftið hérna," hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum.

Málarekstur Beckham gegn In Touch og Bauer-útgáfufyrirtækinu gæti verið fordæmisgefandi. Ef fyrirtækinu verði gert að greiða hinar himinháu skaðabætur má vera ljóst að slúðurpressan vestanhafs munu væntanlega hika við að birta framhjáhaldssögur af fræga fólkinu án þess að vera með haldbæra sönnun fyrir því.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÆGIR HÖFÐA MÁL

**ROMAN POLANSKI:** Fór í mál við Vanity Fair árið 2004 vegna greinar um að hann hefði áreitt konu kynferðislega á leið í jarðarför Sharon Tate, fyrrum eiginkonu sinnar. Vann málið og fékk fimmtíu þúsund pund í skaðabætur.

**KERRY KATONA:** Sunday Mirror birti frétt um að hún hefði unnið fyrir sér sem vændiskona áður en hún varð fræg með Atomic Kitten árið 2008. Katona vann málið og fékk væna summu í skaðabætur.

**KATE WINSLET:** Winslet fékk 41 þúsund dollara, fjórar milljónir, frá breska blaðinu Daily Mail í meiðyrðamáli sem hún höfðaði á hendur blaðinu fyrir frétt þess efnis að hún hefði logið um æfingakerfi sitt. Hún sagði blaðið hafa gerst sekt um hræsni.



**CAMERON DIAZ:** Diaz fékk umtalsverða upphæð í skaðabætur frá útgáfufyrirtæki The National Enquirer fyrir frétt sem blaðið birti um að hún hefði verið þáverandi unnusta sínum ótrú. Blaðið baðst afsökunar á fréttinni en þurfti engu að síður að greiða bæturnar.

## Miðvikudagurinn, 29. september
### Wednesday, September 29th

Reykjavík International Film Festival
September 23 – October 3 2010

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Shungu/Every Day but Sunday | • Iðno |
| | Tomorrow | • Bio Paradis 1 |
| | For 80 Days | • Bio Paradis 2 |
| | The House | • Bio Paradis 3 |
| | Jo for Jonathan | • Bio Paradis 4 |
| | Icelandic Shorts 1 | • Hafnarhusið |
| | Children's Animation Program | • Norræna Husið |
| 16:00 | December | • Iðno |
| | The Arrivals Q&A | • Bio Paradis 1 |
| | Which way home | • Bio Paradis 2 |
| | Little Blue Nothing | • Bio Paradis 3 |
| | Icelandic Shorts 3 | • Hafnarhusið |
| | ODDSAC | • Norræna Husið |
| 16:30 | Attenberg | • Bio Paradis 4 |
| 18:00 | Icelandic Shorts2 Q&A | • Haskolabio 2 |
| | Life During Wartime | • Haskolabio 3 |
| | The Experiment | • Haskolabio 4 |
| | Uppistandsstelpur/Island Uganda Q&A | • Iðno |
| | Littlerock Q&A | • Bio Paradis 2 |
| | Steam of Life | • Bio Paradis 3 |
| | Housing | • Hafnarhusið |
| | Budrus | • Norræna Husið |
| 18:30 | The most dangerous man in America | • Bio Paradis 1 |
| | Honeymoons | • Bio Paradis 4 |
| 20:00 | Með hangandi hendi (Pendulous Chances) | • Haskolabio 2 |
| | Twilight with Introduction Q&A | • Haskloabio 3 |
| | The Tillman Story Q&A | • Iðno |
| | About Face: The Story of Gwendellin Bradshaw Q&A | • Bio Paradis 2 |
| | Toxic Playground Q&A | • Bio Paradis 3 |
| | The Palace (Höllin)/The Last Ride (Kraftur) Q&A | • Hafnarhusið |
| | Earth Keepers Q&A | • Norræna Husið |
| 20:30 | At Ellen's Age Q&A | • Bio Paradis 1 |
| | The Arrivals | • Bio Paradis 4 |
| 22:00 | You are not I Q&A | • Haskolabio 2 |
| | Family Q&A | • Iðno |
| | When the dragon swallowed the sun | • Bio Paradis 2 |
| | How I ended this summer | • Bio Paradis 3 |
| | King's of Pastry | • Norræna Husið |
| 22:30 | Big Man Japan | • Haskolabio 3 |
| | Wonderful Summer | • Bio Paradis 1 |
| | Three Seasons in hell | • Bio Paradis 4 |

### Með hangandi hendi
Raggi tekur lagið á sýningu í kvöld



Ragnar Bjarnason hefur staðið í eldlínu íslenskrar dægurtónlistar í fimmtíu ár. Í myndinni er honum fylgt eftir í tæp tvö ár. Tekin eru viðtöl við alla helstu eftirlifandi samstarfsmenn Ragnars um feril hans og lífshlaup.

Q&A með leikstjóranum Árna Sveinsyni

**Háskólabíó kl. 20:00**

Sérviðburðir:

**16:00**
Workshop með David Kwok: Hvernig geta kvikmyndahátíðir stutt sjálfstæða kvikmyndagerð?
Þjóðminjasafnið

**21:00**
Bílabíó // Drive-In Cinemay
Flugskýli 3 Reykjavíkurflugvöllur - aðkoma frá Skerjafirði // Hanger 3 Reykjavík Airport

epli.is Iceland Express CENTER HOTELS



PS3
FIFA 11
Tryggðu þér eintak í kvöld!
FIFA 11
LENDIR Í KVÖLD KL. 20!
Miðvikudagskvöld
Taktu þátt!
Íslandsmótið í FIFA 11
fer fram í Gamestöðinni 29. og 30. september.
Glæsileg verðlaun!
1. sæti PS3 leikjavél + FIFA 11.
2. sæti 30.000 kr. inneign.
3. sæti 15.000 kr. inneign.
...og að sjálfsögðu farandbikar með áletrun fyrir Íslandsmeistarann!
Pepsi sér um að svala þorstanum!
Skráning fer fram í Gamestöðinni í Kringlunni og er spilað með útsláttarfyrirkomulagi.
Öllum er heimil þátttaka en það er takmarkaður fjöldi og þeir sem kaupa
FIFA 11 í forsölu hjá Gamestöðinni ganga fyrir.
Nánari upplýsingar eru í Gamestöðinni og á facebook.com/gamestodin!
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA
KRINGLAN · 588 9400 · WWW.GAMESTODIN.IS · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

# sport

sport@frettabladid.is



**1 ELLEFU AF TÓLF FÉLÖGUM** í Pepsi-deild karla sumarið 2011 verða væntanlega með sama þjálfara og í sumar. Breiðablik, Víkingur og Þór Akureyri framlengdu öll samninga við sína þjálfara í gær. Fram og ÍBV eru einu liðin sem hafa ekki gengið endanlega frá sínum þjálfaramálum en Valur verður væntanlega eina liðið sem skiptir um þjálfara.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *Meistaradeildin*

**E-RIÐILL**

Basel-Bayern München 1-2
1-0 Alexander Frei (18.), 1-1 Bastian Schweinsteiger, víti (56.), 1-2 Schweinsteiger(89.)

Roma -CFR Cluj 2-1
1-0 Philippe Mexes (69.), 2-0 Marco Borriello (71.), 2-1 Ionut Rada (78.)

**Stigin:** Bayern 6, Roma 3, Cluj 3, Basel 0

**F-RIÐILL**

Chelsea-Marseille 2-0
1-0 John Terry (7.), 2-0 Nicolas Anelka, víti (28.)

Spartak Moskva-Zilina 3-0
1-0 Ari (34.), 2-0 Ari (61.), 3-0 Ibson (89.)

**Stigin:** Chelsea 6, Spartak 6, Marseille 0, Zilina 0.

**G-RIÐILL**

Ajax-AC Milan 1-1
1-0 Mounir El Hamdaoui (23.), 1-1 Zlatan Ibrahimovic (37.).

Auxerre-Real Madrid 0-1
0-1 Ángel Di María (81.)

**Stigin:** Real 6, AC Milan 4, Ajax 1, Auxerre 0.

**H-RIÐILL**

Partizan-Arsenal 1-3
0-1 Andrei Arshavin (14.), 1-1 Cleo, víti (32.), 1-2 Marouane Chamakh (71.), 1-3 S. Squillaci (82.)

Braga-Shakhtar Donetsk 0-3
0-1 Luiz Adriano (56.), 0-2 Luiz Adriano (72.), 0-3 Douglas Costa (90.)

**Stigin:** Arsenal 6, Shakhtar 6, Partizan 0, Braga 0.

### *Enska b-deildin*

Coventry-Doncaster 2-1
Aron Einar Gunnarsson skoraði fyrra mark Coventry á 2. mínútu og lagði síðan upp sigurmarkið undir lok leiksins.

Queens Park Rangers-Millwall 0-0
Heiðar Helguson lék allan leikinn og fékk gult spjald. QPR er með 6 stiga forskot á toppnum.

Reading-Ipswich 1-0
Ívar Ingimarsson var á bekknum.

Leeds United-Preston 4-6

Norwich-Leicester 4-3

Átta leikir í Meistaradeildinni í fótbolta í gærkvöldi:

# Arsenal og Chelsea í flottum málum

**FÓTBOLTI** Ensku liðin Chelsea og Arsenal eru í góðum málum í Meistaradeildinni eftir sigra í gærkvöldi. Real Madrid og Bayern eru einnig með fullt hús.

Chelsea og Spartak Moskva eru orðin nokkuð örugg með tvö efstu sætin í F-riðli eftir sigurleiki í gær. Chelsea vann 2-0 sigur á frönsku meisturunum í Marseille þar sem bæði mörkin komu á fyrsta hálftímanum. Fyrra markið skoraði John Terry á 7. mínútu en Nicolas Anelka kom Chelsea í 2-0 með marki úr vítaspyrnu.

„Þetta voru mikilvæg úrslit fyrir okkur því þetta var ekki auðveldur leikur. Við spiluðum vel varnarlega en við hefðum átt að vera meira með boltann," sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea.

„Við byrjuðum seinni hálfleikinn ekki vel en við vorum þéttir allan tímann og héldum markinu hreinu. Þeir voru mikið með boltann en við vorum vinnusamir," sagði John Terry, fyrirliði Chelsea.

Arsenal vann góðan 3-1 útisigur á Partizan Belgrad þar sem tvö síðustu mörkin komu eftir að liðið varð manni fleiri inni á vellinum. Andrei Arshavin kom Arsenal í 1-0 á 14. mínútu eftir skemmtileg þríhyrningaspil við Jack Wilshere. Denilson fékk dæmt á sig klaufalegt víti fyrir hendi 18 mínútum síðar og Cleo jafnaði leikinn af öryggi.

Arsenal fékk víti á 57. mínútu en Vladimir Stojkovic varði það frá Arshavin. Marouane Chamakh fiskaði vítið og mann út af og kom Arsenal síðan í 2-1 en þriðja markið skoraði Sébastien Squillaci.

Lukasz Fabianski fékk aðra tilraun á móti Cleo undir lokin þegar Kieran Gibbs braut af sér innan teigs en nú varði Pólverjinn vítið.

„Í stöðunni 1-1 var þetta spurning um að hafa þolinmæði og við höfðum hana og lönduðum mikilvægum sigri," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal eftir leikinn.

Bayern Munchen og Real Madrid unnu bæði nauma sigra. Ángel Di María tryggði Real Madrid 1-0 sigur á Auxerre á 81. mínútu og Bastian Schweinsteiger sá til þess að Bayern Munchen vann 2-1 sigur á Basel í Sviss. Alexander Frei kom Basel í 1-0 en Schweinsteiger skoraði tvö mörk í seinni hálfleik. - óój



MAROUANE CHAMAKH






# Ólafur var ekki sáttur

**Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir Ólaf Jóhannesson A-landsliðsþjálfara ekki hafa verið sáttan við þá ákvörðun stjórnar KSÍ að veita U-21 árs liðinu forgang að leikmönnum fyrir umspilsleikina mikilvægu gegn Skotlandi.**

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson tilkynnti í gær leikmannahóp sinn fyrir leikina gegn Skotum í umspili EM. Það lið sem vinnur rimmuna kemst inn á lokamótið en það hefur íslenska U-21 árs landsliðinu aldrei tekist.

Stjórn KSÍ var vandi á höndum fyrir valið því daginn eftir síðari leik liðanna á A-landsliðið leik gegn Portúgal. Margir leikmenn sem gjaldgengir eru í U-21 árs liðið eru komnir í A-liðið og geta því aldrei tekið þátt í báðum verkefnum.

Á endanum ákvað stjórn KSÍ að taka þá ákvörðun að U-21 árs liðið hefði forgang á A-liðið. Sjö leikmenn sem voru síðast í A-liðinu verða því ekki með því gegn Portúgal þar sem þeir munu spila með U-21 árs liðinu.

„Það er stjórnin en ekki ég sem tek þessa ákvörðun. Það var einhugur innan stjórnar með þessa ákvörðun," sagði Geir við Fréttablaðið en hann viðurkennir að A-landsliðsþjálfarinn, Ólafur Jóhannesson, hafi ekki verið kátur með þessa ákvörðun.

„Þetta er tækifæri sem við höfum ekki haft áður. Því miður fara þessir leikdagar saman og þetta var erfið staða sem við urðum að glíma við. Ólafur var ekki sáttur. Við ræddum málið ítarlega og við það situr. Ég skil hans afstöðu líka," sagði Geir en Ólafur var þó ekki svo ósáttur að hann hafi hótað því að hætta. „Það hefur enginn rætt þetta mál á slíkum nótum."

Geir segir að Eyjólfur komi ekki nálægt þessari ákvörðun. Hún sé eingöngu ákvörðun stjórnar KSÍ.

„Það hefur verið þannig alla tíð að A-landsliðið hefur haft forgang. Þetta eru sérstakar aðstæður og því hefur U-21 árs liðið forgang á þá leikmenn sem eru löglegir með U-21 árs landsliðinu."

henry@frettabladid.is

**U-21 árs landsliðið**

**Markverðir:**
Haraldur Björnsson Þróttur
Arnar Darri Pétursson Sönderjyske

**Aðrir leikmenn:**
Andrés Már Jóhannesson Fylkir
Hjörtur Logi Valgarðsson FH
Elfar Freyr Helgason Breiðablik
Kristinn Jónsson Breiðablik
Hólmar Örn Eyjólfsson West Ham
Skúli Jón Friðgeirsson KR
Birkir Bjarnason Viking
Bjarni Þór Viðarsson Mechelen
Eggert Gunnþór Jónsson Hearts
Jóhann Berg Guðmundsson AZ Alkmaar
Gylfi Þór Sigurðsson Hoffenheim
Guðmundur Kristjánsson Breiðablik
Almarr Ormarsson Fram
Aron Einar Gunnarsson Coventry
Guðlaugur Victor Pálsson Liverpool
Rúrik Gíslason OB
Kolbeinn Sigþórsson AZ Alkmaar
Alfreð Finnbogason Breiðablik
Arnór Smárason Esbjerg
Kristinn Steindórsson Breiðablik
Björn Bergmann Lilleström



**EYJÓLFUR RÉÐ ENGU** Geir segir að ákvörðunin hafi eingöngu verið ákvörðun stjórnar KSÍ en Eyjólfur hafi ekki haft neitt með hana að gera. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þjálfari Carolinu Klüft hefur tekið við þjálfun Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur:

# Helga hefur mikla hæfileika

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Sjöþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur fengið nýja þjálfara því Agne Bergvall, þjálfari Carolinu Klüft, fyrrum Ólympíu- og heimsmeistara í sjöþraut, verður nýr yfirþjálfari Helgu. Helga Margrét kynnti nýja fyrirkomulagið í gær en Vésteinn Hafsteinsson verður umboðsmaður Helgu Margrétar og sér um stjórnun verkefnisins í samráði við frjálsíþróttadeild Ármanns.

„Þetta er tækifæri sem ég gerði mér aldrei vonir um að ég fengi nokkurn tímann. Þetta er virkilega spennandi en það er engin trygging fyrir árangri að þessi þjálfari hafi þjálfað Carolinu Klüft," sagði Helga Margrét á blaðamannafundi í gær.

„Ég lít á þetta sem mikinn heiður að þeir séu tilbúnir til að þjálfa mig og hjálpa mér. Ég ætla að gera allt mitt til þess að nýta þetta til hins ítrasta," sagði Helga.

Ármann átti frumkvæðið að þessu samstarfi en Helga Margrét segir að inngrip mömmu sinnar hafi líka skipt máli. „Hún var búin að vera í samstarfi við Véstein og þaðan spann þetta allt af stað," sagði Helga Margrét.

Agne Bergvall hefur mikla trú á Helgu. „Hún er þegar orðin þekkt stærð í frjálsíþróttaheiminum og ég hef fylgst með henni í 2 til 3 ár. Hún hefur mikla hæfileika og ég sé margt líkt með henni og Carolinu Klüft þegar ég var að byrja með hana fyrir tíu árum," sagði Agne Bergvall í gær.

„Ég vil ekki setja þá pressu á Helgu að bera hana saman við Carolinu Klüft því það er aldrei rétt að bera tvo íþróttamenn saman. Við verðum að byrja rólega og taka okkar tíma í að koma þessu af stað. Hún er bara 19 ára gömul og þarf bara að einbeita sér að því að taka eitt skref í einu," sagði Agne sem tók þátt í fundinum í gegnum netið. „Ertu ekki sammála því, Helga, að taka eitt skref í einu?" spurði Agne Helgu sem tók vel í það. „Taktu því bara rólega og einbeittu þér að því að ná þér hundrað prósent heilli, bæði á líkama og sál. Þú hefur nógan tíma og nú snýst þetta aðallega um að hafa þolinmæði, þolinmæði og þolinmæði," sagði Agne að lokum.

Vésteinn Hafsteinsson þjálfar nú Íslending í fyrsta sinn í langan tíma.

„Helga er ung og efnileg. Hún er fyrsti Íslendingur til þess að ná í verðlaun á heimsmeistaramóti unglinga. Hún á framtíðina fyrir sér og hefur mjög mikla hæfileika á öllum sviðum, líkamlega, andlega og tæknilega bæði að okkar mati og annara. Ég er búinn að fylgjast mjög vel með undanfarin tvö ár og ég ber miklar væntingar til hennar en ég vil samt að hún fari rólega. Hún hefur verið í meiðslum í langan tíma og hefur því ekki náð því sem hún hefði getað," sagði Vésteinn. - óój



**Í BANDI Í GEGNUM NETIÐ** Helga Margrét Þorsteinsdóttir á blaðamannafundinum í gær með Frey Ólafssyni, formann frjálsíþróttadeildar Ármanns, við hlið sér og Véstein Hafsteinsson á skjánum í gegnum Skype. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# N1 DEILDIN

# VERIÐ VELKOMIN TIL LEIKS!

**N1 DEILD KARLA**

| | | |
|---|---|---|
| Valur – Haukar | 29. sept. | kl. 20:30 |
| HK – Akureyri | 30. sept. | kl.18:30 |
| Fram – Selfoss | 30. sept. | kl.19:30 |
| FH – Afturelding | 30. sept. | kl.19:30 |

**N1 DEILD KVENNA**

| | | |
|---|---|---|
| Valur – Fram* | 29. sept. | kl. 18:30 |
| ÍR – Stjarnan | 1. okt | kl.18:30 |
| Fram – Haukar | 2. okt | kl.13:30 |
| Fylkir – ÍBV | 2. okt | kl.13:00 |
| FH – HK | 2. okt | kl.16:00 |

Keppni í N1 deild karla hefst með látum í kvöld en á föstudag hjá stelpunum.
Við óskum öllum liðum og stuðningsfólki góðrar skemmtunar í vetur.

*Meistarakeppni HSÍ í Vodafonehöllinni kl. 18:30, þann 29. sept.

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

## > Lucy Hale

„Minn æðsti draumur hefur alltaf verið sá að verða fræg stjarna, af því að ég elska að syngja.“

*Lucy Hale fer með eitt aðalhlutverka í dramaþáttunum Pretty Little Liars sem eru byggðir á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál. Pretty Little Liars er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 20.10 í kvöld.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON FER Í MESSU Í EIGIN KAPELLU

# *Sóknarbarnið í sófanum*

Ég gæti hafið þennan pistil á klisjukenndan hátt og sagt: „Ég fór í messu á sunnudaginn.“ Klisjan í setningunni er ekki sú að alþjóð viti að ég er strangtrúað og kirkjurækið sóknarbarn heldur horfi ég reglulega á fótboltaþáttinn Sunnudagsmessuna á sportstöðvunum eftir umferðir í enska boltanum. Náðuð þið klisjunni? Ég er ekki búinn að fylgjast nógu vel með þessum pistlum undanfarið, en einhver hlýtur að hafa hafið pistil á þessum orðum.

Hvað um það. Sunnudagsmessa Guðmundar Benediktssonar og Hjörvars Hafliðasonar er vel heppnuð



viðbót við annars óaðfinnanlega fótboltadagskrá nánast hverrar helgar. Guðmundur og Hjörvar beita húmornum óspart, en hann er öflugasta vopn sem hægt er að beita ætli maður að fanga athygli manns sem á sér ekki viðreisnar von í sófanum á gráum sunnudegi.

Gestirnir mættu þó oft vera með víðari skírskotun og ekki endilega úr heimi fótboltans. Mér þætti skemmtilegt að sjá fólk sem kæmi á óvart með visku sinni eftir að hafa gert garðinn frægan á öðrum sviðum, svo sem kvikmyndaleik, fyndni eða garðyrkju. Ég er viss um að Guðmundur og Hjörvar taka þessa athugasemd til skoðunar, nú þegar fótboltamenn hafa stigið til hliðar eftir að tímabilinu lauk.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu: Valencia - Man. Utd. Bein úts.** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.30 The Doctors** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50 Canada's Next Top Model** SKJÁR EINN



▶ **21.05 Kiljan** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.30 Nip/Tuck** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Ódáðahraun** (1:3)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var...lífið** (6:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Snillingarnir** (1:28)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (1:42)
**18.29 Gló magnaða** (1:19) Þáttaröð um Gló sem er ósköp venjuleg skólastelpa á daginn en á kvöldin breytist hún í magnaða ofurhetju og berst við ill öfl.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Ljóta Betty** (78:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.
▶**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Preneet Kaur aðstoðarutanríkisráðherra Indlands.
**22.50 Málsvari ógnvalda** (L'avocat de la terreur) Verðlaunamynd um franska lögfræðinginn Jacques Vergès.
**01.05 Kastljós** (e)
**01.45 Fréttir** (e)
**01.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Leonard Cohen. I'm Your Man**
**10.00 The Queen**
**12.00 Bolt**
**14.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**16.00 The Queen**
**18.00 Bolt**
**20.00 Year of the Dog**
**22.00 The Last Boy Scout**
**00.00 Girl, Positive**
**02.00 Flying Dragon, Leaping Tiger**
**04.00 The Last Boy Scout**
**06.00 The Mambo Kings**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (5:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (16:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Gossip Girl** (5:22)
**13.45 Ghost Whisperer** (15:23)
**14.40 E.R.** (18:22)
**15.30 iCarly** (6:25)
**15.53 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Brunabílarnir
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (18:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (21:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (19:20)
**20.10 Pretty Little Liars** (5:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
**20.55 Grey's Anatomy** (1:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg.
**21.45 Medium** (2:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
▶**22.30 Nip/Tuck** (1:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
**23.15 The Closer** (12:15)
**00.00 The Forgotten** (10:17)
**00.45 NCIS: Los Angeles** (6:24)
**01.30 X-Files** (18:24)
**02.15 Grey's Anatomy** (16:17)
**03.00 E.R.** (18:22)
**03.45 Sjáðu**
**04.15 Racing for Time**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk**
**07.40 Meistaramörk**
**08.20 Meistaramörk**
**09.00 Meistaramörk**
**13.25 Veiðiperlur**
**13.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - Endursýndur** leikur í Meistaradeild Evrópu.
**15.40 Meistaramörk**
**16.20 Meistaradeild Evrópu: Rubin - Barcelona** Bein útsending frá leik Rubin Kazan og Barcelona í Meistaradeild Evrópu.
**18.20 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
▶**18.30 Meistaradeild Evrópu: Valencia - Man. Utd.** Bein útsending frá leik Valencia og Man. Utd í Meistaradeild Evrópu. Sport 3: Tottenham - Twente
**20.40 Meistaramörk**
**21.20 Meistaradeild Evrópu: Tottenham - Twente**
**23.10 Meistaradeild Evrópu: Inter - Bremen**
**01.00 Meistaradeild Evrópu: Rubin - Barcelona**
**02.50 Meistaramörk**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Birmingham - Wigan** Enska úrvalsdeildin.
**18.15 Fulham - Everton** Enska úrvalsdeildin.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Football Legends - Maldini** Sýnt frá bestu knattspyrnumönnum samtímans og að þessu sinni er komið að Paolo Maldini.
**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflega og faglega umræða um enska boltann.
**22.55 Man. City - Chelsea / HD** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 The Marriage Ref** (3:12) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna.
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Nýtt útlit** (2:12) (e)
**19.00 Million Dollar Listing** (7:9)
**19.45 Accidentally on Purpose** (4:18) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (2:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
▶**20.50 Canada's Next Top Model** (8:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna og nú hefur stjörnustílistinn Jay Manuel tekið fyrir hlutverki yfirdómara og kynnis þáttanna.
**21.35 Bollywood Hero** (3:3) Bráðfyndin mínísería í þremur hlutum um bandarískan leikara (Chris Kattan) sem á erfitt uppdráttar og tekur tilboði um að leika í Bollywood-mynd á Indlandi.
**22.30 Jay Leno**
**23.15 Law & Order** (22:22) (e)
**00.05 CSI: New York** (9:25) (e)
**00.50 Premier League Poker II** (8:15) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Prófessor Björg Thoroddsen um stjórnlagaþing.
**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis hefur slegið í gegn hjá bíla og mótorhjólaköppum í allt sumar.
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson í heimsókn hjá Hafmynd.
**21.30 Eru þeir að fá hann?** Ungur veiðimaður landar stórlaxi, Bender skoðar lokatölur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55



**Grey's Anatomy**

Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg. Síðustu þáttaröð lauk á mjög dramatískan hátt. Nokkrar af aðalpersónum þáttanna eru nær dauða en lífi eftir skotárás á spítalanum og óljóst er um framtíð þeirra.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Medium**

### Stöð 2 kl. 21.45

Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir. Þessi náðargáfa hennar gagnast lögreglunni vitaskuld við rannsókn málanna og er hún því gjarnan kölluð til aðstoðar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Hliðar saman hliðar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Er enn líf í Hrútadal?
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Flakk
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (16:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cougar Town** (16:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

**23.00 The Shield** (4:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.

**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.15 The Doctors**

**00.55 Falcon Crest II** (16:22)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Cranford **13.05** Keeping Up Appearances **13.35** Keeping Up Appearances **14.05** The Green, Green Grass **14.35** Life of Riley **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** Little Britain **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **19.30** Moses Jones **20.20** Jonathan Creek **21.15** Come Dine With Me **21.40** The Jonathan Ross Show **22.30** EastEnders **23.00** Cranford **23.55** Moses Jones

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Ha' det godt **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Pippi Langstrømpe **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **22.00** Naruto Uncut **22.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** VM sykkel **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens pengebinge **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Okkupasjon **22.40** Filmbonanza **23.10** Ta en Tattoo **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.25** Strictly ballroom - De förbjudna stegen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Elvis i glada Hudik **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Brottet **20.00** Hung **20.30** Nurse Jackie **21.00** X-Games **21.45** Vem tror du att du är? **22.25** Panama **22.55** Eyes Wide Shut






*Stundum þarf að stökkva!*

Tobba Marinós sagði upp störfum hjá Séð & heyrt eftir að ritstjóra blaðsins, Eiríki Jónssyni, var sagt upp störfum.

# Getur einbeitt sér að drykkju á Íslandi

„Mér finnst þetta frábært verkefni þannig að ég var til í að vera með frá upphafi. Ég fékk tölvupóst frá Ragga og Gunnari [Hanssonum] og var búinn að svara samdægurs," segir André Wickström, vinsælasti grínisti Finna.

Wickström kom til landsins á mánudag og kemur fram ásamt hinum danska Frank Hvam og úrvali skemmtikrafta á Kvöldskemmtun Frímanns Gunnarssonar í Háskólabíói í kvöld. Eins og hinir grínistarnir er Wickström einn af þeim sem Frímann heimsækir í þáttunum Mér er gamanmál sem hófu nýlega göngu sína á Stöð 2. Wickström segist aldrei hafa unnið í jafn afslappandi umhverfi og leikaranum Gunnari Hanssyni og Ragnari, leikstjóra og bróður Gunnars, tókst að skapa. En hvernig var að vinna með Frímanni?

„Söguþráður þáttarins var svo góður að það var ekki erfitt að vinna með Frímanni. En hann er mjög sérvitur," segir Wickström og vefst tunga um tönn í leit að fleiri orðum til að lýsa þessum sérstaka karakter.

Wickström kom í fyrstu heimsókn sína til landsins í nóvember á síðasta ári og segist því ekki þurfa að ferðast um landið. „Þá fór ég gullna hringinn og gerði allt þannig að ég þarf ekki að vera svona mikill túristi í þetta skipti," segir hann léttur. „Ég get einbeitt mér að því að drekka ótæpilega sem er kjarni þess að heimsækja Ísland. Ég verð ekki litinn hornauga fyrir að drekka bjór í hádeginu." - afb



**MÆTTUR Á SVÆÐIÐ** Finnski grínistinn André Wickström kemur fram á Kvöldskemmtun Frímanns Gunnarssonar í Háskólabíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og ný skoðanakönnun Fréttablaðsins leiðir í ljós er mikill fjöldi kjósenda óákveðinn í afstöðu sinni til stjórnmálaflokka. Spekingar leiða að því líkur að pláss sé fyrir nýtt framboð á Alþingi, rétt eins og í borginni í vor. **Bubbi Morthens** lýsti yfir í útvarpsþætti sínum, Færibandinu, á mánudagskvöld að hann íhugaði framboð. Það veltir upp spurningunni hvaða Bubbi íhugi framboð. Er það harðskeyttur baráttumaður litla mannsins eða stuðningsmaður auðvaldsins? Fáum við kannski Besta Bubba, sem vill „allskonar" fyrir Reykjavík?



Það styttist óðum í að almenningur fái að sjá spennumyndina Inhale eftir **Baltasar Kormák**, fyrstu kvikmyndina sem leikstjórinn gerir í Ameríku. Diane Kruger, Sam Shepard og Dermot Mulroney leika aðalhlutverkin í þessari mynd sem verður sýnd á Woodstock-kvikmyndahátíðinni á næstunni auk þess sem hún verður lokapunkturinn á Anaheim-kvikmyndahátíðinni í Los Angeles í næsta mánuði. Þar verður Hector Elizondo heiðraður en hann lék einmitt ráðsmanninn í gamanmyndinni Pretty Woman frá árinu 1990.



Nokkrir mánuðir eru liðnir síðan **Elsa María Jakobsdóttir** hætti störfum í Kastljósinu á RÚV en hún hefur síður en svo setið með hendur í skauti. Elsa hefur tekið að sér kynningarstörf fyrir kvikmyndafyrirtækið ZikZak í tengslum við kvikmyndirnar Gauragang og Brim en hún er einmitt unnusta Þóris Snæs Sigurjónssonar, annars stofnanda ZikZaks. Undanfarið hefur Elsa María verið ötul við að kynna vinnufatabúðina Vír sem Sigurjón Sighvatsson er að opna um þessar mundir. Sigurjón er einmitt tengdapabbi Elsu svo ljóst má vera að henni lætur vel að vinna með sínum nánustu.

- afb, fgg, hdm





## Vættir, álfar, goð fornaldar ... sagnir eða veruleiki?

*Fyrirlesarinn og höfundurinn Christopher Vasey frá Sviss kynnir nýja bók sína (í íslenskri þýðingu)*

Erindi (flutt á ensku)
fimmtudaginn, **30. september 2010 kl. 20:00**
**á Radisson Blu Hótel Sögu v/Hagatorg í Reykjavík** Aðgangseyrir er 500 kr.

Skipuleggjandi: Christof Leuze
*Sími:* +354 821 1607 *Netfang:* Christof.Leuze@leuze.de



## Munum eftir að kveikja útiljósin!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Pósthúsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is



**NEW YORK! NEW YORK!** Líney heldur til New York í lok vikunnar og hefur störf á mánudaginn hjá einu stærsta almannatengslafyrirtæki heims. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LÍNEY ARNÓRSDÓTTIR: ÞETTA ER EITT STÆRSTA PR-FYRIRTÆKI HEIMS

# Fórnar öllu fyrir draumastarfið í Bandaríkjunum

„Ég er búin að skrifa undir tveggja ára samning. Ég flýg svo út á sunnudaginn og byrja á mánudaginn," segir markaðssérfræðingurinn Líney Inga Arnórsdóttir.

Líney, sem varð 25 ára gömul í júní, hefur þegið starfstilboð hjá Ketchum, sem er eitt stærsta almannatengslafyrirtæki heims. Allt benti til þess að hertar innflytjendareglur í Bandaríkjunum myndu hindra að hún gæti þegið starfið, en yfirmönnum fyrirtækisins tókst að sannfæra bandarísk stjórnvöld um að enginn væri hæfari í starfið.

„Það gekk upp í þetta skipti. Þeir buðu mér yfirmannsstarf þannig að ég fæ sérstakt landvistarleyfi," segir Líney. „Ég er mjög góð í tölfræði, þó að það hljómi fáránlega. Þannig að þeir sögðu að ég væri einhvers konar tölfræðisnillingur."

> „Þetta verður ógeðslega erfitt. Þetta er eitt stærsta almannatengslafyrirtæki heims og það eru mörg hundruð manns að keppa um hverja stöðu."

Líney starfaði í sumar við skipulagningu You Are in Control-tónlistarráðstefnunnar sem fer fram í Reykjavík um helgina. Hún heldur svo á vit ævintýranna í New York að henni lokinni. Hún útskrifaðist á síðasta ári frá Miami-háskóla í Bandaríkjunum með hæstu einkunn á MA-prófi í almannatengslum. Líney og átta aðrir útskriftarnemar voru valdir úr hópi 700 umsækjenda í starfsnám hjá Ketchum og að því loknu var henni einni boðið áframhaldandi starf.

„Ég lít á þetta sem fjárfestingu í starfsferli mínum," segir Líney. „Þetta verður ógeðslega erfitt. Þetta er eitt stærsta almannatengslafyrirtæki heims og það eru mörg hundruð manns að keppa um hverja stöðu. Ég þurfti að fórna öllu til að fá stöðuna."

Líney er ekki að ýkja enda eru viðskiptavinir fyrirtækisins risar á borð við Kodak, FedEx, IKEA, Nokia og Rússland. „Ég er í alvörunni að fara að vinna með pressuvél Pútíns, sem er svolítið klikkað," segir Líney að lokum í laufléttum dúr.

atlifannar@frettabladid.is

# Gerir mynd með John Hurt

„Þetta er stuttmynd, tekin upp í Cornwall og það er reiknað með sjö dögum í tökum. Ég hef ekki sinnt stuttmyndaforminu nægjanlega vel en það er góður leikari í aðalhlutverkinu og það skiptir miklu máli," segir kvikmyndatökumaðurinn Karl Óskarsson. Hann er á leiðinni til Bretlands eftir tvo daga til að gera stuttmynd með enska stórleikaranum John Hurt. Hurt hefur tvívegis verið tilnefndur til Óskarsverðlauna og hlaut Bafta-verðlaunin fyrir leik sinn í Fílamanninum, kvikmynd sem líður flestum seint úr minni. Það að auki hefur Hurt leikið í stórmyndum á borð við Alien og Midnight Express frá 1978.

Karl kemur reyndar við sögu í kvikmynd sem sýnd er á RIFF, Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. Hún er tékknesk og heitir Þrjár árstíðir í helvíti (3 sezony v pekle) en Karl fékk kvikmyndaverðlaun Tékklands fyrir kvikmyndatöku. „Ég hafði vitað af leikstjóranum, Tomás Masín, í dágóðan tíma. Svo hringdi framleiðandi myndarinnar og bauð mér verkið. Ég hringdi í umboðsmanninn minn og hann sagði mér að handritið hefði legið inni á borði hjá þremur breskum tökumönnum sem vildu ekki fá það af því að myndin væri á tékknesku. En ég sló bara til," segir Karl.



**Á FERÐ OG FLUGI** Karl Óskarsson er nýkominn heim frá London þar sem hann tók upp auglýsingu fyrir Ólympíuleika fatlaðra sem fram fara í London 2012. Og svo er hann að fara að taka upp stuttmynd með John Hurt.

Tékkland er gamalt stórveldi í Evrópu og myndin fjallar um niðurbrot þess, fyrst undir stjórn nasista og svo kommúnista eftir lok seinna stríðs. Karl segist hafa upplifað sérkennilega tilfinningu á meðan á tökum myndarinnar stóð því þær fóru fram á sama tíma og bankakerfið á Íslandi hrundi eins og spilaborg. „Þetta var mjög svipað, að sjá heilt samfélag hrynja smám saman og molna." - fgg




66° NORÐUR

Dickies

finndu okkur á facebook
www.facebook.com/vir

Vír vinnufataverslun
Grensásvegi 8 | Sími 535 6670
Vottaður vinnufatnaður

Vír

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VISIR.IS**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
**LÖGFRÓÐUR – LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU**

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**
Menntavegi 1 | 101 Reykjavík
Afgreiðslutími miðvikudaga frá kl. 17:00–20:00
Sími 777 8409
logfrodur@ru.is
www.logfrodur.ru.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### 12 Tónar ræða við Hörpu

Samningar um rekstur tónlistarverslunar í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu eru á lokastigi, að sögn stjórnenda hússins. Staðsetning verslunarinnar hlýtur að vera eftirsóknarverð enda mun fjöldi erlendra gesta heimsækja Hörpuna eftir að hún verður opnuð í maí á næsta ári. Heimildir Fréttablaðsins herma að **Lárus Jóhannesson** og félagar í versluninni 12 Tónum séu í viðræðum um að taka að sér reksturinn. Þau tíðindi ættu ekki að koma á óvart enda hafa 12 Tónar átt í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands í gegnum tíðina og gefið út mikið af sígildri tónlist.



### Fréttastofan lifir enn … fs

Heilmikið havarí var vegna vatnavaxta í Þórsmörk sem ollu því að um 120 manns urðu þar innlyksa fram á mánudag. Klemenz Geir Klemenzson, skálavörður í Húsadal, hafði nóg að gera í samskiptum sínum við fjölmiðla. Ekki var þess þó getið að í Húsadal sat fastur ferðaklúbburinn NFS. Hann samanstendur af um tuttugu fyrrverandi samstarfsfélögum á fréttastofu NFS á Stöð 2. Þar á meðal voru Haukur Holm og **Siggi stormur**, sem greinilega hafði nef fyrir réttum stað og tíma fyrir óveður. Engum sögum fór hins vegar af Hjálparsveit skáta í Kópavogi, sem á sama tíma sat af sér veðurhaminn í Langadal.

**- fb, jab**



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Kona grýtt í hel
2. Eftirför Tollgæslumanna endaði með árekstri
3. Náðu til Keflavíkur á síðustu dropunum
4. Við erum feit, á þunglyndislyfjum, með klamydíu og skemmdar tennur
5. Skipverji tekinn með smygl á Bústaðavegi
6. Dæmdir til dauða fyrir barnasölu


Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.



# Fyrirtæki og stofnanir athugið

## Eftirfarandi þjónustu bjóðum við **ókeypis:**

1. **Reikningagerð**
   Við höfum bein samskipti við bókhaldskerfi fyrirtækis, prentum út reikninga með merki þess og sendum samdægurs.

2. **Áminningar og eftirfylgni**
   Ef reikningar fást ekki greiddir fara þeir í milliinnheimtu.

3. **Löginnheimta**
   Ef milliinnheimta ber ekki tilskilinn árangur er réttarkerfinu beitt til innheimtu vanskilakrafna.

PIPAR\TBWA • SÍA • 102269

INKASSO

inkasso.is

**INKASSO ehf** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is